VINSÆLUSTU BARIR SUMARSINS

Leiðarvísir fyrir þá sem vilja fara á svölustu staði bæjarins










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júní 2008 — 175. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


SUNNUDAGUR



**BESTA TÍMAKAUP SEM ÉG HEF HAFT**

Tattúfólkið úr Bingó-þætti Villa Naglbíts ber húðflúrið með stolti.

FÓLK 30




VEÐRIÐ Í DAG




**NORÐANÁTTIR** Í dag verða norðan 5-10 m/s víðast hvar. Rigning norðaustan og austan til, stöku skúrir norðvestan til en bjart með köflum syðra með síðdegis-skúrum. Hiti 6-14 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4



**Í NAFNI NÁTTÚRUNNAR** Jónsi í Sigur Rós kærir sig kollóttan um skort á gítarstrengjum, meðan Björk slær taktinn á Náttúrutónleikunum í Laugardalnum í gær. Talið er að allt að 30 til 40.000 manns hafi lagt leið sína í dalinn í veðurblíðunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Háskólamenn semja um 20.300 króna hækkun

**Samkomulag náðist í kjaraviðræðum 23 stéttarfélaga háskólamanna við ríkið í gærkvöld. Háskólamenn fá jafnframt endurskoðun á starfsmenntunarmálum.**

**VINNUMARKAÐUR** Samkomulag hefur náðst milli 23 stéttarfélaga í BHM-samstarfinu og fjármálaráðuneytisins um framlengingu á kjarasamningum til marsloka á næsta ári. Félagsmennirnir fá, að sögn Gunnars Björnssonar, formanns samninganefndar ríkisins, krónutöluhækkun upp á 20.300 krónur eða sömu krónutöluhækkun og samið var um í febrúar. Í yfirlýsingu frá BHM segir að laun hækki um rúm sex prósent að meðaltali frá 1. júní.

Misjafnt er milli félaga hvernig krónutöluhækkunin kemur út. Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður BHM, vildi í gærkvöld ekki upplýsa hvaða hópar fengju mesta hækkun og hverjir minnsta.

Gunnar segir að hækkunin sé á bilinu fjögur til átta prósent eftir félögum. Vísindasjóður sé lagður niður og það komi til hækkunar á launatöflu. Samkomulagið felur einnig í sér endurskoðun á starfsmenntunarmálum.

Guðlaug segir að félagsmennirnir taki á sig kjaraskerðingu í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar. „Við völdum skásta kostinn í þeirri þröngu stöðu sem við vorum í,“ segir hún.

Ljósmæður hafa sagt sig úr BHM-samstarfinu. Bára Hildur Jóhannsdóttir, formaður kjaranefndar, segir að þær vilji að ríkið meti meistaranám þeirra í launum og grípa þurfi til aðgerða til að sporna við fækkun í stéttinni.

Samkomulag BHM nær til um fimm þúsund launþega. - ghs

Edda Rós Karlsdóttir:

## Vill skoða ESB-aðild tafarlaust

**EVRÓPUMÁL Það er löngu tímabært að vinna fordómalausa úttekt á helstu kostum og göllum Evrópusambandsaðildar, eigi Ísland ekki að dragast aftur úr öðrum þjóðum. Þetta kemur fram í grein Eddu Rósar Karlsdóttur, forstöðumanns greiningardeildar Landsbankans, í Fréttablaðinu í dag.**

**Edda Rós segir alþjóðlegu fjármálakreppuna óvenju mikla hér á landi. „Þessi staða lýsir í hnotskurn stöðu Íslands í breyttum heimi og er í sjálfu sér nægjanleg rök fyrir því að skoða inngöngu í efnahagsbandalag án tafar. Mér finnst Evrópusambandið hljóta að vera fyrsti kosturinn í því sambandi.** - bs / sjá síðu 8

Maður með hníf og barefli ógnaði fólki að börnum aðsjáandi í Grímsey:

# Vopnaður maður ógnaði fólki

**LÖGREGLUMÁL** Sérsveit lögreglunnar var kölluð til Grímseyjar um klukkan sex í gærdag til að handtaka drukkinn mann sem hótaði fólki með hnífi og grjóthnullungi. Maðurinn var í byrjun mánaðarins dæmdur í tuttugu mánaða fangelsi í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir þrjár hnífstungur, alvarlegar líkamsárásir og fíkniefnabrot.

Að sögn sjónarvottar hafði ölvaður maðurinn verið með háreysti og hótanir á tjaldsvæðinu á staðnum í fyrrinótt. Um klukkan sex síðdegis í gær varð hann sér úti um hníf í fiskihúsi á innri-bryggjusvæðinu, þar sem meðal annarra voru stödd börn í ratleik og bátasjómenn að störfum. Maðurinn gekk um með hnífinn og ógnaði fólki, og gerði tilraun til að stinga einn mann. Sá náði hnífnum af tilræðismanninum með snarræði. Dró hann þá upp grjóthnullung og hélt áfram hótunum í um 45 mínútur, þar til þyrla með sérsveitarmönnum frá Akureyri lenti í eyjunni og yfirbugaði manninn.

Óvenju margt fjölskyldufólk var statt í Grímsey í gær vegna tíu ára mótsafmælis Sjóstangafélags Akureyrar. Sjónarvotturinn sagði mikla hræðslu hafa gripið um sig meðal fólks, en þó aðallega yngstu barnanna sem urðu vitni að tilburðum mannsins.

Garðar Ólason, sveitarstjóri Grímseyjar, segir fólk hafa verið harmi slegið yfir hegðun mannsins. „Við erum ekki vön svona löguðu hér í Grímsey. Þetta er eitthvað sem gerist ekki nema á tíu eða tuttugu ára fresti,“ segir Garðar.

Maðurinn gisti fangageymslur lögreglunnar á Akureyri í nótt. - kg







SPURNING DAGSINS



*Margrét, skorarðu á alla?*

„Já, ég skora á alla sem mark er á takandi að setja mark sitt á leik landsliðsins og mæta á völlinn.“

Margrét Lára Viðarsdóttir knattspyrnukona hefur skorað í öllum sjö leikjum íslenska landsliðsins í undankeppni EM og þréttán mörk í þeim átta landsleikjum sem hún hefur spilað á árinu.

REI semur við Alþjóðabankann um fjármögnun hagkvæmnisathugunar í Djibútí:

# Fær fjórar milljónir dollara

**ORKUMÁL** Reykjavík Energy Invest, REI, hefur samið við Alþjóðabankann um koma að fjármögnun hagkvæmniathugunar í Djibútí með fjögurra milljóna Bandaríkjadala framlagi. Könnuð verður hagkvæmni þess að virkja jarðhita í Djibútí.

Kjartan Magnússon, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur og REI, segir að verið sé að skoða frekari fjármögnunarmöguleika, fyrirtækið sé í viðræðum við ýmsa sjóði og alþjóðastofnanir. Hann nefnir sem dæmi Evrópska fjárfestingabankann.

Hagkvæmniathugunin er þegar hafin en stefnt er að því að fara í útboð í haust og þá á fjármögnunin að liggja fyrir fyrir.



KJARTAN MAGNÚSSON

„Ef verkefnið tekst ekki þá fellur þetta framlag niður en ef verkefnið tekst vel þá hefur Alþjóðabankinn rétt til að breyta þessu framlagi í hlutafé,“ segir hann.

Ekki er vitað til fulls hvað hagkvæmnisathugunin kemur til með að kosta. Segja má að hún sé að hluta til hafin en aðalkostnaðurinn liggur í borunum og borunarútboð á sér stað um þessar mundir. Kjartan segir að kostnaðurinn við athugunina komi í ljós.

„Alþjóðabankinn er fyrsti aðilinn í þessum geira sem er tilbúinn til að koma með okkur í þetta verkefni og það er ánægjulegur árangur út af fyrir sig,“ segir hann. „Markmið okkar er að vera ekki með mikla áhættu í verkefnum.“

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi segir að fyrri yfirlýsingar standi, Orkuveitan eigi að draga sig út úr þessum verkefnum. - ghs

Knattspyrnuóður glæpon:

# Náðist vegna fótboltaáhuga

**TYRKLAND** Tyrkneskur fjárglæframaður á flótta undan réttvísinni í Þýskalandi var handtekinn eftir að lögregla þekkti andlit hans á ljósmynd í dagblaði. Á myndinni, sem var tekin á bar í München, sást maðurinn skemmta sér yfir knattspyrnuleik með landsliði Tyrkja.

Lögreglumenn sem rannsökuðu fjársvikamál mannsins þekktu andlit hans umsvifalaust á myndinni. Ljósmyndarinn sagði þeim hvar umræddan bar væri að finna. Er maðurinn var handtekinn sagðist hann hreinlega ekki hafa getað staðist að kíkja á barinn og horfa á leikinn. - kg

Jón Ásgeir Jóhannesson:

# Baugur flytur félög úr landi

**VIÐSKIPTI** Baugur mun á næstunni flytja einhver íslenskra félaga sinna úr landi. Þetta staðfesti Jón Ásgeir Jóhannesson, starfandi stjórnarformaður Baugs, í viðtali í sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Jón Ásgeir segist einnig muni segja sig úr stjórnum allra félaga Baugs sem verða áfram innanlands innan fjögurra mánaða.

Þá segist Jón Ásgeir vera að íhuga að fara í skaðabótamál gegn ríkinu. Hann segir Jóhannes föður sinn harðákveðinn í að fara í skaðabótamál, enda hafi hann þurft að ganga í gegnum Baugsmálið í fimm ár. - kg

Verslunarkeðjan Ilva:

# Opnar hér þrátt fyrir gjaldþrot

**VERSLUN Verslunarkeðjan Ilva í Bretlandi hefur verið lýst gjaldþrota og hefur þremur verslunum keðjunnar þar verið lokað. Ómar Scheving, framkvæmdastjóri Ilva á Íslandi, segir að gjaldþrotið hafi engin áhrif á starfsemina á Norðurlöndum.**

**Fyrirhugað er að opna útibú Ilva á Korputorgi í haust. „Þetta eru tvö fyrirtæki rekin í Bretlandi og Skandinavíu og það er verið að loka verslununum í Bretlandi,“ segir Ómar.**

**Ilva er upprunalega dönsk húsgagnakeðja sem hefur starfað í áratugi á Norðurlöndum en aðeins í rúm tvö ár í Bretlandi.** - ghs

LÖGREGLUFRÉTTIR

**Pylsuþjófnaður mistókst**

Unglingspiltar voru gripnir glóðvolgir við að brjótast inn í pylsuvagn á Akureyri aðfaranótt laugardags. Þeir höfðu ekkert upp úr krafsinu og þykir málið upplýst.

# Ekkert olíuskip lengur í eigu þjóðarinnar

**Ekkert íslenskt olíuskip er lengur í eigu Íslendinga. „Dapurlegt“ segir samgönguráðherra sem hefur löngum verið áhugamaður um strandsiglingar. Kafla í íslenskri skipasögu er lokið segir framkvæmdastjóri Olíudreifingar.**

**SAMGÖNGUMÁL** Olíuflutningaskipið Keilir, sem var eina slíka skipið í eigu Íslendinga, var í sinni síðustu ferð umhverfis landið í liðinni viku og er komið til Danmerkur þar sem nýir eigendur hafa tekið við því.

„Þar með lauk þeim hluta í íslenskri skipasögu,“ segir Hörður Gunnarsson, framkvæmdastjóri Olíudreifingar sem átti skipið, sem var selt fyrir um mánuði.

„Það er mjög erfitt að vera að gera út eitt skip og þurfa að reyna að afla vinnu fyrir það 200 daga á ári þar sem verkefnin hérlendis taka ekki nema 110 til 120 daga á ári,“ segir hann. „Einnig hefur dregið úr verkefnum síðan olíuverð fór að hækka og hafa sífellt fleiri útgerðarfyrirtæki byrjað að nota svartolíu en við fluttum lítið af svartolíu með Keili.“

Keilir hefur bæði flutt olíu til fjölmargra staða á landsbyggðinni en einnig flutt olíu hingað til lands frá Noregi og Svíþjóð. Þau erlendu skip sem flytja olíu hingað eru of stór til að koma til hafnar á fjölda þessara staða á landsbyggðinni svo ekkert skip fer með olíu þangað eins og staðan er nú. „Við munum hugsanlega leigja skip í staðinn fyrir Keili. Við munum taka ákvörðun um það á næstu tíu dögum,“ segir Hörður.

„Þetta er dapurlegt,“ segir Kristján Möller samgönguráðherra. Hann lýsti því yfir fyrir nokkrum árum að honum væri umhugað um að koma strandflutningum á þar sem þeir séu þjóðhagslega hagkvæmir. „Ég er ennþá áhugamaður um strandsiglingar en helst hefði ég viljað að þær gengju á markaðslegum forsendum en ef svo er ekki verður að skoða aðrar leiðir,“ segir hann.



**OLÍUFLUTNINGASKIPIÐ KEILIR** Síðasta olíuflutningaskip Íslendinga er nú komið til Dana. Ekkert olíuflutningaskip kemst því til fjölmargra dreifingaraðila á landsbyggðinni eins og staðan er í dag.

> Ég er ennþá áhugamaður um strandsiglingar en helst hefði ég viljað að þær gengju á markaðslegum forsendum en ef svo er ekki verður að skoða aðrar leiðir.“
>
> KRISTJÁN MÖLLER
> SAMGÖNGURÁÐHERRA

Kristján segir að ekki sé að vænta útboðs á ríkisstyrktum strandflutningum.

„Það var gerð tilraun í fyrra til að koma hér á alþjóðlegri skipaskrá og að koma til móts við skipafélög með skattaafslætti og slíku en það var ekki hljómgrunnur fyrir því hjá fyrirtækjunum þar sem þetta gengi of skammt og kæmi of seint.

Mér er hins vegar spurn hvort vandi strandsiglinga hérlendis sé sá að sömu aðilarnir skuli flytja vöruna til og frá landinu og eiga jafnframt tvö stærstu landsflutningafyrirtækin.“ Þar á hann við Samskip og Eimskip.

jse@frettabladid.is



**SKEMMDARVERK** Tjald ÍBV liggur niðri. KR-tjaldið stendur enn.

MYND/ÓSKAR PÉTUR FRIÐRIKSSON

Skemmdarverk á Shell-móti:

# Tjald lagt í rúst í skjóli nætur

**LÖGREGLUMÁL „Hér hafa greinilega verið sjúkir menn að verki,“ segir Einar Friðþjófsson, framkvæmdastjóri Shell-mótsins í knattspyrnu. Tjald með aðstöðu fyrir keppnislið ÍBV á mótinu, fjölskyldur og þjálfara var lagt í rúst við Týsheimilið inn við Hásteinsvöll snemma í gærmorgun. Ekki var snert á tjaldi KR-inga, sem stóð við hliðina á ÍBV-tjaldinu.**

**Í fyrrinótt var slegið upp dansleik fyrir fararstjóra og foreldra keppenda á mótinu. Tjaldið umrædda stóð enn þegar ballinu lauk um þrjúleytið. Einar segir ekki vitað hverjir voru að verki.** - kg

Óhamingja á hamingjudögum:

# Ölvun og átök

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn höfðu í nógu að snúast á svokölluðum Hamingjudögum í Hólmavík aðfaranótt laugardags. Mikið var um ölvun, bæði meðal unglinga og fullorðinna. Nokkuð bar á slagsmálum og sérstaklega sló í brýnu milli heimamanna á svæðinu og aðkomumanna.

„Lögreglumenn voru töluverðan tíma að stilla til friðar á milli hópanna og þurfti að keyra fjóra menn til síns heima“ segir lögreglumaður á svæðinu. Engin alvarleg mál komu þó til kasta lögreglu. - ges


Fjörið heldur áfram!

Tvær glænýjar bækur um krakkana í East High-skólanum sem tilvaldar eru fyrir sumarfríið. **Skólasöngleikurinn 2** byggir á sjónvarpsmyndinni vinsælu og tómstundabókin **Klappað og klárt** er stútfull af fróðleik, persónuleikaprófum og þrautum tengdum East High-stjörnunum.




Edda Síðumúla 28 • 108 Reykjavík • Sími 522 2000


Kiwanisklúbburinn Höfði í Grafarvogi styrkir Rakel Árnadóttur til Danmerkur:

# Biðja að heilsa drottningunni

**LÍKNARMÁL** „Skemmtu þér vel í kóngsins Köben. Við biðjum að heilsa drottningunni,“ sagði Kristinn Kristinsson, forseti Kiwanisklúbbsins Höfða í Grafarvogi, þegar hann afhenti Rakel Árnadóttur 100.000 króna styrk í Danmerkursjóð hennar. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í síðustu viku stendur Rakel, sem er fötluð vegna heilalömunar (cerebral palsy), fyrir fjársöfnun til að komast í ferðalag til Danmerkur í sumar.

Rakel var þeim Höfða-mönnum afar þakklát fyrir þessa rausnarlegu aðstoð. Hún sagðist vera farin að hlakka mikið til ferðarinnar, enda ein mesta áhugamanneskja um Danmörku á landinu.

Kristinn las umfjöllun Fréttablaðsins um söfnun Rakelar. Klúbburinn ákvað í framhaldinu að veita henni aðstoð. „Við sáum að þarna var á ferð Grafarvogsbúi sem þurfti á hjálp að halda. Það er okkur ljúft og skylt að veita hana og gaman að Rakel komist í draumaferðalagið sitt,“ segir Kristinn.

Höfði hefur starfað í átján ár og styrkir margvísleg málefni í Grafarvogi og víðar. Klúbburinn er meðal annars styrktaraðili sérnámsbrautar í Borgarholtsskóla og umsjónaraðili barnaklúbbs í Engjaskóla, auk þess að styðja dyggilega við langveik börn, sambýli fatlaðra og ýmis félagasamtök. Meðlimir eru 32 talsins og Kristinn hvetur alla sem hafa áhuga á starfi klúbbsins að hafa samband og kynna sér málið. - kg



**STYRKUR** Fulltrúar Kiwanisklúbbsins Höfða, þeir Jakob Marinósson, Sigurður Pálsson, Kristinn Kristinsson forseti og Hjörleifur Jónsson, afhenda Rakel styrk upp á 100.000 krónur. fréttablaðið Valli

# SKUTLAÐU

# MINNA

## taktu strætó

Prófaðu leiðarvísinn á nýrri heimasíðu, strætó.is
og finndu stystu leiðina milli A og B.




Sumarkortið er upplagt fyrir þá sem vilja spara enn frekar. Fyrir 9.000 kr. getur þú ferðast að vild með strætó til 31. ágúst.

strætó.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS STR 42721 06/2008

## GENGIÐ 27.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 81,33 | 81,71 |
| Sterlingspund | 161,64 | 162,42 |
| Evra | 128,07 | 128,79 |
| Dönsk króna | 17,172 | 17,272 |
| Norsk króna | 16,042 | 16,136 |
| Sænsk króna | 13,611 | 13,691 |
| Japanskt jen | 0,764 | 0,7684 |
| SDR | 132,52 | 133,3 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
164,5723
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherra úrskurðar að nýju hvort vatnsverksmiðja þurfi í umhverfismat:

# Málinu hraðað í ráðuneytinu

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðherra mun úrskurða að nýju um hvort vatnsverksmiðja Icelandic Water Holding í Þorlákshöfn þurfi í umhverfismat. Ráðuneytisstjóri segir að reynt verði að hraða málinu en það fari í hefðbundið ferli.

Umhverfisráðherra úrskurðaði að vatnsverksmiðjan skyldi í umhverfismat og byggði þann úrskurð að verulegu leyti á umsögn Orkustofnunar. Þar kom fram að vatnsverksmiðjan muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Forsvarsmenn verksmiðjunar óskuðu í kjölfarið eftir því að úrskurðað væri að nýju. Eins og fram kom í Fréttablaðinu veitti Orkustofnun nýja umsögn vegna þeirrar beiðni. Þar kom fram að ekki væri lengur talið að verksmiðjan hafi umtalsverð umhverfisáhrif. Var sú niðurstaða sögð byggð á nýjum upplýsingum. Eigendur verksmiðjunnar mótmæltu því að um nýjar upplýsingar væri að ræða og sögðu þær hafa legið fyrir þegar Orkustofnun veitti upphaflega umsögn.



**ÞORLÁKSHÖFN** Framkvæmdir við vatnsverksmiðju á Þorlákshöfn eru þegar hafnar, en deilt er um hvort vinna þurfi umhverfismat. MYND/EINAR ELÍASSON

Fram kemur í bréfi frá umhverfisráðuneytinu til lögmanns verksmiðjunnar að byggt á viðsnúningi Orkustofnunar verði úrskurður ráðherra tekinn upp, og úrskurðað að nýju.

Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri segir málið nú fara í hefðbundið ferli. Reynt verði að hraða málsmeðferð og ólíklegt sé að hún taki meira en tvo mánuði, enda búið að vinna málið að miklu leyti áður. **- bj**

Vatnsleysuströnd:

# Bræður teknir vegna þjófnaðar

**LÖGREGLUMÁL** Tveir bræður eru í haldi lögreglunnar á Suðurnesjum eftir að lögreglan var kölluð að verbúð á Vatnsleysuströnd í fyrrinótt. Eigandi fyrirtækis á höfuðborgarsvæðinu taldi sig hafa fundið þar verkfæri sem var stolið frá honum fyrir um vikutíma.

Bræðurnir, sem eru pólskir verkamenn á þrítugsaldri, voru teknir til yfirheyrslu í gær. Þeir hafa dvalist hér á landi um nokkurt skeið og meðal annars unnið á svínabúi. Málið er til rannsóknar og er búist við að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fari með framhald þess. **- ghs**



**HVERASVÆÐI** Nýir hverir mynduðust í Suðurlandsskjálftanum í lok maí.

Jarðskjálftahverir fá nafn:

# Leirgerður og Skálfti stærst

**NÁTTÚRA** Nokkrir hveranna sem mynduðust í jarðskjálftanum á Suðurlandi undir lok síðasta mánaðar hafa verið nefndir.

Sá stærsti fékk nafnið Leirgerður og var það Jörundur Garðarsson á Bíldudal sem átti hugmyndina. Sigurbjörn Búi Baldvinsson kom með nafnið Skjálfti á þann næststærsta. Neðst á svæðinu er svo mórauður leirhver, en hann fékk nafnið Reykjamóri, eftir uppástungu Sigþórs Hallfreðssonar. Loks var helsti vatnshverinn á svæðinu nefndur Hrifla, en þá hugmynd átti Kristján Már Unnarsson. **- ges**

Mugabe sigrar í kosningum:

# Niðurstaðan ekki marktæk

**SIMBABVE Robert Mugabe mun taka við forsetaembætti í dag, en hann bar sigur úr býtum í forsetakosningunum í Simbabve. Kosningarnar hafa verið harðlega gagnrýndar og telja margir að þær hafi verið sjónarspil eitt. Fyrir stuttu dró Tsvangirai, andstæðingur Mugabes, framboð sitt til baka vegna hótana frá fylgismönnum Mugabes.**

**Á fréttavef BBC kemur fram að George Bush Bandaríkjaforseti hafi skipað utanríkisráðherra sínum að stöðva fjárframlög til Simbabve til að mótmæla mannréttindabrotum sem þar eiga sér stað.** **- sm**

# Fær ekki bætur þótt þök fykju af húsum

**Jarðareigandi í Dýrafirði er ósáttur við að beiðni hans um bætur var hafnað eftir að þak fauk af útihúsum í vetur. Tryggingafélagið segir húsin ekki hafa verið tryggingartæk og að átt hefði að veita betri upplýsingar um ástand þeirra.**

**TRYGGINGAR** „Ég er auðvitað ekki sáttur við þetta,“ segir Þorvaldur Jón Ottósson, eigandi að jörðinni Svalvogum í Dýrafirði. Kröfu Þorvalds um bætur vegna skemmda á hlöðu og fleiri útihúsum á jörðinni í vetur eftir að þakið fauk af þeim hefur verið hafnað en hann var vátryggður hjá tryggingafélaginu Verði.

„Ég málaði þökin í fyrra og sá ekkert athugavert við þau þá,“ segir Þorvaldur. „Ég veit hins vegar ekki hvenær í vetur þökin fóru og komst ekki að því fyrr en um síðustu mánaðamót þar sem vegurinn að jörðinni hafði ekki verið ruddur fyrr.“

Þorvaldur er uppalinn að Svalvogum til fjórtán ára aldurs en festi kaup á jörðinni fyrir fjórum árum. Gengið hafði verið frá húseigendatryggingu fyrir húsin á síðasta ári.

Í bréfi sem Þorvaldi Jóni barst vegna málsins segir að við útgáfu tryggingarinnar hafi Vörður ekki haft upplýsingar um ástand útihúsanna en að Þorvaldi hafi borið að upplýsa félagið um það.

Nú hafi félagið hins vegar undir höndum myndir sem sýni að húsin séu með öllu ótæk til tryggingar og að tryggingin hefði ekki verið gefin út hefði vitneskja um ástand húsanna legið fyrir.

Tryggingafélagið bætir að auki einungis tjón sem verður vegna óveðurs, þegar vindhraði nær þrjátíu metrum á sekúndu. Ekki er vitað hvenær tjónið varð og því óvíst hvort óveður geisaði þá. Bótaskyldu var einnig hafnað vegna þess að því er segir í bréfinu frá Verði.



**ÞAKIÐ FOKIÐ** Eigandi var vátryggður og er ósáttur við að tjónið fáist ekki bætt.

Boðist er til þess að greiða til baka iðgjald vegna trygginga á útihúsunum.

Sigurður Óli Kolbeinsson, forstöðumaður tjónasviðs hjá Verði, kveðst ekki vilja tjá sig um málefni einstakra viðskiptavina við fjölmiðla.

„Við förum eftir skilmálum og lögum, það er markmiðið hjá okkur,“ segir Sigurður Óli. „Það er auðvitað ekki daglegt brauð að við höfnum fólki sem verður fyrir tjóni en það gerist alltaf annað veifið.“ **helgat@frettabladid.is**



**ÚTIHÚS** Tryggingafélagið segir útihúsin hafa verið frá upphafi ekki tryggingartæk og hefur beiðni um bætur verið hafnað.

Eldsvoði í skóla á Akureyri:

# Mikið tjón í myndlistarskóla

**BRUNI „Það er hræðilegt að horfa upp á þessa eyðileggingu,“ segir Helgi Vilberg, skólastjóri Myndlistarskólans á Akureyri sem varð illa úti í eldsvoða um miðnætti á föstudagskvöld.**

**„Tjónið er gríðarlegt, miklu meira en ég hélt í fyrstu.“ Í skólanum voru tugir nýrra tölva og fleiri tæki sem skemmdust auk listaverka. „Listaverk eru ómetanleg til fjár en vonandi er hægt að þrífa sótið af einhverjum þeirra.“**

**Helgi var sjálfur fyrstur á vettvang en hann býr við hlið skólans. Greiðlega gekk að slökkva eldinn.** **- ges**

Obama á faraldsfæti í sumar:

# Heimsækir Miðausturlönd

**BANDARÍKIN, AP** Forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins, Barack Obama hyggst ferðast til Miðausturlanda og Evrópu nú í sumar. Obama mun því þurfa að taka sér frí frá kosningabaráttunni á meðan á ferðalaginu stendur. Meðal þeirra landa sem forsetaframbjóðandinn mun heimsækja eru Ísrael, Frakkland og Bretland. **- sm**



**BARACK OBAMA**

**SÓMALÍA**

**Svía og Dana rænt**

Sænska utanríkisráðuneytið hefur fengið upplýsingar um að Svía og Dana hafi verið rænt í Sómalíu. Mannrán eru tíð í landinu og hefur Sómalía verið ríkisstjórnarlaus frá árinu 1991.


Útsalan er hafin



POLARN O. PYRET
Kringlunni • sími 568 1822
www.polarnopyret.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**ÁFRAMHALD Á NORÐANÁTTUM**

Ég hef af því spurnir að Norðlendingar og þeir á Austurlandi séu orðnir þreyttir á tíðum norðan- og austan áttum. Tala þeir um að júní sé hálfónýtur sumarmánuður. Eitthvað er til í þessu og það sem öllu verra er, er að þetta er lítið að breytast a.m.k. svo afgerandi sé.



Á MORGUN
5-18 m/s, hvassast við austurströndina.

ÞRIÐJUDAGUR
8-15 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 22° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 18° |
| Helsinki | 19° |
| Eindhofen | 23° |
| Amsterdam | 21° |
| London | 21° |
| Berlín | 23° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 30° |
| París | 25° |
| Basel | 29° |
| Barcelona | 29° |
| Alicante | 30° |
| Algarve | 30° |
| Tenerife | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.toyota.is




## Þá smælar heimurinn framan í þig

Við hjá Toyota erum stolt af því að hafa verið hluti af íslensku samfélagi í hartnær 40 ár og hlökkum til að takast á við verkefni morgundagsins, með bros á vör. :-)

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota á Íslandi
Nýbýlavegi 2-8
200 Kópavogi
Sími: 570-5070

## KJÖRKASSINN



*Kjörkassinn*

**Telur þú líkur á enn meiri verðbólgu?**

| | |
|---|---|
| Já | 81,7% |
| Nei | 18,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Ertu sammála því að almenn húsnæðislán verði ekki ríkisstyrkt eins og Eftirlitsstofnun Efta vill?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Siglingaleið gæti opnast í Norður-Íshafi ef ísinn heldur áfram að bráðna:

# Bráðum bráðnar ísinn alveg

**VEÐURFAR** „Ísinn við norðurpólinn í miðju Norður-Íshafi mun líklega bráðna í september,“ segir Þór Jakobsson veðurfræðingur. „Rannsóknir bandaríska vísindamannsins Marks Serreze staðfesta það sem flestir hafa talið að þróunin yrði. Sem sagt að ísinn fari mjög svo minnkandi.“ Mark telur helmingslíkur á því að ísinn á pólnum muni bráðna í haust.

„Það sem er merkilegt í þessu er hve snemma þetta gerist. Langtímaspár gerðu ráð fyrir að þetta myndi gerast í kringum árið 2040 en þróunin hefur verið mun hraðari.“

Þór bætir þó við að ísinn sé ekki alfarinn heldur komi hann aftur yfir vetrartímann árlega.

Hann telur að siglingaleið milli Kyrrahafs og Atlantshafs gæti opnast og hvetur Íslendinga til að nýta sér þetta með smíðun uppskipunarhafnar. „Þetta gætu orðið efnahagsleg stórtíðindi. Við megum ekki vera sofandi á verðinum.“

Einar Sveinbjörnsson, kollegi Þórs, gefur lítið fyrir þessa spádóma. „Mér finnst þessar spár vera ótrúverðugar í ljósi þess að flatarmál íssins í Austurgrænlandsstraumnum hefur ekki verið fjarri meðallagi útbreiðslu sinnar nú síðla vetrar og í vor.“ **- ges**



**NORÐURHÖF** Ísinn í Norðurhöfum gæti orðið svo lítill nokkra mánuði ársins að skipaleiðir gætu opnast. Mynd frá NASA

Dæmdar 4,7 milljónir í bætur:

## Fékk töng í auga

**DÓMSMÁL** Rafmagnsfyrirtæki hefur verið dæmt til að greiða fyrrverandi starfsmanni rúmar 4,7 milljónir með vöxtum, eftir vinnuslys sem hann lenti í.

Manninum hafði verið falið að koma fyrir rafmagnsdós í kaffistofu fyrirtækisins.

Dósin var skökk og reyndi hann að rétta hana með töng. Spenna myndaðist og þegar hann sleppti tönginni, eftir að hafa snúið dósinni, þeyttist töngin í auga hans. Afleiðingarnar urðu þær að maðurinn missti sjón á auganu.

Ástæðuna fyrir spennunni taldi hann vera þá að rafmagnsrör, sem rafvírinn var dreginn í, hafi legið skakkt í dósinni. **- jss**



**FH-INGAR** Sigurreifir að úrslitaleiknum loknum.

Shell-mótið í Eyjum:

## FH sigraði HK í úrslitaleiknum

**KNATTSPYRNA** Sjötti flokkur FH stóð uppi sem sigurvegari á Shell-mótinu í Vestmannaeyjum sem haldið var um helgina. Liðið vann HK 2-1 í úrslitaleiknum í gærkvöldi.

Einar Friðþjófsson, framkvæmdastjóri mótsins, er hæstánægður með hvernig til tókst í ár. „Þetta gekk eins og í sögu og ég er mjög ánægður. Við vorum að þreifa fyrir okkur með nýtt keppnisfyrirkomulag, sem miðar að því að leikirnir verði jafnari. Einnig styttum við mótið um einn dag. Þessar breytingar virðast hafa fallið vel í kramið,“ segir Einar. **- kg**

Norður- og austurland:

## Frost og slydda á hálendinu

**VEÐURFAR Kalt var í veðri á Norðausturlandi og á hálendinu í fyrrinótt og í nótt. Björn Sævar Einarsson veðurfræðingur segir að víða hafi verið við frostmark í hærri byggðum þar. Eins stigs frost hafi verið á Kili og Sprengisandi. „Það var víða slydda til fjalla,“ segir hann.**

**Við Markarbrú var 1,2 stiga hiti og fjögur stig við Mývatn.**

**Björn Sævar segir að hret komi reglulega í júní til júlí. „Þetta er ekkert rosalega óvanalegt,“ segir hann, „en þetta er náttúrulega kuldakast.“**

**Búist var við að áfram yrði svalt en svo færi hlýnandi þótt spáð væri norðaustanátt næstu daga.** **- ghs**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrír í annarlegu ástandi**

Lögreglan á Borgarnesi stöðvaði tvo menn fyrir akstur undir áhrifum kókaíns aðfaranótt laugardags. Einn til viðbótar var tekinn fyrir ölvunarakstur í umdæminu.

# Tugþúsundir í dalnum

**Mikill mannfjöldi skemmti sér konunglega í Laugardalnum á tónleikum í nafni náttúru Íslands í gær. Talið er að á þriðju milljón hafi fylgst með á netinu.**

**MENNING** Talið er að á milli þrjátíu og fjörutíuþúsund manns hafi lagt leið sína í Laugardalinn í gær á tónleika undir yfirskriftinni Náttúra. Tónleikarnir stóðu frá klukkan 18 og lauk ekki fyrr en á ellefta tímanum. Gestir voru á öllum aldri og nutu þess sem fram fór á sviðinu. Tilgangur tónleikanna var að vekja fólk til aukinnar vitundar um umhverfismál.

„Stemningin var framar okkar björtustu vonum,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir leikkona og einn af skipuleggjendum hátíðarinnar. „Gestir á öllum aldri skemmtu sér frábærlega og veðrið lék við okkur.“

Fyrsta atriðið á tónleikunum var samstarfsverkefni Ghostigital og Finnboga Péturssonar undir nafninu Radium. Næst steig Ólöf Arnalds á stokk og því næst tróð Sigur Rós upp. Rúsínan í pylsuendanum var svo sjálf Björk Guðmundsdóttir. Talið er að á þriðju milljón manna um allan heim hafi horft á tónleikana á vef National Geography. **- ges**



AND BJÖRK, OF COURSE Björk sveik ekki aðdáendur sína um frábært samspil tóna og sviðsframkomu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



INNLIFUN Þessi ungi sveimhugi lifði sig inn í tónlistina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



UNGIR ÁHORFENDUR Gestir voru á öllum aldri og þessi ungmenni fylgdust með í andakt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



LAUGARDALUR TIL LUKKU Laugardalurinn leit mikilfenglega út í veðurblíðunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR**

**auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum vegna ársins 2009.**

Þjóðhátíðarsjóður, sem starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977 með áorðnum breytingum, var stofnaður í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi 1974.

**Tilgangur sjóðsins er:**

- að veita styrki til stofnana og annarra aðila, er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf.

Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna, sem styrkt eru, en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Á næstu þremur árum frá og með árinu 2008 mun sjóðurinn hafa um 30 m.kr. á ári til úthlutunar styrkja. Úthlutunum úr sjóðnum lýkur að þeim tíma liðnum, þ.e. 2010 vegna ársins 2011 og er þá reiknað með að sjóðurinn hafi þegar úthlutað öllu fé sínu í samræmi við tilgang hans.

**Umsóknir**

Gerðar eru skýrar faglegar kröfur til umsækjenda.
Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum.
Þau má finna á vefsíðu Seðlabanka Íslands
http://www.sedlabanki.is/?PageID=28. Enn fremur má nálgast eyðublöð í afgreiðslu Seðlabankans, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.
**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2008** og er stefnt að því að úthlutað verði úr sjóðnum 1. desember 2008 með athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Umsóknir skal senda Þjóðhátíðarsjóði, Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

**Nánari upplýsingar veitir ritari sjóðsins í síma 569 9622 eða netfanginu: thjodhatidarsjodur@sedlabanki.is.**
**Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs**


Börn skrifa á skilti sem sett hefur verið upp í garðinum við Bústaðakirkju:

# Biðja brennuvarga vægðar

**MÓTMÆLI** Tvisvar sinnum hefur verið kveikt í skraufþurrum mosagróðri í garðinum hjá Bústaðakirkju á liðnum dögum. Börn, búsett í nágrenni við garðinn hafa af því tilefni skrifað á skilti, þar sem þau biðja fólk um að fara varlega með eld í garðinum. Skiltið hefur síðan verið sett niður rétt hjá stöðunum þar sem reynt var að kveikja í.

Á skiltið hafa börnin skrifað eftirfarandi skilaboð með sínum hætti:

„ELDHÆTTA
Vinsamlega EKKI henda sígarettum og kveikjurum í gróðurinn svo þá brenni ekki húsin.
Kveðja, krakkarnir í Litlagerði og Skógargerði.“ **- jss**



**SKILTIÐ** Þetta skilti stendur rétt við staðina þar sem eldur hefur brennt mosa en ekki náð að breiðast út að marki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


KJARNAFÆÐI
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ...
BRAGÐIÐ SEM ÍSLENDINGAR ELSKA
GRILL
LEIKURINN
WWW.KJARNAFAEDI.IS
DREGIÐ ÚT Á BYLGJUNNI
BYLGJAN 989
ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
VELDU GÆÐI
VELDU KJARNAFÆÐI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Íslenska eyðsluklóin og kreppan:

## Hamfarir í sjónmáli

JÓN KALDAL SKRIFAR

Kreppa, skelfileg staða krónunnar og verðhækkanir hvert sem litið er. Þótt sólin skíni skært þessa dagana er þungskýjað yfir þjóðmálaumræðunni. Engar líkur eru á að birti yfir heimilisbókhaldi landsmanna á næstu misserum. Ástandið á bara eftir að versna. Ómögulegt er að spá um hvenær fer að birta aftur.

Það eina sem hægt er að spá um með vissu er að töluverðar hamfarir eru framundan í íslensku viðskiptalífi. Stór fyrirtæki munu skipta um eigendur, önnur munu hverfa af sjónarsviðinu. Áhrifin munu teygja sig víða. Síðasta niðursveifla hófst þegar netbólan sprakk 2001 og gekk yfir tiltölulega hratt. Afleiðingarnar voru þó varanlegar á gróin og nafntoguð fyrirtæki á borð við Tæknival, Heimilistæki og Samvinnuferðir-Landsýn. Uppskipti urðu líka í fjölmiðlageiranum. Frjáls fjölmiðlun, útgefandi DV, varð gjaldþrota og Norðurljós, móðurfélag Stöðvar 2, skipti um eigendur. Sprotafyrirtækið efnilega OZ þurrkaðist út.

Það er dálítið eins og þjóðin hafi gleymt þessum þrengingum í því mikla góðærisstuði sem hefur ríkt undanfarin ár. Nú er eins og liggi mest á því að finna hverjum niðursveiflan er að kenna. Og það er vinsælt að skamma bankana. Jafnvel er látið eins og þeir beri mikla ábyrgð á vondri stöðu þjóðarbúsins og eitthvað óeðlilegt sé við hrun krónunnar.

Þegar allt er komið í kaldakol er það algengt viðbragð að hefja leit að sökudólg. Þjóðin þarf þó ekki að leita langt í þetta skiptið. Hún finnur hann í speglinum inni á baðherbergi. Árið 2005 var sett met í halla á viðskiptum við útlönd. Hallinn var 16,5 prósent af landsframleiðslu og átti sér ekki hliðstæðu meðal OECD-ríkjanna. Okkur tókst þó að stórbæta þetta vafasama met strax árið eftir þegar viðskiptahallinn sló nálægt 26 prósentum. Það ár var ójöfnuðurinn í vöruskiptum við útlönd 300 milljarðar. Megnið af því, eða um tveir þriðju, voru vegna neyslu íslensku eyðsluklóarinnar, ekki varanlegra fjárfestinga á borð við stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan.

Auðvitað eiga bankarnir sinn hlut í því hvernig komið er. Innstreymi ódýrs lánsfjár að utan í gegnum bankana magnaði sannanlega spennuna. En það er ekki bönkunum að kenna þótt fjölmargir hafi notað húsin sín eins og hraðbanka. Húsnæðislánin voru endurfjármögnuð, veðsetning hækkuð með hagstæðari lánum og mismuninum eytt í flatskjái, fellihýsi, og nýja eldhúsinnréttingu.

Það hlaut að koma að skuldadögum eins og ýmsir bentu reyndar á með góðum fyrirvara. Einn af þeim var Þorvaldur Gylfason hagfræðingur sem skrifaði þetta í tímaritið Herðubreið fyrir ellefu mánuðum: „En vísbendingin er eigi að síður skýr: gengi krónunnar hlýtur að falla og það verulega ... Hvenær fellur gengið? Hversu mikið? Það veit enginn. Hitt er næsta víst, að skellurinn getur komið illa við suma þeirra, sem ugga ekki að sér og halda að allt sé í himnalagi.“ Þegar þessi orð birtust stóð gengisvísitalan í 114 og evran var 84 krónur. Nú er vísitalan í 165 og evran kostar 129 krónur.

Því lengur sem fylleríið stendur yfir, því verri verða timburmennirnir. Þegar þeir berja svona fast er kjörið að velta fyrir sér hverju er um að kenna: Þeim sem við kusum til að skipuleggja partýið? Þeim sem kostuðu búsið? Eða okkur sjálfum fyrir að velja ekki aðra til að stjórna og ekki síst fyrir að drekka svona mikið?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ef maður ber sig eftir Björgvini...**
Innsenda greinin „Kvótakerfið er blettur á íslensku þjóðinni“, þar sem ríkisstjórnin fær kaldar kveðjur, vakti athygli margra lesenda laugardagsmoggans. Ekki síst fyrir þær sakir að með greininni fylgdi mynd af Björgvini Guðmundssyni, viðskiptaritstjóra blaðsins, og þannig gefið til kynna að hægrimaðurinn og fyrrverandi formaður Heimdallar væri höfundur greinarinnar. Kunnugt er að klofnings hefur gætt milli frjálshyggjumanna og hægrikrata í Heimdalli undanfarin ár. En líklega hefur mörgum þótt nóg um að klofningur ætti sér stað í einum og sama manninum. Sú var þó ekki raunin, heldur var alnafni Björgins ábyrgur fyrir greininni. Þarna var einungis á ferð eitt skemmtilegasta dæmið um myndabrengl Morgunblaðsins í háa herrans tíð, eða síðan plastönd var sökuð um ótrúlegustu hluti á forsíðu fyrir nokkrum vikum.



**Aðkallandi baráttumál**
Breska söngkonan Amy Winehouse söng baráttuslagarann „Free Nelson Mandela“ á afmælistónleikum frelsisleiðtogans í gær og þótti heldur seint í rassinn gripið. Spurning er hvort Björk okkar hefði ekki átt að fara að fordæmi Amy á Náttúruverndarhljómleikunum í Laugardalnum og syngja „Allt sem við viljum er handritin heim“. Sigur Rós hefði þá getað tekið spánnýja útgáfu af slagaranum „Í landhelginni (12 mílur)“, sem Haukur Morthens gerði vinsælt í Þorskastríðinu.

**Það er fyndið að búa í Kópavogi**
Verktakafyrirtækið Klæðning bauð 66.666.666 krónur í gatnagerðarverkefni í Hafnarfirði. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins sagði þetta heiðarlega tilraun til að vera fyndinn, en margir spyrja sig í hverju grínið felist eiginlega. Fyrirtækið var áður í eigu Gunnars Birgissonar, bæjarstjóra í Kópavogi, en í fyrra ýjaði Mannlíf að því að hann ætti enn stóran hlut í fyrirtækinu. Skemmst er að minnast annars 666 gríns Kópavogsbúa, þegar Smáralindin var vígð 10. október 2001 klukkan 10:10. Þeir sem þekkja tvíundarkerfið áttu þá auðvelt með að reikna út hvað 1010011010 þýðir. Er Gunnar að reyna að segja okkur eitthvað?



kjartan@frettabladid.is

# Súkkulaðikleina í samfélagi þjóðanna



Eftir Eddu Rós Karlsdóttur

Ísland hefur um árabil verið súkkulaðikleina í samfélagi þjóðanna. Við stöndum utan stóru efnahagssambandanna en höfum samt náð undragóðum samningum um fríverslun og aðgengi að mörkuðum Evrópu. Við ferðumst frjáls um flest lönd veraldar og við höfum mörg menntað okkur erlendis, jafnvel á kostnað þarlendra skattgreiðenda. Þessi staða hefur verið möguleg í krafti fólksfæðar og lítils efnahagslegs mikilvægis. Viðskipti, vísindi og listir hafa blómstrað í þessu umhverfi og fært okkur mikla hagsæld.

Hraður vöxtur og útrás Íslendinga hefur smátt og smátt breytt stöðu okkar. Íslensk fyrirtæki hafa sum náð verulegri alþjóðlegri markaðshlutdeild á sínu sviði og hafa jafnvel átt þátt í að breyta skipulagi heilla atvinnugreina. Áhrif okkar eru því ekki lengur óveruleg og möguleikar okkar til að fljóta með í krafti smæðar hafa minnkað verulega.



Í dag keppast ríkisstjórnir og seðlabankar heims við að styðja við eigin fjármálakerfi, enda munu afdrif kerfanna ráða mjög miklu um hagvöxt og atvinnustig næstu ára. Gripið er til ýmissa aðgerða á heimamarkaði, en auk þess er víðtækt samráð og samvinna á milli landa. Súkkulaðikleinur eru ekki efstar á blaði í þeirri samvinnu, nema síður sé. Íslendingum hefur enda enn ekki tekist að ná samningum við mikilvægustu seðlabanka heims.

Neikvæð áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar eru því óvenju mikil hér á landi, jafnvel þótt Íslendingar hafi lítið eða jafnvel ekkert átt í þeim skuldabréfavafningum sem hrundu kreppunni af stað. Við munum því líklega missa hagvöxt og störf „að ósekju“. Þessi staða lýsir í hnotskurn stöðu Íslands í breyttum heimi og er í sjálfu sér nægjanleg rök fyrir því að skoða inngöngu í efnahagsbandalag án tafar. Mér finnst Evrópusambandið hljóta að vera fyrsti kosturinn í því sambandi, bæði í ljósi viðskiptalegra hagsmuna og skyldleika menningar.

*Meðal helstu kosta Evrópusambandsaðildar er að verða hluti af hópi þjóða sem hafa í sameiningu styrk og úrræði til að takast á við stórar áskoranir.*

### Næsta skref í alþjóðavæðingunni

Meðal helstu kosta Evrópusambandsaðildar er að verða hluti af hópi þjóða sem hafa í sameiningu styrk og úrræði til að takast á við stórar áskoranir. Mér er efst í huga gjaldmiðlamálin og fjármálastöðugleiki, sem skapa mikilvægan hluta af starfsskilyrðum fyrirtækja og þar með kjörum launafólks.

Upptaka evru myndi auka mjög efnahagslegan stöðugleika, enda er tæplega 60% af vöruútflutningi og 40% af innflutningi til evrulanda. Minni sveiflur yrðu þar með í gengi og verðbólgu, kostnaður fyrirtækja vegna óvissu yrði minni og samkeppnishæfni á alþjóðamörkuðum meiri.

Efnahagslegur stöðugleiki er mikilvæg forsenda þess að fyrirtæki á heimsmælikvarða velji að vera hér með starfsemi og að hingað streymi sérhæft fólk til náms og starfa, þar með talið fyrir heilbrigðis- og menntakerfið. Stöðugleiki styrkir einnig stoðir nýsköpunar. Upptaka alþjóðlegs gjaldmiðils er að mínu mati eðlilegt framhald af alþjóðavæðingu síðustu ára.

### Ekki gallalaust fyrirbrigði

Þeir ókostir Evrópusambandsaðilar sem ég er mest upptekin af eru þrír. Í fyrsta lagi eru það auðlindamálin. Evrópusambandsaðild kemur ekki til greina nema ásættanlegir samningar náist á því sviði.

Í öðru lagi þær miklu kröfur sem upptaka evru setur á innlenda efnahagsstjórn. Sporin hræða svo sannarlega hvað þetta varðar. Þegar gjaldmiðillinn getur ekki lengur skorið okkur niður úr snörunni munum við líklega fá atvinnuleysi, ef stjórnvöldum tekst ekki að hemja þenslu og kostnaðarverðbólgu.

Í þriðja lagi velti ég fyrir mér þeirri spennu sem virðist ríkja á milli aðildarlandanna í norðri og suðri. Staða þeirra er að mörgu leyti ólík og nú reynir svo sannarlega á sameiginlega peningamálastjórn. Ekki er víst að þær ákvarðanir sem teknar eru í Brussel og Frankfurt henti öllum. Mat á því þarf þó að skoða í heildarsamhengi og ekki horfa á hverja ákvörðun einangrað.

### Mikilvægt að hefjast handa

Það er löngu tímabært að við vinnum skipulega og fordómalausa úttekt á helstu kostum og göllum Evrópusambandsaðildar, tækifærum og ógnunum. Við þurfum ekki „enn eina skýrsluna“, heldur úttekt sem gengur skrefinu lengra. Benda þarf á möguleg viðbrögð til að draga úr göllum aðildar og þá þætti sem hugsanlega gætu dregið úr kostum aðildar og viðbrögð við þeim.

Það er ekki síður mikilvægt að fara skipulega og fordómalaust yfir kosti og galla þess að standa fyrir utan sambandið. Ég stórefast um það færi okkur „óbreytt“ ástand og því er mikilvægt að skoða hvort og þá hvaða kostir eru í stöðunni ef mönnum hugnast ekki aðild.

Í kjölfarið er rétt að reifa hver eigi að vera markmið okkar í mögulegum aðildarviðræðum. Þá fyrst getum við tekið upp upplýsta umræðu um málið. Mikilvægt er að þessari vinnu verði af lokið á sem skemstum tíma, þannig að umræðan verði sem mest og best. Súkkulaðikleinumódelið er ekki lengur besta lausnin. Alþjóðavæðingin heldur áfram og við munum að óbreyttu sitja eftir.

*Höfundur er forstöðumaður Greiningardeildar Landsbankans.*




# Sérfræðingar í útimálningu fyrir íslenskt veðurfar

*„Hjá Málningu hf. vita menn að það þarf rannsóknir, prófanir og þróunarvinnu til að framleiða bestu fáanlega útimálningu fyrir íslenskar aðstæður. Það er grunnurinn sem ég treysti á.“*

*Baldvin Már Frederiksen, málarameistari*




**Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BYKO Kauptún • BYKO Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur, byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • Öxull, Grindavík • Fóðurblandan á Selfossi, Hvolsvelli og Egilsstöðum**

**málning**
*-það segir sig sjálft-*

ISLENSKA/SIA.IS/MAL 42783 06/08

**KATHERINE JENKINS MESSÓSÓPRAN ER 28 ÁRA.**

*„Ég hef aldrei hætt að trúa því að pabbi líti enn eftir mér og sé mér við hlið og ég veit að ef hann gæti talað til mín myndi hann segja eitthvað eins og „Hvað nú elskan?“.“*

***Katherine Jenkins missti föður sinn úr krabbameini þegar hún var einungis 15 ára. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún unnið til fjölda verðlauna fyrir söng sinn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. JÚNÍ 1996

## *Ólafur Ragnar Grímsson varð forseti*



Ólafur Ragnar Grímsson var þennan dag fyrir tólf árum kjörinn forseti Íslands og varð hann um leið sá fimmti í fimmtíu og tveggja ára sögu lýðveldisins. Í forsetakosningunum árið 1996 sigraði Ólafur örugglega og árið 2000 var hann endurkjörinn án atkvæðagreiðslu. Árið 2004 fór hann aftur fram og sigraði. Þá buðu sig einnig fram þeir Ástþór Magnússon og Baldur Ágústsson. Ólafur Ragnar hefur sóst eftir endurkjöri á þessu ári og mun gegna forsetaembættinu næstu fjögur árin þar sem enginn hefur boðið sig fram gegn honum. Ólafur Ragnar er doktor í stjórnmálafræði og var prófessor við Háskóla Íslands. Hann sat á þingi fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna og Alþýðubandalagið. Ólafur Ragnar var fjármálaráðherra árin 1988 til 1991 í síðustu ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

### MERKISATBURÐIR

1858 Eldur brýst út í höfninni í London.

1912 Nýja bíó hefur kvikmyndasýningar á Hótel Íslandi.

1941 Flutningaskipinu Heklu er sökkt af þýskum kafbáti. Fjórtán farast en sex manns er bjargað af fleka.

1952 Ásgeir Ásgeirsson er kjörinn forseti Íslands.

1957 Sænsku konungshjónin koma í þriggja daga opinbera heimsókn.

1960 Flutningaskipið Drangjökull sekkur við Skotland. Öll áhöfnin bjargast.

1964 Leitarstöð Krabbameinsfélagins opnar við Suðurgötu í Reykjavík.

1971 Mick Jagger og Keith Richards dæmdir fyrir eiturlyfjanotkun

---



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Örn Sigurðarson**

Granaskjóli 52, Reykjavík,

sem lést af slysförum 21. júní, verður jarðsunginn frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 30. júní kl. 13.00.

**Steinunn Sigurþórsdóttir Sigurður Guðjónsson**
**Þorgeir Sigurðarson.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Markús B. Kristinsson**

vélstjóri, Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 30. júní klukkan 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningarsjóð Oddfellowreglunnar.

**Soffía Sigurðardóttir**
**Helga Markúsdóttir**
**Fjóla Markúsdóttir**
**Hulda Markúsdóttir Páll Eyvindsson**
**Svala Markúsdóttir Leifur Jónsson**
**Lilja Markúsdóttir Lárus Bjarnarson**
**Árdís Markúsdóttir**
**Sædís Markúsdóttir Rafn Heiðar Ingólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Þ. Björnsson**

Böðvarsgötu 19, Borgarnesi,

lést föstudaginn 20. júní. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 2. júlí kl.14.00. Þeir sem vilja minnast hans láti Tónlistarskóla Borgarfjarðar njóta þess.

**Ída Sigurðardóttir**
**Ólöf Hildur Jónsdóttir**
**Björn Jónsson**
**Anna Guðrún Jónsdóttir Birgir Skúlason**
**Sesselja Þórunn Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



†

*Við tilkynnum andlát ástríkrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Brynju Kristjönu Benediktsdóttur**

sem lést að heimili sínu þann 21. júní. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 30. júní kl. 13.00.

**Erlingur Gísli Gíslason**
**Benedikt Erlingsson**
**Charlotte Böving**
**Anna Róshildur Benediktsdóttir**

---

**MARÍA OG ÍVAR:** ÚTSKRIFUÐUST OG EIGNUÐUST BARN Í BANDARÍKJUNUM

# Ótrúlegt að hafa klárað þetta

María Rúnarsdóttir og Ívar S. Helgason hafa stundað nám við MIT og Harvard í Boston síðastliðin tvö ár og útskrifuðust bæði nú á dögunum. María útskrifaðist með MBA-gráðu frá MIT-háskólanum með áherslu á fjármál og upplýsingatækni og að auki fékk hún diploma í frumkvöðlafræðum. Ívar útskrifaðist bæði frá MIT- og Harvardháskóla með meistaragráðu í biomedicalinformatics sem María útskýrir að sé sambland af stærðfræði, gervigreind og erfðafræði. Auk þess að stunda strangt nám eignuðust María og Ívar svo litla stúlku rétt áður en þau kláruðu prófin.

„Það jók aðeins álagið,“ segir María en Katrín Dóra fæddist tveimur vikum fyrir lokaprófið. „Við kláruðum önnina inni á spítala sem var erfitt en gekk upp með góðu skipulagi. Ég var í meira en hundrað prósent námi meðan ég var ólétt til að geta verið minna í skólanum eftir áramót. Svo skiptumst við á þannig að við vorum ekki bæði í skólanum á sama tíma og gátum hlaupið heim á milli.“

María hafði lengi ætlað sér í MBA-nám til Bandaríkjanna og eftir að hafa viðað að sér reynslu á vinnumarkaðnum hér heima lét hún verða af því. Ívar fylgdi henni svo eftir en hann sem læknir, hafði unnið að því að þróa hugbúnað fyrir heilbrigðisgeirann. Þau eru mjög ánægð með námið. „Okkur líkaði mjög vel í skólanum enda gæði námsefnisins og kennaranna ótrúleg. Það sem kannski kom okkur helst á óvart voru kröfurnar til nemenda, en þarna kvartar enginn. Það er erfitt að komast inn en um fimm prósent þeirra sem sækja um fá inngöngu.“



**ÚTILOKA EKKI FREKARA NÁM** María og Ívar við útskriftina með Katrínu litlu Dóru sem fæddist í lokaprófunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

María og Ívar bjuggu stutt frá skólanum svo þau gátu gengið á milli en það kom sér vel þegar litla dóttirin fæddist. „Katrín Dóra kom með mér í einn eða tvo fyrirlestra í skólanum og í alla hópa og verkefnavinnu. Það er ekki algengt þarna úti að börn sæki háskólafyrirlestra og flestir voru mjög hissa á mér að taka ekki frí. Mér finnst eiginlega ótrúlegt að hafa klárað þetta þegar ég lít til baka en þetta gekk með dyggum stuðningi fjölskyldna okkar. Mamma kom út og var okkur innan handar. Dætur Ívars, Heiða og Ásta Björk, komu líka oft og hjálpuðu okkur. Við erum stolt af því að hafa klárað þetta en svo er ekkert útilokað að við förum út í meira nám.“

**heida@frettabladid.is**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jón Ármann Jakobsson Pétursson**

tæknifræðingur, Kringlunni 17,

lést 26. júní á Landspítalanum gjörgæsludeild. Útför hans verður auglýst síðar.

**Hafdís Einarsdóttir**
**Pétur H. Jónsson Oddný Þ. Óladóttir**
**Margrét Jónsdóttir Arnór H. Arnórsson**
**Einar Þór Jónsson Gina Jónsson**
**og barnabörn.**

---


# LEGSTEINAR
## OG FYLGIHLUTIR

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


---

### AFMÆLI



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON** kvikmyndaleikstjóri er 61 árs.



**CHANDRIKA KUMARATUNGA,** fyrrum forseti Sri Lanka, er 63 ára.

---

†



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Svanlaugar Öldu Árnadóttur**

Grenilundi 1, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum og á Landspítalanum fyrir góða umönnun og hjúkrun.

**Óli Björn Hannesson**
**Árni Þór Björnsson Sigrún Þóroddsdóttir**
**Hannes Björnsson Elva Björg Einarsdóttir**
**Björn Heimir Björnsson Helga Sól Ólafsdóttir**
**Ragnar Logi Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**25% afsláttur**

**1.199** kr/kg. áður 1.599 kr/kg.
Svínalundir írskar - 1 kg.



**30% afsláttur**

**879** kr/pk. áður 1.259 kr/pk.
Kjúklingabringur - 900 gr.



**30% afsláttur**

**396** kr/pk. áður 629 kr/pk.
Goða grillhamborgarar - 4 stk m/brauði




**40% afsláttur**

**1.120** kr/kg. áður 1.867 kr/kg.
Goða grísahnakki piri piri



**40% afsláttur**

**1.120** kr/kg. áður 1.867 kr/kg.
Goða grísakótilettur pikantmar



**31% afsláttur**

**499** kr/kg. 723 kr/kg.
Ísfugl kjúklingaleggir



**50% afsláttur**

**129** kr/stk.
Toppur 2 ltr.




**50% afsláttur**

**220** kr/kg. áður 439 kr/kg.
Goða skinka




**629** kr/kg. 1.257 kr/kg.
Goða toskana pylsur

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 26. júní til 29. júní eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn

# Með hjartað á réttum stað

**Trudy Odida** fæddist í Hollandi árið 1944. Síðan þá hefur hún búið í Ástralíu, verið kaþólsk nunna og sinnt hjálparstarfi í rúm tuttugu ár í Úganda. Í dag er hún gift úgandískum manni og saman eiga þau tvö fjögurra og hálfs árs börn sem þau ættleiddu fyrir ári. *Alma Guðmundsdóttir* hitti Trudy sem er stödd á Íslandi í tengslum við tuttugu ára afmælishátíð ABC barnahjálpar og forvitnaðist um áhugavert lífshlaup hennar.



**KANN VEL VIÐ SIG Á ÍSLANDI** Trudy er stödd á landinu í tengslum við 20 ára afmælishátíð ABC barnahjálpar og mun kynna hjálparstarfið í Úganda klukkan 20 í Víðistaðakirkju í kvöld.

Trudy fæddist í Hollandi en þegar hún var átta ára gömul fluttust foreldrar hennar búferlum með hana og sex systkini hennar til Ástralíu. „Foreldrar mínir voru með sína eigin túlípanarækt í Hollandi, en eftir stríðið, í kringum 1950 voru erfiðir tímar í Evrópu. Margir fluttu til Ástralíu og Nýja-Sjálands á þessum tíma og þar á meðal við fjölskyldan. Við settumst að í Melbourne í Ástralíu þar sem foreldrar mínir komu á fót blómarækt og bræður mínir fimm unnu allir í fjölskyldufyrirtækinu," segir Trudy.

Þegar Trudy var þrettán ára ákvað hún að gerast trúboði og segist aldrei hafa velkst í vafa um það á unglingsárum sínum. „Ég var alin upp í kaþólskri fjölskyldu og las mikið af trúarlegum bókum sem barn. Ég vissi snemma að ég vildi þjóna guði, vera góð manneskja og gerast trúboði og hélt að eina leiðin til þess væri að gerast nunna svo ég ákvað að ganga í klaustur þegar ég var 21 árs. Þá hafði ég kynnst nokkrum nunnum sem unnu á spítala þar sem ég var í þjálfun sem hjúkrunarkona. Foreldrar mínir voru ekki mjög ánægðir með þessa ákvörðun mína því mömmu fannst ég alltaf frekar uppreisnargjörn og hélt að ég myndi aldrei geta verið í klaustri, en þau studdu mig samt heilshugar," útskýrir Trudy.

„Ég vonaðist alltaf eftir því að ég yrði send erlendis í trúboð, en það varð ekki raunin þar sem St. Joseph reglan sinnti ekki trúboðastarfi erlendis. Í staðinn unnum við hjúkrunarstörf og sinntum kennslu. Þegar ég horfi til baka hefði ég ekki viljað sleppa þessari reynslu, en þetta var aðeins of langur tími. Ég missti í rauninni árin milli 21 árs til 29 ára sem eru mjög mikilvæg. Þegar ég byrjaði í vinnunni fannst mér ég ekkert vita hvað fólk var að tala um. Það hafði margt breyst og ég vildi ekki segja samstarfsfólki mínu að ég hefði verið nunna í níu ár. Smám saman fann ég hvað ég hafði misst mikið úr," segir Trudy.

### Hippalíf og sjálfsþurftarbúskapur

Eftir að Trudy hafði unnið á fæðingarheimilinu í nokkur ár flutti hún úr borginni í dreifbýlið og byrjaði í sínu fyrsta ástarsambandi, þá rúmlega þrítug.

„Ég sökkti mér á kaf í hippamenninguna. Við lifðum mjög nægjusömu lífi og stunduðum hálfgerðan sjálfsþurftarbúskap," útskýrir Trudy og segist ekki hafa náð raunverulegu sambandi við trúna fyrr en hún var 34 ára gömul. „Þá byrjaði ég að fara í kirkju með vinkonu minni sem var mótmælandi og í fyrsta sinn á ævinni eignaðist ég persónulegt samband við guð, eitthvað sem ég hafði aldrei vitað að væri hægt. Samstundis kviknaði aftur löngunin til að gerast trúboði."

### Til Afríku

Í janúar 1988 fór Trudy fyrst til Úganda með hópi fólks frá Ástralíu. Hún fann fljótt að henni var ætlað að dvelja lengur í landinu og sex mánuðum síðar hélt hún aftur þangað ein síns liðs. „Ég var fór aðeins með farmiða aðra leiðina, eina ferðatösku og tvær tómar olíutunnur, fullar af farangri." Eftir þriggja ára dvöl í Úganda kynntist Trudy eiginmanni sínum Francis Odidi og þau giftu sig aðeins þremur mánuðum eftir að þau kynntust. Francis er skáld og kvikmyndagerðarmaður, hefur gefið út bækur, gert heimildarmyndir, skrifað leikrit og á sjöunda áratugnum var hann með dansflokk sem kallaðist Heartbeat of Africa og ferðaðist um allan heim. Hann samanstóð af fólki úr mismunandi ættbálkum Afríku sem sýndi sína hefðbundnu dansa.

Þrisvar sinnum yfir ævina hefur Francis setið í fangelsi af pólitískum ástæðum fyrir ritstörf sín og þurfti um nokkurt skeið að fara í útlegð til Þýskalands því hann var á svörtum lista Idi Amins. Eftir að hann kom til baka til Úganda gerðist hann blaðamaður og gaf út sitt eigið blað, en þegar Trudy og Francis giftu sig var hann á skilorði. „Það var vægast sagt hættulegt að vera blaðamaður og vilja birta staðreyndir í landi þar sem borgarastyrjöld geysaði. Oftar en einu sinni var skrifstofa hans lögð í rúst og þegar við kynntumst var hann á skilorði eftir að hafa verið dæmdur fyrir landráð, en því fylgir yfirleitt dauðadómur. Sem betur fer er hann vel tengdur og Amnesty International var með puttana í málinu svo hann var látinn laus úr fangelsi gegn skilorði eftir níu mánuði," segir Trudy og útskýrir að það hafi tekið sig um tíu ár að kynnast menningu Úganda almennilega.

„Afrískt samfélag byggist eingöngu á samböndum fólks, ekki menntun þess. Það er mjög erfitt fyrir hvíta manneskju að mynda raunveruleg sambönd við innfædda, því til að byrja með sjá þeir mann sem aðila með mikið fé á milli handanna, sem getur bjargað þeim frá fátækt. Það tekur langan tíma áður en þeir fara að sjá mann sem venjulega manneskju og það tók mig allavega tíu ár að byrja að líða sem slíkri og skilja hugsunarhátt fólksins," segir Trudy.

> Afrískt samfélag byggist eingöngu á samböndum fólks, ekki menntun þess. Það er mjög erfitt fyrir hvíta manneskju að mynda raunveruleg sambönd við innfædda.

### Haldið til norðurs

Eftir að hafa starfað við sjónvarps- og útvarpsþáttagerð fyrir börn í rúmlega þrjú ár fann Trudy löngun til að breyta um vettvang og stuttu síðar hélt hún til norður Úganda ásamt Francis. Þar geysaði hrottaleg borgarastyrjöld þar sem Andspyrnuherdrottins, eða LRA var við völd og stundaði limlestingar og fjöldaaftökur á óbreyttum borgurum. Þeir rændu kerfisbundið öllum börnum sem þeir náðu til og í tengslum við slík barnarán var ekki ólagengt að uppreisnarmenn LRA neyddu börnin til að taka foreldra sína og fjölskyldu af lífi. Börnin voru síðan notuð sem hermenn, kynlífsþrælar eða seld í Súdan fyrir vopn.

„Ég fékk sterka tilfinningu fyrir því að við Francis ættum að fara til Norður-Úganda, en hann varð eiginlega bara orðlaus þegar ég nefndi það við hann. Hann kemur sjálfur frá norðurhluta landsins, en hafði ekki farið þangað í átta ár því ástandið var svo slæmt. Enginn dirfðist að fara þangað og í ofanálag áttum við ekki pening til að ferðast svo langa leið. Um það bil mánuði síðar kom kona til okkar frá hollenskum samtökum sem hafði frétt af okkur, rétti okkur ávísun upp á 17.000 dollara og sagðist vilja vinna með okkur að því að útvega bágstöddum börnum styrktaraðila á svæði sem enginn væri að vinna á. Stuttu síðar lögðum við af stað norður á litla Suzukíinum okkar eftir hlykkjóttum moldarvegum í fylgd prests að norðan. Þegar við komum var fátæklegt um að litast, aðeins moldarkofar með stráþaki. Við keyrðum að landsvæði sem Francis átti og eftir að hafa verið þar í stutta stund hópaðist fólk að okkur, faðmaði okkur að sér og grét úr gleði. Þessu fólki leið eins og það væri algjörlega gleymt og grafið," segir Trudy.

Eftir að Trudy og Francis höfðu komið sér fyrir og kannað aðstæður, komu þau upp skólahúsnæði fyrir börn, en ráku sig fljótt á að það var ekki auðvelt að koma fólki til hjálpar. „Margir foreldrar þorðu ekki að senda börnin sín í skóla. Mörgum börnum hafði verið verið rænt á leið í eða úr skóla og stundum höfðu uppreisnarmenn brotist inn í skólana. Þá höfðu kennararnir oft verið drepnir fyrir framan börnin og uppreisnarmennirnir jafnvel eldað líkamsleifarnar og neytt börnin til að borða þær. Atburðir sem þessir höfðu gjörsamlega lagt líf fólks í rúst. Margir höfðu lagst í drykkju og brugguðu úr öllu tiltæku svo það tók okkur langan tíma að hughreysta fólk og fá foreldra til að senda börnin sín í skóla," útskýrir Trudy.

Trudy og Francis byggðu upp öflugt hjálparstarf í norður Úganda sem kallaðist Uganda Australia Foundation, en árið 1993 hófu þau samstarf með ABC barnahjálp. ABC barnahjálp styður nú um 2300 börn til náms í Úganda og hefur byggt ABC skóla í Kitetika og Rackoko í samstarfi við þau hjón auk þess að styrkja börn til náms í Gulahéraði.

### Móðir á efri árum

Þrátt fyrir að hafa unnið hjálparstarf í þágu barna til margra ára eignuðust Trudy og Francis aldrei börn, en fyrir þremur og hálfu ári fengu þau símtal sem breytti lífi þeirra. „Það var hringt í okkur af munaðarleysingjahæli í nágrenninu og við beðin um að skila til vina okkar sem vildu ættleiða að það væru tvö börn á heimilinu sem litu út fyrir að vera af blönduðum kynþætti. Þessir vinir okkar voru þá nýfarnir til Kenýa til að ættleiða, svo Francis leit á mig og sagði; „Þessi börn eru fyrir okkur." Daginn eftir fórum við á munaðarleysingjahælið og sáum þau í fyrsta sinn, Joshua, sem hafði verið skilinn eftir í niðurfalli þegar hann var aðeins dagsgamall og Ruth sem fannst á bananaplantekru þar sem hún hefur eflaust legið í tæpan sólahring áður en hún fannst. Þau gengust undir læknisskoðun og svo vorum við komin með þau í fangið daginn eftir," segir Trudy sem tókst á við móðurhlutverkið í fyrsta skipti þá 60 ára gömul, en Francis var þá 64 ára.

Síðasta verkefni þeirra hjóna var að setja af stað „Mother Child alive" í fyrra, því margar af stúlkunum sem voru numdar á brott af LRA og jafnvel notaðar sem kynlífsþrælar af uppreisnarmönnum koma sumar hverjar til baka, þá búnar að eignast börn. „Við erum með útvarpsstöð sem nær alveg yfir til Súdan og ákváðum að tilkynna að þær stúlkur sem þyrftu á hjálpa að halda gætu leitað til okkar. Alls komu um 1500 ungar stelpur sem höfðu verið numdar á brott á aldrinum átta til sextán ára. Sumar þurftu að horfast í augu við að hafa misst alla fjölskyldu sína og ættingja þegar þær komu aftur. Margar hverjar höfðu sjálfar verið neyddar til að verða ástvinum sínum að bana og eru í svo slæmu ástandi að þær geta ekki séð um börnin sín, þola illa snertingu og geta lítið sofið á nóttunni. Þær þurfa nauðsynlega á mikilli aðhlynningu að halda og við reynum að hjálpa eins mörgum og við getum með því að bjóða þeim ráðgjöf, heilbrigðsþjónustu, menntun og daggæslu fyrir börnin," segir Trudy og útskýrir að í dag sé mikil þörf á því að byggja háskóla því nú séu börnin sem byrjuðu hjá þeim í upphafi að klára framhaldsskóla. „Þó svo að starfið hafi vaxið gríðarlega er svo margt sem á eftir að gera," bætir hún við.

„Ég ber mikla virðingu fyrir ABC barnahjálp því oft verða stór samtök sem þessi ópersónuleg, en ABC er með hjartað á réttum stað. Það er ótrúlegt hversu mörg börn eru styrkt af Íslendingum miðað við höfðatölu þjóðarinnar og gjafir sem styrktaraðilar hérlendis senda börnum sínum eru vægast sagt veglegar. Þó svo að efnahagurinn geti verið skeikull trúi ég því að íslenska þjóðin uppskeri margfalt fyrir það góða sem hún lætur af sér leiða," segir Trudy að lokum.



**TRUDY MEÐ BÖRNIN SÍN TVÖ, JOSHUA OG RUTH.**



**Zophonías Friðrik Gunnarsson**
*Sjálfboðaliði í Hjálparsveit skáta Hveragerði*
Zophonías er trésmiður og í hlutastarfi sem slökkviliðsmaður í Hveragerði. Áhugamál hans eru hestamennska og ýmsar jaðaríþróttir. Zophonías hefur farið í 49 útköll síðan í haust en mörg þeirra tengjast ófærð á Hellisheiði.

**Hálfdán Ágústsson**
*Sjálfboðaliði í Hjálparsveit skáta Reykjavík og foringi undanfaraflokks.*
Hálfdán starfar sem veðurfræðingur og vísindamaður og er sem stendur í doktorsnámi við HÍ. Frá því í haust hefur hann farið í 12 útköll m.a. vegna óveðurs, leita að fólki og aðstoðar vegna jarðskjálfta. Hálfdán er í sambúð og helstu áhugamál hans eru fjallamennska og klifur.

**Sæunn Kjartansdóttir**
*Sjálfboðaliði hjá Björgunarsveitinni Ársæli og hópstjóri bátahóps.*
Sæunn er menntaður leikskólakennari og sjúkraliði en helstu áhugamál hennar eru köfun og snjóbretti. Sæunn hefur farið í 24 útköll sl. mánuði en mörg þeirra tengjast sjónum. Sæunn á tvö börn.

**Stefán Helgason**
*Sjálfboðaliði í Björgunarfélagi Árborgar, Selfossi*
Stefán er húsasmíðameistari og starfar sem byggingaverktaki. Aðaláhugamál hans eru samfélagsaðstoð og starf í björgunarsveitum. Hann hefur farið í 22 útköll í vetur vegna ýmissa verkefna, s.s. óveðurs og vitanlega vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi.
Stefán er giftur og á eitt barn.

**Edda Björk Gunnarsdóttir**
*Sjálfboðaliði í Hjálparsveit skáta Reykjavík.*
Edda er menntaður grunnskólakennari og starfar við það. Helstu áhugamál hennar eru útivist og ferðamennska. Hún hefur farið í 26 útköll í vetur og var mestur fjöldi þeirra tengdur óveðrum sem gengu yfir landið sl. haust.
Edda er í sambúð.

# Takk fyrir veturinn!

## Fórnfýsi sjálfboðaliðanna er ómetanleg íslensku þjóðinni

Jarðskjálftarnir undanfarið hafa minnt okkur rækilega á hvað við Íslendingar erum í miklu návígi við óblíð náttúruöfl. Í vetur skall hver óveðurslægðin á fætur annarri á landinu með tilheyrandi óþægindum og skemmdum. Þessir atburðir hafa minnt okkur á mikilvægi vel þjálfaðra björgunarsveitarmanna sem óvenju mikið hefur mætt á, enda alltaf reiðubúnir að bregðast við.

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar vill þakka öllu þessu fólki vasklega framgöngu í vetur. Sömuleiðis þökkum við fjölskyldum björgunarsveitamanna fyrir mikinn skilning á hlutverki þeirra og mikilvægi. Ekki má gleyma þeim stóra hópi atvinnurekenda sem hefur stutt við bakið á björgunarstarfinu með því að veita starfsmönnum sínum frí úr vinnu í hvert sinn sem kallið hefur komið.

Kærar þakkir til ykkar allra,

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

*Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:*

N1 SJÓVÁ GLITNIR

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

– berst fyrir lífi þínu


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
Halló
99
SALERNISPAPPÍR
• 8 rúllur
• Miljø-spar
49.990
GARÐHÚSGÖGN
•2 stólar, borð og sófi
OBH NORDICA
8.990
BJÓRDÆLA
• OBH Nordica
• 5 ltr
19.990
GARHÚSGAGNASETT
•4 hlutir
•Sessur, kr 2490 pr stk, tveir litir
MEÐ ÖRYGGISNETI!
13.990
BARNATRAMPÓLÍN
•Með öryggisneti
•1,83 m
2490
VÖKVASLANGA
•15 metrar
SUPA FLEX
1990
GARÐSLANGA
•20 metrar, Supaflex
Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga og frá kl. 10 til 18 um helgar

## Ný Europris verslun hefur opnað að Baldursnesi 8, Akureyri.




# Akureyri!



**29.990**
**GASGRILL**
- 3 brennarar + hliðarhella
- Yfirbreiðsla, kr 4290




**199**
**EINNOTA GRILL**
- Skiljið ekki grillið eftir út í náttúrunni!




**199**
**FAIRY UPPÞVOTTALÖGUR**
- 1 ltr




**199**
**GRILLKOL**
- 2 kg



**990** pr. stk
**BÓMULLARSKYRTA**
- 100% bómull
- Margir litir




**79**
**BOMBA ORKUDRYKKKUR**
- 250 ml

**59**
**7UP**
- 33 cl

**59**
**COCA COLA**
- 33 cl

**49**
**FAXE KONDI**
- 33 cl



**16.990**
**HÁPRÝSTIDÆLA**
- 120 bör
- Með verandahreinsi

BLACK & DECKER




**7990**
**HÁPRÝSTIDÆLA**
- Compact
- 110 bör
- 1300 W

## Tilboðin gilda í öllum verslunum Europris

**www.europris.is**

Fiskislóð / Lynghálsi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

# Síðustu hellisbúarnir hylltir

Einn núlifandi Íslendingur bjó fyrstu æviár sín í helli. Hann hyllir nú foreldra sína og barnabörnin eru afar stolt af afa sínum og ömmu sem hófu búskap í Laugarvatnshelli og eru síðustu hellisbúarnir á Íslandi. Þótt býlið væri fátæklegt tóku þau hjón á móti konungi þar árið 1921. *Jón Sigurður Eyjólfsson* kynnti sér söguna.

Árið 1974 var leiðsögumaður inni í Laugarvatnshelli með hópi ferðamanna. Sagði hann frá síðustu hellisbúunum á Íslandi sem bjuggu þar frá árinu 1918 til 1922. Þegar hann er að lýsa staðarháttum hellisbúanna skerst áheyrandi sem stóð þar álengdar í leikinn og segir ræðumann ekki fara rétt með. Leiðsögumaður snýr upp á sig og vill nú forvitnast um hvernig þessi áheyrandi, sem reyndar tilheyrði ekki ferðamannahópi hans, teldi sig vita betur en sérfræðingurinn. „Nú það vorum við hjónin sem bjuggum hérna,“ sagði Jón Þorvarðarson þá og lagði hönd um konu sína Vigdísi Helgadóttur.

**Hellisbúarnir „koma út úr skápnum“**

Niðjar þessa sómafólks áttu misgott með það að horfast í augu við þessa fortíð. „Það var ekkert talað mikið um þetta hér áður,“ segir Einar Tryggvi Traustason barnabarn þeirra Jóns og Vigdísar. „Svo var það eitt sinn sem ég fór þarna í hellinn í vinahópi og sagði þeim af högum síðustu ábúenda. Þegar ég var spurður að því hvernig ég vissi þetta allt saman gekkst ég náttúrulega við því að þau hefðu verið afi og amma mín. Þannig kom ég smátt og smátt út úr skápnum með þetta,“ segir hann og hlær við. „En núna er ég afar stoltur af þessu eins og allt mitt fólk. Reyndar er það svo að við köllum okkur hellisbúana núna.“

Í gær var haldið upp á 100 ára afmæli Ungmannafélags Laugdælinga en í leiðinni voru íbúar í Laugarvatnshelli heiðraðir. Þeir fyrstu voru Indriði Guðmundsson og Guðrún Kolbeinsdóttir sem bjuggu þar árið 1910. Eftir ellefu mánuði þar bauðst þeim svo jörð í Grímsnesi og fluttu þau þangað og stóð þá hellirinn auður þar til Jón og Vigdís settust þar að árið 1918.

Magnús Jónsson Þorvarðarsonar hellisbúa afhjúpaði í gær, eða afklæddi eins og hann segir sjálfur, skilti sem Jón Sverrir Erlingsson hefur látið hanna. Magnús er fæddur árið 1920 og bjó því í hellinum tvö fyrstu æviár sín. Hann er því eini núlifandi Íslendingurinn sem búið hefur í helli.

**Barneignir í hellinum**

Jón var fæddur árið 1891 að Meðalholtum í Flóanum og sjö árum síðar fæddist Vigdís að Ósabakka á Skeiðum. Ólust þau upp í nágrenni við hvort annað og felldu snemma hugi saman. En þegar þau vildu rugla saman reitum var ekki hlaupið að því að koma sér þaki yfir höfuðið fyrir efnalítið fólk. En Laugarvatnshellir stóð auður. Hann þótti ekki verri kostur en sumir mannabústaðir enda hafði Indriði fest þil framan á hellismunnann með tvær burstir og líktist hann því venjulegum bóndabæ þegar litinn var úr fjarlægð. Skammt frá er annar hellir og byggði Jón þar fjárhús sem enn má sjá ummerki um.

Til að byrja með bjó Símon Símonarson í hellinum með þeim hjónum en unnusta Símonar var vandlátari en svo að hún gengi að því að hefja búskap í helli svo hann varð að fara með henni og finna hentugri stað.

Árið 1919 bar Vigdís barn undir belti. Var afráðið að ljósmóðir yrði hjá henni þegar nær drægi fæðingu en sökum óveðurs komst hún ekki. Það kom því í hlut Jóns að taka á móti Ragnheiði frumburði sínum. Jón Sverrir veit hvað síðar gerðist. „Fæðingin gekk vel en svo fóru að vandast málin því fylgjan vildi ekki út,“ segir hann. „Afréð afi þá að fara ríðandi að ná í ljósmóðurina. Eftir átta klukkustundir kom hann svo með hana í hellinn og þótti þá ljósmóðurinni líklegast að bæði barn og móðir væru látin. En svo var hreint ekki og heilsaðist þeim vel á eftir.“

Ekki vildu þau hjón taka slíka áhættu þegar Magnús var kominn undir svo frúin fór til bæjar og eignaðist strákinn þar. Systir hans Hrafnhildur Ásta fæddist hins vegar í hellinum.

**Konungur í heimsókn**

En þó Reyðarmúli, eins og þau hjón kölluðu býli sitt í Laugarvatnshelli, teldist ekki til höfuðbóla fengu þau hjón eitt sinn gest með blátt blóð. Einar Tryggvi kann þá sögu. „Þannig var mál með vexti að Kristján X var hér á landi árið 1921 og átti hann og fylgdarlið leið hjá hellinum og vekur hann forvitni konungs. Fylgdarmenn sögðu hins vegar að þarna byggi fátækt fólk og konungur hefði nú merkari menn til að klingja með en hellisbúana atarna. Kristján var ekki sammála því og kvaðst vilja taka hús, eða kannski réttara



**Í LAUGARVATNSHELLI** Einar Tryggvi Traustason, Magnús Jónsson og Jón Sverrir Erlingsson ræddu málin í hellinum í gær. Magnús er fæddur árið 1920 og bjó fyrstu tvö æviárin í Laugarvatnshelli. Hann hefur til siðs að koma við í hellinum árlega og segir hellinn hafa tekið heilmiklum breytingum í áranna rás. MYND / SUNNLENSKA



**VIÐ HELLINN** Stórfjölskyldan hittist við Laugarvatnshelli árið 1962. Jón er annar frá vinstri og við hlið hans er eiginkonan Vigdís. Við hlið móður sinnar er frumburðurinn Ragnheiður og fyrir aftan hana og til hægri er Hrafnhildur systir hennar sem fæddist einnig í hellinum. Fyrir aftan unga drenginn sem stendur fremst, fyrir miðju með hendur með síðum er síðan Magnús, eini núlifandi hellisbúinn.



**SÍÐUSTU HELLISBÚARNIR** Jón Þorvarðarson og Vigdís Helgadóttir. Jón sagði að fjögur bestu ár sín hefðu þau hjón átt í hellinum.



**SVO LEIT LAUGARVATNSHELLIR ÚT** Til voru verri mannabústaðir í upphafi síðustu aldar en Laugarvatnshellir.



# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

JÚLÍ 2008

## GÖNGUFERÐIR UM EVRÓPU

FRÁ SÖGUSLÓÐUM GRIKKLANDS UPP Á TINDINN Á MONT BLANC

## RÉTTSÝNI FERÐALANGURINN

FERÐIR FYRIR FÓLK SEM ÞRÁIR AÐRA HLUTI EN SÓL, BJÓR OG STUÐ

# HEIMURINN MEÐ AUGUM SMÁFÓLKSINS

HVERT Á AÐ FARA, HVAÐ Á AÐ BORÐA OG HVERNIG Á AÐ DREPA TÍMANN Á LÖNGUM FERÐALÖGUM?

**HÓTEL ÞAR SEM FRÆGUSTU RITHÖFUNDAR HEIMS GISTU. LEYNDARDÓMAR KAMBÓDÍU. SVEITASÆLA Í CAMBRIDGE. FULLKOMNAR HELGARFERÐIR.**

# MIÐBAUGUR

*ÞAÐ HEITASTA Í ...*
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

## BÖRN Á FERÐ

**Anna Margrét Björnsson skrifar**

Eitt minnistæðasta fríið mitt og sennilega eitt það minnistæðasta líka fyrir foreldra mína var þegar ég var fjögurra ára gömul og fjölskyldan fór til Bahamaeyja. Í raun er þetta frí með mínum fyrstu minningum þar sem ég held að fæst okkar muni mjög mikið um tímann upp að fjögurra ára aldrinum.

En þarna vorum við sumsé, litla fjölskyldan á sannkallaðri paradísareyju þar sem ég bragðaði minn fyrsta alvöru hamborgara með frönskum, þar sem ég varð fagurlega cappucino-brún í fyrsta sinn og dundaði mér á mannlausri bleikri strönd allan liðlangan daginn. En sterkasta minningin frá þessu afbragðsfríi var þegar að ég vakna upp með andfælum eina nóttina á hótelherberginu okkar. Ég svipaðist um eftir pabba og mömmu en rúmið þeirra var enn uppbúið og enginn í herberginu nema sofandi tveggja ára bróðir minn og jú, skælbrosandi svartur maður sem ég hafði aldrei áður séð á minni stuttu ævi. Ég rak upp skelfingaróp og vakti bróður minn sem var sennilega mjög vond hugmynd því þá gekk hann undir viðurnefninu „Schreihals“ eða öskurháls þar sem hann gat látið ómannleg hljóð hljóma úr sínum litla englabúk. Aumingja maðurinn sem ég síðar komst að að var bara barnapían okkar, reyndi að róa okkur niður á ensku sem við skildum ekki, rétti okkur tyggjó og ísmola en allt kom fyrir ekki. Ég var sannfærð um að heimsendir væri í nánd og ég yrði að bjarga bróður mínum úr þessum skelfilegu aðstæðum. Ég dró hann með mér fram á gang þar sem við hófumst handa við að berja á hurðir hjá gestum og æpa á hjálp. Ég man sérstaklega eftir því í hversu miklum náttfötum allir voru sem þeystust fram til að aðstoða æpandi börnin. Einn miðaldra maður var meira að segja með nátthúfu. Við öskruðum áfram og vorum komin með sirka þrjátíu manns á eftir okkur um gangana og næsta stopp var lyftan. Hersingin hélt niður í lobbý og nú var þetta risastóra hótel orðið flóðlýst klukkan tvö um nótt.

Þegar aumingja foreldrar mínir komu heim af sínu eina djammi á þessu þriggja vikna ferðalagi með smáfólkið sitt beið þeirra flóðlýst hótel og allir gestirnir í náttfötum sem litu á þau ásakandi augnaráði. „Eru þetta foreldrarnir?“ sögðu þau og hristu hausinn.

Vanti ykkur hressandi ábendingar um ferðalög með börnum má lesa síðu fjögur í Ferðalögum júlímánaðar.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** GettyImages
**Pennar Klemens Ólafur Þrastarson**
**Ljósmyndir** Fréttablaðið, Silja Magg, Yvan Rodic
**Auglýsingar** Stefán P.Jones spj@frettabladid.is




# HÚS SEM VEITA INNBLÁSTUR

Ferðalög grófu upp hótel og hús þar sem frægir rithöfundar hafa skrifað sín mestu verk.

**Ambos Mundos, Kúba**
Herbergi Ernest Hemingways á hótelinu hefur verið varðveitt eins og það var þegar hann dvaldist á hótelinu sem hann lýsti sem góðum stað til skrifta. Umhverfi hótelsins og iðandi mannlífið í kring veitti honum innblástur að ýmsum verkum og meðal annars skrifaði hann fyrstu kaflana í skáldsögunni „Hverjum klukkan glymur“ á hótelherberginu. Hvað er betra en að sitja í rólegheitunum á þaki hótelsins, njóta útsýnis yfir smábátahöfnina og gamla bæinn, láta hugann reika eða diskútera heimsins innsta eðli með mojito í hönd að hætti Hemingways?

**Askanischer Hof, Berlín**
Franz Kafka skrifaði stóran hluta Réttarhaldanna, einnar frægustu bókar sinnar, á Askanischer Hof-hótelinu. Á hótelinu upplifði Kafka ýmsa atburði sem höfðu áhrif á líf hans og skrif, eins og sambandsslit hans og Felice Bauer, sem rata einmitt í frásögnina í Réttarhöldunum. Að ganga inn á hótelið er eins og að fara aftur í tímann, öll umgjörð þess og stíll er eins og hann var á fjórða áratug síðustu aldar og ekki skemmir fyrir að það er vel staðsett í miðborg Berlínar.

**Goldeneye, Jamaica**
James Bond-myndin Golden Eye dregur nafn sitt af heimili Ians Fleming á Jamaíka, en húsið er nú gististaður fyrir ferðamenn. Húsið stendur á kletti með útsýni yfir Karíbahafið, umlukið hitabeltisgróðri. Rólegt andrúmsloftið og fallegt umhverfið reyndist fullkominn staður fyrir Flemming til að skrifa bækur sínar um James Bond en alls skrifaði Flemming fjórtán bókanna um njósnarann í húsinu.

**The Royal Albion Hotel, England**
Charles Dickens eyddi meirihluta sumranna 1837 til 1859 í bænum Broadstairs í Kent á Englandi. Dickens skrifaði verkið Nicholas Nickleby á Albionstræti 40 sem nú er hluti af Royal Albion hótelinu. Útsýninu úr svítunni sinni lýsti hann sem „fallegustu sjávarsýn sem þú gætir ímyndað þér“.



Goldeneye Breski rithöfundurinn Ian Fleming á ströndinni við hús sitt, Goldeneye á eyjunni Jamaíku.



Ambos Mundos Barinn á hótelinu á Kúbu þar sem Hemingway dvaldi við skrif.

**The Old Inn, Crawfordsburn, Írland**
Margir frægir rithöfundar hafa dvalist á þessu ævaforna írska gistihúsi. Á sautjándu og átjándu öldinni stunduðu höfundar eins og Swift, Tennyson, Thackery, Dickens og Trollop staðinn. Á tuttugustu öldinni varð þetta svo samkomustaður og menningarmiðstöð C.S. Lewis og félaga hans. Staðurinn var Lewis sérlega hugleikinn og fór hann meðal annars í síðbúna brúðkaupsferð þangað.




## ÍBÚÐIR SEM JAFNAST Á VIÐ EIGIÐ HEIMILI

Hjónin Sesselja Birgisdóttir og Ragnar Fjalar hafa sett á fót skemmtilega nýjung í ferðamennsku með fyrirtækinu Red Apple Apartments. Eins og nafnið gefur til kynna sérhæfir fyrirtækið sig í leigu á íbúðum til styttri tíma, frá einni nóttu upp í nokkra mánuði og þær eru nú í boði í Reykjavík og Kaupmannahöfn, en bráðum bætast við borgirnar Ósló, Helsinki og Stokkhólmur. „ Við útskrifuðumst bæði í fyrra úr mastersnámi í alþjóðamarkaðsfræðum og vörumerkjastjórnun frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð,“ útskýrir Sesselja. „Ég hafði hug á að nema meira í stjórnun en Ragnar ætlaði að stofna sitt eigið fyrirtæki. Svo skemmtilega vildi til að Lundarháskóli bauð í fyrsta sinn upp á mastersnám í frumkvöðlafræðum og meginmarkmið námsins var að stofna fyrirtæki og við nýttum að sjálfsögðu námið til að steypa grunninn að Red Apple Apartments.“ Að sögn Sesselju er Red Apple Apartments fjölskyldufyrirtæki sem rekur miðlun á internetinu. „Markmið okkar er að bjóða upp á fjölbreytt úrval fullbúinna íbúða sem jafnast á við eigið heimili. Við



hvetjum íbúðareigendur sem hafa áhuga á að skrá íbúðir sínar til leigu að hafa samband og skráning er að kostnaðarlausu.“ Frekari upplýsingar er að finna á www.redapplecopenhagen.wordpress.com og www.redapplereykjavik.wordpress.com


HÉR VIRKAR HEIMAVÖRNIN BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN

# HEIMURINN MEÐ AUGUM SMÁFÓLKSINS

Börnum finnst ævintýralega gaman að skoða nýja staði. Það er óþarfi að kvíða því að börnin hafi ekki nóg fyrir stafni í borgarferðum því af nógu er að taka. *Anna Margrét Björnsson* tók saman nokkra skemmtilega hluti sem krakkar geta skoðað í sumar.

**London: Tower of London**
Allir krakkar fara núna í London Eye en þessi gamli kastali er alltaf jafn áhugaverður fyrir yngstu kynslóðina. Tower of London hýsti einu sinni fræga konunga, fagrar kapellur og óhugnanlegt fangelsi. Hér er ýmislegt að skoða, allt frá konunglegum gersemum upp í hryllilega fangaklefa og svo hina frægu „Beefeaters“ verði drottningar sem spássera um skrautklæddir. Gefið ykkur nógan tíma því það er svo mikið að sjá.

**París: Batobus**
Þegar þið hafið fengið nóg af Eiffelturninum og Sigurboganum er upplagt að skella sér í bátsferð um Signu. Batobus er einskonar vatnaleigubíll sem stoppar á helstu túristastöðum borgarinnar eins og Louvre og Notre Dame. Það er hægt að kaupa dagpassa og hoppa í og úr bátnum eftir vild.

**Barcelona: Montjuic-garðurinn**
Stórfenglegur staður fyrir krakka að skoða. Montjuic er kastali frá 18. öld með útsýni yfir Miðjarðarhafið og endalausum fallegum garði. Krakkar geta hlaupið um og baðað sig í kælandi gosbrunnum, skoðað listaverk eftir Joan Miro, skemmt sér á leikvöllum eða farið í lautarferðir.

**Berlín: Zoologischer Garten**
Einn skemmtilegasti dýragarður í heimi er einmitt í Berlín og er algjörlega ómissandi fyrir unga sem aldna. Hér er til dæmis ísbjörninn Knútur og það er hægt að horfa á flóðhesta synda, í gegnum þar til gert gler. Börnum þykir líka spennandi að skoða krókódíla, marglyttur og kolkrabba í sjávarsafninu og svo er skemmtilegur leikvöllur eða Spielplatz þar sem hægt er að klifra í ævintýralegum leikgrindum.



## HVAÐ Á AÐ TAKA MEÐ?

Ef þú ert að ferðast með ungbarn eða smábarn er gott að reyna að hafa sem minnst með. Margir foreldrar virðast halda að það sé bráðnauðsynlegt að taka með „réttu“ bleyjutegundina, barnamatinn og allan fata- og dótaskápinn. En börn eru mun nægjusamari en við höldum og helstu nauðsynjar eru fáanlegar á flestöllum stöðum (nema þú hafir skipulagt frumskógarferð með litla erfingjann).

**HLUTIR SEM MAÐUR ÆTTI EKKI AÐ GLEYMA ERU:**
**1.** Vegabréf, sjúkratrygging og heilsufarsupplýsingar. **2.** Fatnaður: Föt til að vera í á löngum ferðalögum, sundföt, þægilegir skór, regnyfirhöfn og eitthvað sparilegt ef maður fer fínt út að borða. Og auðvitað nóg af nærfötum og sokkum. Mundu líka að það er oft kalt í flugvélum svo að hlýjar golftreyjur eru bráðnauðsynlegar. **3.** Lítið snyrtiveski með helstu meðulum, naglaskærum og plástrum er líka eitthvað sem alltaf ætti að vera í farteskinu. **4.** Myndavél til að rifja upp með þeim alla þessa skemmtilegu hluti sem þið gerðuð í fríinu. Að síðustu, munið að það getur komið fyrir að maður þurfi að hlaupa á flugvellinum til að ná tengiflugi og því er alltaf betra að hafa sem fæstar töskur og láta smáfólkið bera sem minnst.

## HVAÐ Á AÐ VARAST Í STÓRBORGUM?

Það er gott að hafa allan vara á en óþarfi að vera í svo mikilli paník að maður hræði börnin. Ekki ákveða fyrirfram að allt sé hættulegt og allir séu bófar. Áður en þú ferð með börn út að ganga er ágætt að lesa sér til um hvaða hverfi eru talin óæskilegri en önnur. Reynið að villast ekki sjálf og vera vel undirbúin: með kort af borginni og óhrædd að spyrja ótal spurninga á hótelinu. Munið að vera með öll veski vel rennd upp og passa ætíð upp á að lenda ekki í vasaþjófum.



## HVERNIG Á AÐ DREPA TÍMANN?

Foreldrar eru oft alltof hræddir við að börnum þeirra byrji að leiðast um leið og þau eru sest upp í flugvélina/bílinn/rútuna. Börnum finnst yfirleitt gaman að nýjungum og að horfa út um gluggann í dágóða stund. Ræðið við þau um það sem fyrir augu ber og það er alltaf gott að vera vel uppfræddur sjálfur um áfangastaðina framundan svo þið getið rætt um hvað þið ætlið að sjá þegar þangað kemur. Þegar þolinmæðin er alveg á þrotum er gott að vera með ferðaleiki, spil, bækur og iPod (það er stórsniðugt að hlaða nokkrum skemmtilegum barnasögum og plötum inn á hann áður en haldið er af stað. Krakkarnir fíla kannski ekki Sigur Rós). Svo er vinsælt að kaupa eitt nýtt leikfang til að skoða á leiðinni, það þarf ekki að vera dýrt en allt sem er nýtt er óneitanlega meira spennandi.

## HVAÐ Á AÐ BORÐA Í NÝJU LANDI?

Matur getur verið eitt það skemmtilegasta við það að ferðast með börnum, en einnig það leiðinlegasta. Þegar börn verða svöng geta þau orðið bæði skapvond og matvönd. Nokkur góð ráð eru 1. Að byrja daginn á staðgóðum morgunverði. 2. Lautarferðir. Það er alltaf hægt að setjast á bekk í skemmtigarði, á grasið í sveitinni eða jafnvel í lest og flugvél með ilmandi ferskt „baguette“ og ávaxtasafa. 3. Ekki ákveða fyrirfram að börnin borði bara pylsur og hamborgara. Minningar okkar um staði tengjast gjarnan matnum sem við borðuðum. Leyfðu þeim endilega að bragða á matnum sem heimamenn borða og hvettu börnin til að prófa nýja hluti og leyfðu þeim að velja sjálf af matseðlinum. 4. Farðu einu sinni fínt út að borða. Börn hafa líka gaman af því að vera prúðbúin og njóta fallegs veitingastaðar. En til þess að vera viss um að þjónarnir stari ekki á þig með súrum svip er ágætt að spyrja áður en maður sest hvort börn séu velkomin eða hvort staðurinn bjóði upp á barnamatseðil.




50% BARNA-AFSLÁTTUR!*

Eins og alltaf fá börn helmingsafslátt* og því tilvalið fyrir fjölskylduna að skella sér í ævintýraferð til Evrópu með Iceland Express. Barnabox með léttri máltíð, litabók og litum stytta svo ungum ferðalöngum stundir á leiðinni!

Bókaðu fjölskylduferðina á **www.icelandexpress.is**

*Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is


sumarferdir.is
Mallorca
Viva-veisla
Bókaðu Viva-ferð fyrir fjölskylduna á frábæru verði!
Viku fyrir brottför kemur í ljós á hvaða Viva hóteli þú munt dvelja.
39.900 kr.
Verð á mann í viku.
18.000 kr. fyrir aukaviku (bókast símleiðis)
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

# RÉTTSÝNI FERÐALANGURINN

**Það er vandlifað í þessum heimi fyrir fólk sem þráir aðra hluti en sól, bjór og stuð stuð stuð. Hvað gera hinir ráðvöndu og meðvituðu til dæmis í sumarfríinu? Réttsýnn ferðalangur ferðast vel og vill bæta þá staði sem hann heimsækir. *Klemens Ólafur Þrastarson* henti saman nokkrum grundvallaratriðum slíkrar ferðamennsku.**

Siðræn eða ábyrg ferðamennska er það að gera sér grein fyrir því að ferðamaður er sá sem heimsækir aðra. Ferðamaðurinn ber því virðingu fyrir gestgjafanum og vill honum vel. Hann hagar sér kurteislega og hugsar um afleiðingar gjörða sinna. Hann vill með ferðalagi sínu bæta heiminn eftir getu, eða í það minnsta ekki gera hann verri.

Næst hreinni hugsjónaferðamennsku kemst til dæmis sjálfboðastarf við enskukennslu eða hjúkrun í Afríku. Einnig dvöl á hernumdum svæðum eða að fara í einn vetur til að hreinsa vatnsból.

Svo er til réttsýn menningarferðamennska. Þá er farið út gagngert til að kynnast og læra af öðrum þjóðum. Dæmi um það eru fjölmargir málaskólar, sem bjóða ef til vill upp á heimavist og þjóðlegan mat. Í sannkallaðri menningarferðamennsku er lögð áhersla á að kynnast þjóðinni sjálfri, frekar en söfnum hennar og rauðvíni.

Svona mætti lengi telja en sannleikurinn er sá að hvert ferðalag er siðræn athöfn, jafnvel ómerkileg helgarferð til Kaupmannahafnar. Ferðalangurinn þarf sífellt að velja og hafna.



## TUNGUMÁL

Ekki verða hissa eins og barnalegur Bandaríkjamaður ef fólk talar ekki eins mikla ensku og þú. Eitt það skemmtilegasta við ferðalög er að læra nokkur orð í framandi tungu og klaufast við að stama út úr sér setningu. Takið eftir því að heimamenn gjörbreytast sumir í viðmóti þegar þú talar á þeirra máli. Og þú eignast frekar vini ef þú talar við fólk sem jafningja, en ekki sem „þjónustuaðila“.

## MENGUN OG HÆGA HREYFINGIN

Frekar lest en flugvél. Lestarferðir eru stundum dýrari en flugferðir og taka lengri tíma. Hins vegar er í Evrópu og víðar, til dæmis hjá Deutsche Bahn, hægt að panta á netinu og fá miðana á hálfvirði.

Lestarferðir menga minna með útblæstrinum en flugvélar og nota rafmagn frekar en bensín. Að auki eru lestarstöðvar ólíkt huggulegri vistarverur en flughafnir. Engin vopnaleit og enginn tollvörður að skipta sér af þér.

Ferðin sjálf getur síðan verið afar skemmtileg, sértu að leita að skemmtun. Þar má til dæmis kynnast öðru fólki, lesa blöð eða skrifa ferðasöguna. Þar gefst tími til að hugsa, ólíkt fluginu.

Takið líka frekar strætó en leigubíl, af sömu ástæðum. Fyrir utan allt annað er það miklu ódýrara og þið sjáið hluti sem ferðamenn sjá yfirleitt ekki. Leigubílar eru allir eins. Nema rickshaw-þríhjól sé í boði. Þá hjólar hetjan um með farþega. Þetta mengar ekkert og er skemmtileg tilbreyting. Últra PC-hugsun krefst þess reyndar að við vorkennum manninum sem hjólar með okkur, en það er yfirleitt óþarfi. Gæinn er að öllum líkindum sjálfráða.



**Í Rickshaw á Kúbu** Til hvers að flýta sér í fríinu? Með því að fara í lengri ferðalög og færri er hægt að slappa betur af og spara peninga og minnka mengun.

## HROKI

Að hlæja að asnalegu fólki er auðvitað hin besta skemmtun. En vorkennið ekki fólki sem klæðir sig eða hagar sér öðruvísi en þið. Og setjið ekki samasem-merki milli „öðruvísi“ og „vanþróaðri“. Það getur auðvitað verið hárrétt, en er kannski ekki nauðsynleg og holl skilgreining. Reynið frekar að læra af því sem þið sjáið. Smekkur manna er margvíslegur og ekki hafa allar þjóðir alist upp við Cosby Show og Friends.

Ekki þykir öllum heldur jafn sjálfsagt að vinnan gangi fyrir mannlegum samskiptum. Ef afgreiðslumaður þarf mjög að tala við vin sinn eða fjölskyldu þegar hann ætti að sinna ykkur, er stundum betra að reyna að njóta þess að bíða, frekar en að móðgast og byrja að rífast. Það er alls ekki víst að hann sé í persónulegri herferð gegn ykkur.



**HVOR er eðlilegri?** Gleymum því ekki að margt er skrítið í vestrænu samfélagi líka. Eða jú, við erum víst búin að gleyma því.




Ferðavernd býður upp á bólusetningar og ráðgjöf til ferðamanna. Þjónustan er í umsjón Helga Guðbergssonar, læknis. Vinnuna annast læknar og hjúkrunarfræðingar.

Mikilvægt er að panta bólusetningu og leita ráðgjafar tímanlega áður en haldið er utan.

**Tímapantanir í síma: 535 77 00**

ferðavernd
www.ferdavernd.is


## BETL

Aldrei gefa börnum, er auðvelt að segja. Þau verði þá bara vön því að betla og ekkert úr þeim. En hvað ef börnin og foreldrar þeirra hafa í raun og veru enga aðra tekjumöguleika? Á þá að spara tíkallinn út af köldu prinsippi? Þetta er ekki auðvelt mál og í raun undir hverjum og einum komið.

Ein tillaga, sem á að ýta undir sjálfsbjargarviðleitni þiggjenda, er sú að gefa einungis betlurum sem gera eitthvað, til dæmis spila á hljóðfæri. Þá skiptir ekki mestu hversu vel er spilað.

En varist sérstaklega að gefa konum sem sitja með hálfsofandi ungbörn. Takið eftir augunum í börnunum og óeðlilegum hreyfingum útlima. Þeim er haldið svefnlömuðum með lyfjum. Ekki styrkja það málefni.



**Þurfandi hönd** Í mörgum útlöndum er betl á hverju horni. Meira að segja í Ósló eru ótrúlega margir betlarar. Ekkert eitt svar er við siðferðilegum spurningum sem vakna við að gefa fátækum ölmusu.

## Handknattleiksdeild FH

**óskar eftir að ráða þjálfara á 4. fl karla og 4 og 5. fl kvenna næsta vetur.**

**Uppl. veitir** Sigurður örn Þorleifsson formaður unglingaráðs í s:8681676 /siggibakari@internet.is og Einar Andri Yfirþjálfari eae@fh.is

## Sölufulltrúi

**Við hjá Atlantsolíu leitum að kröftugum, stundvísum og nákvæmum aðila til að efla framlínu okkar.**

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Í starfinu felst:**

- Ráðgjöf við viðskiptavini.
- Úrvinnsla verkefna.
- Önnur tilfallandi verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða framhaldsskólamenntun æskileg.
- Reynsla af sölustarfi skilyrði.
- Samskiptahæfni, jákvæðni og sveigjanleiki.

**Fyrirtækið:**
Atlantsolía var stofnuð á vormánuðum 2002 og hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004. Fyrirtækið rekur **15 bensínstöðvar** ásamt því að veita verktökum og skipaútgerðum eldsneytisþjónustu. Hjá fyrirtækinu vinna 23 starfsmenn.

Atlantsolía er reyklaus vinnustaður.

Umsjón með starfinu hafa **Sigurður Jónas Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is)** og **Guðríður Dröfn Halfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum**.

Umsóknarfrestur er til og með **4. júlí** nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capcent Ráðninga, www.capacent.is

PIPAR • SÍA • 72243

**ATLANTSOLIA**

Atlantsolia - Lónsbraut 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími 591 3100 - www.atlantsolia.is



## Ráðgjafi hjá STRÁ MRI ehf.

### Við erum flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði

### - og hér bíður pláss eftir nýjum ráðgjafa -

**Við erum sérfræðingar í starfsmanna- og ráðningarmálum og höfum nær aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á því sviði. Við höfum þjónustað mörg helstu fyrirtæki landsins í áraraðir. Við vitum að valið á rétta starfsfólkinu er einn mikilvægasti þátturinn í velgengni íslenskra fyrirtækja.**

**Við óskum eftir** að ráða fjölhæfan starfsmann til að annast ráðgjöf og þjónustu við umsækjendur, sem og viðskiptavini félagsins. Ráðgjafi veitir viðtöl, sér um upplýsingaöflun, greiningu og mat á umsækjendum jafnframt því að sjá um framsetningu gagna og kynningu upplýsinga auk þess að sinna eftirfylgni mála ásamt öðrum fjölbreytilegum verkefnum.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi háskólamenntun eða haldbæra þekkingu og reynslu af starfsmanna- og markaðsmálum. Áhersla er lögð á frumkvæði og fagmannleg vinnubrögð, þjónustulund, góða samskiptahæfileika og ríkulegt álagsþol auk heiðarleika og samviskusemi í hvívetna.

**Við bjóðum** áhugavert og krefjandi starf í lifandi starfsumhverfi. Vinnuaðstaða er björt og þægileg og starfsandinn góður. Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

**Guðný Harðardóttir** veitir nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til **stra@stra.is**. Viðtalstímar eru alla virka daga frá kl.13-15 meðan á umsóknarferlinu stendur. **Umsóknarfrestur** er til og með 11. júlí nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

www.stra.is



STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is

**Fagmennska í yfir 20 ár**

STRÁ MRI WORLDWIDE

Við erum flutt í nýtt og stærra húsnæði að Suðurlandsbraut 30, 3. hæð

www.stra.is - fagmennska í yfir 20 ár

STRÁ MRI WORLDWIDE

Við finnum þann eina rétta

www.stra.is

STRÁ MRI WORLDWIDE

Þú þarft ekki að leita lengra

www.stra.is

# SECURITAS ÓSKAR EFTIR SÖLUMÖNNUM

Securitas óskar eftir öflugum sölumönnum til starfa bæði á fyrirtækjamarkaði sem og einstaklingsmarkaði. Starfið felst í sölu á vörum og þjónustu Securitas og hentar jafnt báðum kynjum.

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sölustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og drifkraftur
- Metnaður

Nánari upplýsingar veitir Örn Helgason, framkvæmdastjóri Markaðs- og sölusviðs í síma 580 7000. Umsækjendur fylli út umsóknir á vef fyrirtækisins securitas.is. Umsóknarfrestur er til 8. júlí.

SECURITAS

**Síðumúli 23 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is**

HORNAFJÖRÐUR

## HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐAUSTURLANDS

**Óskar eftir hjúkrunarfræðingum frá og með 1. sept 2008**

Skólahjúkrun, 50% við Grunnskóla Hornafjarðar. Heilsugæsla nemenda í 1.- 10. bekk.

Hjúkrunar- og sjúkradeild, starfshlutfall e. samkomulagi. 28 rúma blönduð hjúkrunar- og sjúkradeild, morgun- og kvöldvaktir en bakvakt um nætur.

Störf hjúkrunarfræðinga á HSSA eru fjölbreytt þar sem skjólstæðingahópurinn er mjög breiður og áhugaverður. HSSA sinnir Austur Skaftafellssýslu, sem nær frá Öræfum í vestri til Hvalness í austri. Sýslan er víðfeðm og straumur ferðamanna mikill allan ársins hring.

Á Höfn er blómlegt mannlíf, barnvænt umhverfi, góð aðstaða til útivistar, íþrótta- og tómstundaiðkana. Tveir leikskólar, einsetinn grunnskóli, tónskóli og Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu.

Við leitum að áhugasömum hjúkrunarfræðingum sem eru tilbúinir að takast á við ný og spennandi verkefni. Á HSSA er mikið umbótastarf í gangi og mjög góður starfsandi.

Launakjör samkvæmt stofnanasamningi HSSA og Sveitarfélagsins Hornafjarðar, flutningsstyrkur og niðurgreidd húsaleiga. Umsóknarfrestur er til 14. júlí n.k.

Allar nánari upplýsingar veita Ásgerður K. Gylfadóttir og Ester Þorvaldsdóttir hjúkrunarstjórar í síma 478 1400 og netföng asgerdur@hssa.is og ester@hssa.is

# Spennandi og krefjandi störf í boði hjá HRV Engineering

HRV Engineering leitar að framtíðarstarfsfólki til að vinna að stórum og krefjandi verkefnum á sviði áliðnaðar

### Verkefnaleiðtogar (Program Managers)

Hjá okkur eru í boði spennandi og krefjandi störf fyrir verkefnaleiðtoga sem stjórna hóp verkefnastjóra. Um er að ræða störf við skipulagningu krefjandi verkefna og gerð og eftirfylgni verkefnaáætlana. Þekking á verkefnastjórnun er nauðsynleg og þarf umsækjandi að geta sýnt fram á reynslu á því sviði, helst í tengslum við stóriðjuframkvæmdir. Stjórnunarreynsla er mjög mikilvæg, sem og þekking og reynsla á sviði fjármála og rekstrar fyrirtækja.

### Verkefnastjórar

Hjá okkur eru í boði spennandi og krefjandi störf verkefnastjóra. Þekking á verkefnastjórnun er nauðsynleg og þurfa umsækjendur að geta sýnt fram á reynslu á því sviði.

### Sérfræðingar í rekstrar- og arðsemisgreiningu

Hjá okkur eru í boði spennandi og krefjandi störf fyrir sérfræðinga í rekstrar- og arðsemisgreiningu. Verkfræði, eða sambærileg menntun, er nauðsynleg, ásamt skilningi á rekstri fyrirtækja.

### Sérfræðingar í framleiðslustjórnun

Hjá okkur eru í boði spennandi og krefjandi störf fyrir sérfræðinga í framleiðslustjórnun. Verkfræði, eða sambærilegrar menntunar, er krafist. Þekking og reynsla af vinnu með bestunarlíkön er æskileg, sem og skilningur á rekstri fyrirtækja.

### Sérfræðingar í vörustjórnun og flutningastjórnun

Hjá okkur eru í boði spennandi og krefjandi störf fyrir sérfræðinga í vörustjórnun og flutningastjórnun.Verkfræði, eða sambærilegrar menntunar, er krafist. Þekking og reynsla af straumlínustjórnun er æskileg, sem og skilningur á rekstri fyrirtækja.

### Sérfræðingar í öryggistjórnun – umhverfi, öryggi, heilsa

Hjá okkur eru í boði spennandi og krefjandi störf fyrir sérfræðinga í öryggisstjórnun. Verkfræði, eða sambærilegrar menntunar, er krafist, sem og þekkingar og reynslu af öllum þáttum öryggis- og umhverfismála hjá stórum fyrirtækjum.

### Skjalastjóri

Hjá okkur eru í boði spennandi og krefjandi starf fyrir skjalastjóra. Starfið felst í því að sjá um skjalastjórnun verkefnasviðsins og þátttöku í verkefnum þess. Tækniteiknunar, eða sambærilegrar menntunar, er krafist, sem og þekkingar og reynslu af skjalastjórnun.

***Menntunar- og hæfniskröfur fyrir öll störfin eru:***

- Þekking og/eða reynsla á viðkomandi sviði
- Frumkvæði
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um störfin veitir Símon Þorleifsson, framkvæmdastjóri verkfræðiþjónustu HRV (Eningeering Alliance), í síma 858 0510, eða með fyrirspurn á netfangið simon@hrv.is.

Umsóknarfrestur er til 20. júlí 2008 og skulu umsóknir berast til Steinunnar Ketilsdóttur, mannauðsstjóra HRV, á netfangið steinunnk@hrv.is

ATHYGLI

**HRV Engineering er framsækið þjónustufyrirtæki við áliðnaðinn. Það hefur sérhæft sig í uppbyggingu álvera frá því um miðjan síðasta áratug fyrir Century Aluminum, Rio Tinto Alcan, Alcoa og Rusal.**

**HRV vinnur eftir alþjóðlegum verkefnastjórnunaraðferðum við undirbúning, hönnun og stjórnun framkvæmda við stækkun, uppbyggingu eða breytingu álvera – bæði heima og erlendis – og fjárfestingarverkefnum sem þeim tengjast.**

***Hjá HRV er horft til framtíðar og útrásin rétt að hefjast því eftirspurn eftir áli eykst með ári hverju.***

HRV ENGINEERING

www.hrv.is

Landsvirkjun

# UMSJÓNARMAÐUR
## MEÐ VATNAMÆLINGUM OG STÍFLUEFTIRLITI

LANDSVIRKJUN óskar eftir því að ráða umsjónarmann með vatnamælingum og stífluueftirliti á vatnasviði Fljótsdalsstöðvar.

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 319 milljörðum króna og ársvelta er um 23 milljarðar.

Starfsmenn Landsvirkjunar eru 187 en að meðtöldum dótturfélögum eru starfsmenn 320. Landsnet hf., Landsvirkjun Power ehf. og Fjarski ehf. eru meðal dótturfélaga Landsvirkjunar.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

Fastur vinnustaður viðkomandi starfsmanns er í þjónustubyggingu Fljótsdalsstöðvar. Hann heyrir undir stöðvarstjóra, sem tilheyrir rekstrardeild orkusviðs.

Orkusvið Landsvirkjunar starfrækir vottað gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem byggir á ISO 9001 og ISO 14001 sem er samþætt innra rafmagnsöryggisstjórnunarkerfi og uppfyllir skilyrði laga nr. 146/1996.

Hlutverk orkusviðs er að vinna raforku og annast viðskipti með orku með þeim hætti sem uppfyllir best þarfir viðskiptavina Landsvirkjunar. Í því sambandi er lögð áhersla á frumkvæði gagnvart viðskiptavinum um hagkvæmar lausnir annars vegar og hins vegar hagkvæmni í orkuöflun og rekstri aflstöðva og miðlana innan þess ramma sem ábyrg umhverfisstefna setur starfseminni.

**Helstu verkefni eru**
- Eftirlit með stíflum og veitum
- Vatnamælingar
- Eftirlit með gangakerfi Fljótsdalsstöðvar
- Þátttaka í sjálfbærni- og umhverfisverkefnum
- Gagnaúrvinnsla og skýrslugerð
- Ýmis verkefnabundin vinna á fagsviði, sem tengist rekstri stöðvarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Tæknifræðingur, verkfræðingur, jarðvísindamaður eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla á sviði gæðastjórnunar, verkefnisstjórnunar og áætlanagerðar er kostur
- Reynsla af störfum tengdum rannsóknum og úrvinnslu gagna æskileg
- Skipulagsgáfa og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Haldgóð tölvuþekking á tæknisviði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Í boði er**
- fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- tækifæri til starfsþróunar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# Mannauðsráðgjöf: Spennandi starf!

**Skýrr vill ráða ráðgjafa á sviði mannauðsstjórnunar. Skýrr sækist eftir kraftmiklu og jákvæðu fólki með ríka þjónustulund, sem langar til að takast á við ögrandi viðfangsefni í lifandi atvinnugrein. Í boði eru fjölbreytt og skemmtileg verkefni hjá traustu fyrirtæki í örum vexti.**

**Starfslýsing**

Starfið felst í innleiðingu og uppsetningu á mannauðslausnum Oracle hjá viðskiptavinum fyrirtækisins. Viðkomandi mun starfa við að skilgreina þarfir og væntingar viðskiptavina og útfæra þær í stöðluðum fjárhags- og mannauðslausnum innan Oracle E-Business Suite.

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun eða reynsla sem gagnast í starfi
- Menntun á sviði mannauðsfræða er æskileg
- Reynsla af Oracle E-Business Suite er æskileg
- Áhugi á upplýsingatækni og vilji til að auka við þekkingu sína
- Reynsla af ráðgjafarstörfum er kostur
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfileikar og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar um starfið veitir María Ammendrup hjá mannauðssviði Skýrr, í 569 5100 eða maria.ammendrup@skyrr.is. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 7. júlí. Vinsamlegast sækið um og sendið ferilskrá á vefsvæði Skýrr (skyrr.is). Öllum umsóknum svarað. Fullum trúnaði heitið.

**Skýrr í hnotskurn**

Skýrr býður samþættar heildarlausnir fyrir atvinnulífið undir kjörorðunum „Allt á einum stað“. Starfsemi Skýrr er tvíþætt og skiptist í hugbúnað og rekstrarþjónustu. Skýrr er samstarfsaðili Oracle, Microsoft, Business Objects og VeriSign. Mikil starfsemi er í hugbúnaðarþróun og ráðgjöf. Viðskiptavinir Skýrr eru yfir 2.300.

**Mannauður og liðsandi**

Starfsfólk Skýrr er liðlega 215 talsins. Starfsfólkið er helsta auðlind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt og tekur ríkt tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Styrkir eru í boði fyrir líkamsrækt, sjúkraþjálfun og fleira. Starfsfólk Skýrr er samhentur hópur með jákvætt viðmót og þar ríkir góður liðsandi. Félagslíf innan fyrirtækisins er afar líflegt og kraftmikið. Óvæntar uppákomur til að brjóta upp hversdaginn eru tíðar.

**Gott að borða**

Skýrr státar af framsæknu mötuneyti, sem leggur áherslu á hollan og fjölbreyttan matseðil. Sódavatn og kaffivélar með úrvalsbaunum frá Te & kaffi er hvarvetna við höndina.



Fíton / SÍA

Allt á einum stað | 569 5100 skyrr.is | Skýrr

Snæfellsbær



# FORSTÖÐUMAÐUR

## Óskast við Dvalarheimilið Jaðar í Ólafsvík

**Snæfellsbær óskar eftir starfsmanni til að veita Dvalarheimilinu Jaðri í Ólafsvík forstöðu. Um er að ræða framtíðarstarf og þarf viðkomandi að geta hafið störf þann 1. ágúst n.k.**

Jaðar er lítið og notalegt heimili fyrir 15 vistmenn. Þar ríkir góður starfsandi og heimilisbragur góður.

Nú eru að hefjast framkvæmdir við stækkun heimilisins þar sem aðstaða vistmanna og starfsmanna verður stórbætt.

Spennandi tímar eru því framundan við frekari uppbyggingu í þjónustu, aðbúnaði og umönnun heimilisfólks.

**Umsóknum skal skila á bæjarskrifstofur Snæfellsbæjar fyrir 12. júlí.**

Nánari upplýsingar gefur bæjarstjóra/bæjarritari í síma 433-6900 eða á netföngum kristinn@snb.is / lilja@snb.is.

Ólafsvík er einn af þremur þéttbýliskjörnum sem mynda sveitarfélagið Snæfellsbæ. Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Ólafsvík í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík - og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli!
Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.
Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallegt umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.
Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóbretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.
Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.

---

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Austurlandi

SAust

# Spennandi störf í málefnum fatlaðra á Egilsstöðum

## Stuðningsfulltrúar

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra leitar að áhugasömum einstaklingum á öllum aldri til að vinna inn á heimilum fatlaðra einstaklinga. Störfin fela í sér aðstoð við heimilishald og persónulegan stuðning í daglegu lífi auk þess að aðstoða fólk í útiveru og að njóta menningarviðburða.

Um er að ræða 40 - 80% stöðugildi í vaktavinnu.

Góð aðlögun og fræðsla er í boði fyrir nýliða.

Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum og æskilegt er að viðkomandi hafi bílpróf.

Boðið verður upp á 160 stunda grunnnám fyrir stuðningsfulltrúa sem byrjar í september n.k.

## Yfirþroskaþjálfi/ deildarstjóri í búsetu.

Laus til umsóknar er 80 - 100% staða yfirþroskaþjálfa/ deildarstjóra á sambýli.

Starfið felur í sér m.a. faglega ábyrgð á þjónustu við notendur, stuðning við starfsfólk, áætlunargerð, samskipti við fjölskyldur og aðra starfsmenn Svæðisskrifstofu. Um er að ræða vaktavinnu.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Menntun á félags- heilbrigðis- eða menntasviði.
- Reynsla og/eða áhugi á málefnum fatlaðs fólks.
- Færni í mannlegum samskiptum, samstarfi og skipulagi.

Stöðurnar eru lausar frá og með 15. ágúst eða eftir nánara samkomulagi. Áhugasamir, karlmenn jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir berist Svæðisskrifstofu Tjarnarbraut 39 b, 700 Egilsstöðum fyrir 15. júlí 2008. Öllum umsóknum verður svarað.
**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni í síma 4700100, Veffang: www.saust.is**

---

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

# Sálfræðingur - Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

**Laust er til umsóknar starf sálfræðings á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.**
Um er að ræða 100% starf. Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð fyrir fjölmenningu og margbreytileika og er hlutverk þekkingarstöðvar að vera frumkvöðull á sínu sviði, bæði í þróun nýbreytni og vinnulagi.

**Helstu verkefni:**
- Sálfræðilegar athuganir og greiningar á börnum með áherslu á börn á leikskólaaldri.
- Ráðgjöf við foreldra, starfsfólk leik- og grunnskóla og aðra samstarfsaðila.
- Þverfaglegt starf á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.
- Þátttaka í PMT námi (Parent Management Training) og vinna með fjölskyldur og skóla tengt því.

**Hæfnikröfur:**
- Löggilding til að starfa sem sálfræðingur.
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna.
- Reynsla af sálfræðilegri greiningu og ráðgjöf vegna barna er æskileg.
- Leikni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði.
- Áhugi á þróun sálfræðiþjónustu og þverfaglegs starfs innan miðstöðvarinnar.

**Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða býður upp á:**
- Fjölskylduvænan vinnustað.
- Vinnustað með fjölbreytt verkefni á sviði fjölskyldu, skóla og velferðarmála.
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- Góðan starfsanda .
- Tækifæri til að taka þátt í og hafa áhrif á uppbyggingu þjónustumiðstöðvar.
- Handleiðslu.

Með umsókn þarf að fylgja starfsferilslýsing og vottun um löggildingu.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í lok ágúst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sálfræðingafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Heimir Snorrason, deildarstjóri í síma 411 1600 og á netfanginu: heimir.snorrason@reykjavik.is

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf **fyrir 22. júlí nk.**

# Matráður á Þjónustumiðstöð Breiðholts

**Laust er til umsóknar 75% starf matráðs á skrifstofu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Álfabakka 12.**
Þjónustumiðstöð Breiðholts er þverfaglegur vinnustaður og vinna 42 starfsmenn á skrifstofunni.

Boðið er upp á gott vinnuumhverfi, sveigjanlegan vinnutíma og góðan starfsanda.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af vinnu við matreiðslu.
- Þekking á rekstri eldhúsa er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi.

**Helstu verkefni:**
- Undirbúningur og frágangur hádegisverðar starfsmanna.
- Samskipti við birgja vegna innkaupa á matvöru.
- Sjá um kaffiveitingar vegna funda.
- Önnur verkefni sem starfsmanni kunna að vera falin.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Kemp, deildarstjóri, sími 411-1300, netfang: thora.kemp@reykjavik.is

Umsóknum má skila á skrifstofu Þjónustumiðstöðvar Breiðholts, Álfabakka 12, 109 Reykjavík, **fyrir 15. júlí nk.**

Jafnframt er vakin athygli á að hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---



Augl. Þórhildar 2200.410

*Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg*

# Okkur vantar fleira gott fólk til að starfa á Seltjarnarnesi

**Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar leitar að hressum og samviskusömum einstaklingum til fjölbreyttra starfa við félagslega heimaþjónustu, liðveislu, persónulega ráðgjöf og tilsjón á Seltjarnarnesi.**

Starfshlutfall og vinnutími eru samkomulagsatriði, svo betur megi samþætta starf og einkalíf. Hæfniskröfur til umsækjenda eru lipurð í mannlegum samskiptum, skipulagshæfileikar og sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Öll þjónusta hjá bæjarfélaginu byggir á þeim grunni að þrátt fyrir veikindi og fötlun geti einstaklingar nýtt sína hæfileika til fullnustu. Með því eiga einstaklingar að geta haldið reisn sinni og virðingu og búið sem lengst á eigin heimilum. Áhersla er lögð á alúðlega framkomu starfsfólks við þá sem njóta þjónustu frá Seltjarnarnesbæ. **Hvernig væri að prófa? - og kynna sér kosti þess að vinna hjá Seltjarnarnesbæ.**

Nánari upplýsingar veita Anna Kristín Guðmannsdóttir deildarstjóri annag@seltjarnarnes.is og Þorsteinn Sveinsson yfirfélagsráðgjafi thorsteinns@seltjarnarnes.is

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar
Mýrarhúsaskóla eldri við Nesveg
sími 5959100, 5959130

SELTJARNARNESBÆR
Félagsþjónusta

---



# Hjúkrunarfræðingar

Við hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) erum að leita að áhugasömum og kraftmiklum hjúkrunarfræðingum og hjúkrunarfræðinemum til að koma og starfa á stofnuninni. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er sjúkrastofnun í markvissri sókn. Hér ríkir afbragðsgóður starfsandi, góðum hugmyndum starfsmanna er tekið fagnandi sem og nýjungum í starfsemi.

Verið er að leita að einstaklingum sem eru jákvæðir, með góða þjónustulund og sem sýna umhyggju í starfi. Um er að ræða fjölbreytt hjúkrunarstörf á mismunandi deildum innan stofnunarinnar svo sem á hand- og lyflækningadeild, hjúkrunar- og endurhæfingardeild, skurð- og speglunardeild.

Nánari upplýsingar veitir Þórunn Benediktsdóttur, hjúkrunarforstjóri í gegnum netfangið thb@hss.is eða í síma 422-0625

Um er ræða framtíðarstörf æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Möguleiki er á að HSS útvegi húsnæði á mjög hagstæðu verði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.
Umsóknir sem greina frá menntun, fyrri störfum og meðmælendum skulu berast til Bjarnfríðar Bjarnadóttur starfsmannastjóra , Mánagötu 9, 230 Reykjanesbæ eða með tölvupósti á netfangið bjarnfridur@hss.is.
Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí 2008 og geta umsóknir gilt í 6 mánuði.
Öllum umsóknum verður svarað.

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

1908 2008 Hafnarfjörður hundrað ára

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Umsjónarkennarar

**Ágætu kennarar**

Nú vill svo vel til að við getum boðið ykkur öruggt og gott starf við grunnskóla Hafnarfjarðar. Í bænum er jákvætt viðhorf til skólastarfs og mikill metnaður ríkir í starfinu bæði meðal nemenda og kennara. Við eftirtalda grunnskóla eru lausar stöður umsjónarkennara en auk þess eru lausar stöður fyrir sérkennara og sérgreinakennara, sjá nánar á heimasíðum skólanna.

**Áslandsskóli** (664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
**Engidalsskóli** (664 5867 audur@engidalsskoli.is)
**Hraunvallaskóli** (664 5874 agusta@hraunvallaskoli.is)
**Hvaleyrarskóli** ( 664 5893 helgi@hvaleyrarskoli.is)
**Lækjarskóli** (664 5877 haraldur@laekjarskoli.is)
**Víðistaðaskóli** (664 5890 annakr@vidistadaskoli.is)
**Öldutúnsskóli** (664 5896 herla@oldutunsskoli.is)

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla. Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is/fraedslumal/grunnskolar. Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500
WWW.HAFNARFJORDUR.IS



## Starf tanntæknis við Tannlæknadeild Háskóla Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Spennandi starfsumhverfi

Tannlæknadeild auglýsir laust til umsóknar starf tanntæknis. Á tannlæknadeild er starfrækt tannlæknastofa vegna verklegrar kennslu tannlæknanema. Starf tanntæknis felst í því að vinna með nemendum á mismundi stigum námsins, þeim aðilum sem sækja tannlæknaþjónustu til tannlæknanema og með kennurum deildarinnar. Vinnutími er sveiganlegur þar sem aðalstarfsemin fer fram á veturna.

Krafist er tanntæknimenntunar frá Námsbraut tanntækna eða sambærilegrar menntunar, starfsreynslu í faginu og lipurðar í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til 7. júlí nk.

**Nánari upplýsingar** veitir Hanna G. Daníelsdóttir, deildarstjóri í síma 525 4856, netfang hgd@hi.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun háskólans.
Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is/

SECURITAS

# SECURITAS alltaf í sókn !

SECURITAS hóf starfsemi árið 1979 og er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar SECURITAS eru í Reykjavík, en fyrirtækið er einnig með starfsemi á Akureyri, Borgarnesi, Selfossi, Reykjanesbæ og á Austfjörðum.

SECURITAS er leiðandi fyrirtæki sem vinnur forvarnarstarf með það að markmiði að auka öryggi viðskiptavina sinna og koma í veg fyrir hverskonar tjón.

Nú eru starfsmenn SECURITAS um 440 talsins og þjóna þeir þúsundum viðskiptavina, þar á meðal flestum af stærstu fyrirtækjum landsins.

www.stra.is



## Framkvæmdastjóri SECURITAS í Reykjanesbæ

Óskum eftir að ráða öflugan einstakling í stöðu framkvæmdastjóra hjá nýju útibúi SECURITAS í Reykjanesbæ.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir;

* Uppbyggingu nýrrar rekstrareiningar, starfsmannahaldi og daglegum rekstri útibúsins.
* Kynningarmálum, skipulagi og framkvæmd sölumála, áætlunargerð og eftirfylgni verkferla.
* Öflun nýrra viðskiptatækifæra og viðhaldi viðskiptatengsla.
* Þróun nýrra verkefna og þátttöku í stefnumótun og markmiðasetningu.
* Öðrum þeim störfum er falla undir verksvið framkvæmdastjóra.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi menntun á sviði viðskipta og rekstur eða sambærilega menntun og/eða marktæka reynslu af sambærilegum störfum. Við leitum að kraftmiklum og metnaðardrifnum einstaklingi, sem hefur frumkvæði, sóknarkraft og faglegan metnað til árangurs í starfi. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skilvís vinnubrögð.

**Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.**

**Guðný Harðardóttir**, gudny@stra.is hjá **STRÁ MRI** svarar fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir eða eigin starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi gögnum. Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu **www.stra.is**.

STRÁ MRI WORLDWIDE
Suðurlandsbraut 30 - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

# Ratar þú á rétta staði?



## Domino's Pizza óskar eftir umsóknum í stöðu atvinnubílstjóra

Skemmtilegt og lifandi starf við akstur á vörum í verslanir Domino's á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími miðast við 8 klst. dagvinnu. Umsækjandi þarf að hafa meirapróf.

Umsóknir sendist á ingibjorg@dominos.is fyrir 11. júlí. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Ingibjörg Gunnarsdóttir í síma 585 0800.

Domino's Pizza

58·12345
dominos.is

# Hárstofan Gel

Óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Viðkomandi þarf að vera með jákvætt hugarfar, sjálfstæður, ábyrgur, mikla sköpunargáfu og mikinn metnað fyrir faginu. Miklir framtíðarmöguleikar eru í boði fyrir þá sem reynast vel og koma skemmtilega á óvart.

Áhugasamir geta hringt og pantað **viðtal í síma 8632662, Anna.**

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa



## Sérfræðingur í fjárhagsáætlun og greiningu

**Við leitum að áhugasömum og öflugum liðsmanni í áætlunar- og greiningarteymi okkar á Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.**

**Helstu verkefni eru**
- Undirbúningur og eftirfylgni með vinnslu fjárhagsáætlunar
- Gagnavinnsla, ritstjórn og útgáfa fjárhagsáætlunargagna
- Frávikagreining og skýrslugerð
- Gæðastarf; ferlagreining og umsjón með gæðahandbók fjármálaskrifstofu.

Við metum mikils frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum, samskiptahæfni, góða tölvuþekkingu, íslensku- og enskukunnátta. Háskólamenntun í viðskiptafræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi.

Við bjóðum uppá krefjandi starf í metnaðarfullu starfsumhverfi, með tækifæri til símenntunar og starfsþróunar. Við bjóðum upp á þátttöku í þróun og uppbyggingu á öflugri miðlægri fjármálaskrifstofu, sem hefur forystuhlutverki að gegna í fjármálastjórn Reykjavíkurborgar.

Laun eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri fjármála, (halldora.karadottir@reykjavik.is)

**Umsóknir skulu berast í síðasta lagi 15. júlí n.k.** til Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Ráðhúsi Reykjavíkur, eða á ofangreint netfang, merktar "Umsókn um starf sérfræðings í fjárhagsáætlun og greiningu"

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Barnaverndarstofa

# MST

## ÁHUGASAMT FAGFÓLK UM FJÖLÞÁTTAMEÐFERÐ

Barnaverndarstofa vinnur að innleiðingu fjölþáttameðferðar (Multisystemic Therapy – MST). MST er vel rannsökuð (gagnreynd) meðferð unglinga með alvarlegan hegðunarvanda sem annars þyrftu vistun utan heimilis. Meðferðin er þróuð í Bandaríkjunum og stunduð víða um heim með góðum árangri, meðal annars á Norðurlöndum (www.mstservices.com).

Meðferðin miðar að því að bæta samheldni og samskipti í fjölskyldu og fer fram á heimili fjölskyldunnar og í nærsamfélagi í samstarfi við skóla og aðra lykilaðila. Aðgengi er að ákveðnum meðferðaraðilum í síma allan sólarhringinn. Í byrjun fá starfsmenn 5 daga grunnþjálfun í MST og reglulega þjálfun í framhaldi. Óskað er eftir fólki í eftirfarandi störf sem hefur áhuga á að taka þátt í uppbyggingu fjölþáttameðferðar á Íslandi:

### Handleiðarar/teymisstjórar

Óskað er eftir sálfræðingum með góða faglega þekkingu og reynslu af meðferðarvinnu í tvær stöður handleiðara/teymisstjóra. Um er að ræða fullt starf sem felst í faglegri stjórnun og handleiðslu í teymi með 3-4 þerapistum samkvæmt aðferðafræði MST. Handleiðarar hafa samráð sín á milli og geta leyst hvorn annan af. Þeir eru í reglulegu samráði við erlenda MST sérfræðinga. Nánari upplýsingar um störfin og ráðningarskilyrði er að finna á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

### Þerapistar

Óskað er eftir einstaklingum með háskólapróf á sviði heilbrigðis- eða félagsgreina og góða faglega þekkingu og reynslu af meðferðarvinnu í 6-8 stöður þerapista sem mynda tvö 3-4 manna teymi. Um er að ræða fullt starf og er unnið eftir meðferðarreglum og aðferðum MST undir stjórn handleiðara/teymisstjóra í samstarfi við erlenda MST sérfræðinga. Nánari upplýsingar um störfin og ráðningarskilyrði er að finna á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

*Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat Barnaverndarstofu á hæfni og eiginleikum umsækjenda. Launakjör þerapista eru samkvæmt kjarasamningum Barnverndarstofu við: Þroskaþjálfafélag Íslands, Félagsráðgjafafélag Íslands, Útgarð og Sálfræðingafélag Íslands. Launakjör handleiðara/teymisstjóra eru samkvæmt kjarasamningi Barnaverndarstofu og Sálfræðingafélags Íslands.*

*Umsóknarfrestur er til 7. júlí. Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju. Nánari upplýsingar veitir Halldór Hauksson verkefnisstjóri á Barnaverndarstofu í síma 530 2600 (www.bvs.is). Umsóknum má einnig skila rafrænt til halldor@bvs.is.*

Höfðaborg - Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími: 530 2600 - Bréfsími: 530 2601

Reykjavíkurborg
Velferðasvið

## Eldhús -umsjónarmaður

**Þjónustumiðstöð Vesturbæjar óskar að ráða starfsmann/umsjónarmann til starfa í eldhús í Þorraseli dagdeild aldraðra Þorragötu 3. Þarf að geta hafið störf um miðjan júlí nk. Um fullt starf er að ræða, vinnutími virka daga frá 8:00 til 16:00.**

Á dagdeildinni, sem starfrækt er í fallegu umhverfi, er pláss fyrir 40 gesti á dag.

**Helstu verkefni:**
- Undirbúningur morgunverðar
- Móttaka og framreiðsla á tilbúnum aðsendum hádegisverði
- Léttur bakstur
- Innkaup fyrir eldhús og ræstingu
- Uppþvottur og frágangur

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Eflingar stéttarfélags.

Nánari upplýsingar gefa Kristín Björnsdóttir í síma 561-2828, netfang: kristin.bjornsdottir@reykjavik.is og Droplaug Guðnadóttir í síma 644-7790, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Umsóknum skal skilað í Þorrasel eða sendar á meðfylgjandi netföng.

Jafnframt er vakin athygli á að hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til 11. júlí nk.**

## Sjúkraliðar,
### félagsliðar eða starfsmenn vanir umönnun

**Þjónustumiðstöð Vesturbæjar óskar að ráða sjúkraliða, félagsliða eða starfsmenn vana umönnun sem fyrst til starfa í Þorrasel dagdeild aldraðra Þorragötu 3.**

**Helstu verkefni:**
- Aðstoð við böðun og aðra persónulega umhirðu
- Skipulag og stuðningur við þátttöku í félagsstarfi s.s. spjall, gönguferðir, lestur úr blöðum o.fl.
- Aðstoð í borðstofu

Vinnutími virka daga frá kl. 8.00-16.00 eða eftir nánara samkomulagi.

Góð vinnuaðstaða í fallegu umhverfi þar sem rekin er fjölbreytt og lifandi starfsemi fyrir 40 aldraða einstaklinga sem búa á eigin heimilum en dvelja á dagdeildinni yfir daginn.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar gefa Kristín Björnsdóttir í síma 561-2828, netfang: kristin.bjornsdottir@reykjavik.is og Droplaug Guðnadóttir í sima 644-7790, netfang: droplaug.gudnadottir@reykjavik.is

Umsóknum skal skilað í Þorrasel eða sendar á meðfylgjandi netföng.

Jafnframt er vakin athygli á að hægt er að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

**Umsóknarfrestur er til 11. júlí nk.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# BF Tindar
**- Húsasmiðir og verkamenn**

Óskum eftir húsasmiðum og verkamönnum, næg verkefni framundan.
**Upplýsingar gefur Arnar í síma 899-5040**

## KÓPAVOGSBÆR

# LAUS STÖRF
## Í LEIKSKÓLUM KÓPAVOGS:

***Kynnið ykkur launakjör í leikskólum í Kópavogi.***

**Baugur: 570 4350**
- Leikskólakennarar
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi v/sérkennslu

**Dalur: 554 5740**
- Leikskólak.þroskaþjálfi/leiðbein. 1. ág.
- Sérkennslustjóri 1. ág.
- Starfsmaður í skilastöðu 1. sept.

**Efstihjalli: 554 6150**
- Leikskólakennarar frá 1. ágúst

**Fífusalir: 570 4200**
- Deildarstjóri á yngri deild
- Leikskólakennarar
- Sérkennslustjóri 75%, afleysing

**Grænatún: 554 6580**
- Sérkennslustjóri 50% frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. 100% frá 1 ágúst

**Hvarf: 570 4900**
- Deildarstjórar frá 11. ágúst
- Leikskólakennarar frá 11. ágúst
- Sérkennsla, sem fyrst

**Kópahvoll: 554 0120**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst
- Leikskólak/þroskaþj. í stuðning 50% f.hád.

**Kópasteinn: 564 1565**
- Leikskólak/leiðb. næsta haust
- Leikskólak/leiðb.tímab.afleysing næsta haust

**Marbakki: 564 1112**
- Leikskólakennari frá 1. ágúst

**Núpur: 554 7020**
- Deildarstjóri 2-3 ára barna
- Leikskólakennarar
- Sérkennsla

**Rjúpnahæð: 570 4240**
- Deildarstjóri
- Leikskólak. á deild/sérkennsla/íþróttir

**Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789**
- Leikskólakennarar

***Nánari upplýsingar á:***
***www.kopavogur.is***
***og www.job.is***



# „MAÐUR ER ALLTAF AÐ LEIKA SÉR Í VINNUNNI“

**Frístundaheimili ÍTR óska eftir starfsfólki sem getur tekið þátt í að stýra starfi með 6-9 ára börnum á eftirfarandi sviðum:**

- List- og verkgreinar, s.s. tónlist, myndlist, leiklist, smíði, textíl
- Íþróttir og leikir, s.s. útileikir, innileikir
- Útivist og umhverfismennt, s.s. gönguferðir, náttúruskoðun
- Barnalýðræði og lífsleikni, s.s. hópastarf, barnafundir, lesa sögur, vinátta og samvera

Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi en starfshlutfall og vinnutími getur verið sveigjanlegt

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



# Ævintýri ALLA DAGA

**Leikskólar Reykjavíkurborgar óska eftir að ráða til sín leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun og reynslu.**

Nánari upplýsingar veita mannauðsráðgjafar á Leikskólasviði í síma 411 7000.
Hægt er að sækja um starf í leikskóla á www.reykjavik.is/storf.

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

## Auglýsingasími
# 512 5050




– Mest lesið

## VERKEFNASTJÓRI Í FYRIRTÆKJAÞRÓUN ÖSSURAR

### HEFUR ÞÚ BRENNANDI ÁHUGA Á AÐ TAKAST Á VIÐ KREFJANDI STARF HJÁ EINU FRAMSÆKNASTA FYRIRTÆKI LANDSINS?

Össur leitar að metnaðargjörnum og talnaglöggum einstaklingi í krefjandi starf verkefnastjóra í fyrirtækjaþróun. Fyrirtækjaþróun Össurar er hluti af fjármálasviði félagsins. Deildin er ábyrg fyrir umsjón innri og ytri vaxtarverkefna ásamt fjárstýringu og fjárfestatengslum félagsins. Starfsmenn deildarinnar sinna afar fjölbreyttum verkefnum og eru í miklum samskiptum við starfsmenn annarra sviða og starfsstöðva víða um heim.

**STARFSSVIÐ:**
- Gerð viðskiptaáætlana fyrir innri og ytri vaxtarverkefni
- Stjórnun og eftirfylgni innri og ytri vaxtarverkefna
- Þátttaka í ytri fjármögnun og fjárstýringu
- Þátttaka í gerð kynningarefnis fyrir fjárfesta og markaðsaðila
- Ýmis önnur verkefni tengd stefnumótun og vexti félagsins

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sérfræðiþekking á sviði fjármála
- Reynsla af gerð viðskiptaáætlana og verðmati fyrirtækja
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð enskukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrá þurfa að berast job@ossur.com fyrir 5. júlí næstkomandi.
Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



## PROJECT MANAGER CORPORATE DEVELOPMENT

### ARE YOU ASPIRING TO TAKE ON A CHALLENGING ROLE AT A LEADING GLOBAL COMPANY?

Ossur seeks an ambitious and highly motivated individual to take on a challenging role as Project Manager in Corporate Development. Corporate Development is part of Ossur's Corporate Finance division and is based in Iceland. The department is responsible for identifying, evaluating and managing internal and external growth opportunities as well as leading the Company's treasury and investor relations functions. The Corporate Development team participates in highly diverse and dynamic projects across the global organization.

**MAIN JOB RESPONSIBILITIES:**
- Develop business cases for internal and external growth opportunities
- Manage internal and external growth projects
- Participate in external financing and other treasury projects
- Generate information material for investors, analysts and the OMX Nordic Exchange
- Various other strategic projects

**QUALIFICATIONS:**
- An applicable university degree
- Strong financial skills, experience in financial modeling and valuation
- Excellent analytical and planning skills
- Project management experience
- Results oriented, self-motivated and team player
- Excellent communication and interpersonal skills
- Fluent in English

Applications including a resume are due by 5 July via job@ossur.com.
For further information please contact Human Resources in Iceland +354 515 1300.
All applications will be treated with confidentiality.

Ossur is a leading global medical device company with 1600 employees in 12 countries and annual sales exceeding 335 million US dollars in 2007. Headquartered in Iceland, Ossur has subsidiaries in North America, Europe and Asia as well as distributors worldwide. The Company values are Honesty, Frugality and Courage.

ÖSSUR®

*Life Without Limitations®*

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Félagsþjónusta Kópavogs:**
- Forstöðumaður frístundaheimilis fyrir börn og unglinga með sérþarfir
- Starfsmaður frístundaheimilis fyrir börn og unglinga með sérþarfir
- Aðstoð við heimilisstörf

**Roðasalir** – sambýli og dagþjálfun
- Sumarafleysingar:
- Dagþjálfun
- Aðhlynning
- Sjúkraliði

**Félagsstarf aldraðra – Gjábakki:**
- Ræsting 50% í júlí og ágúst

**Sundlaugin Versölum:**
- Helgarvinna í sumar fyrir konur og karla

**Hvammshús:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009:*
- Kennari við sérúrræði

**Kvöldskóli Kópavogs:**
- Starfsmaður á skrifstofu 60%

## GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Digranesskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Umsjónarkennari á yngsta stig

**Hjallaskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Deildarstjóri/verkefnastjóri
- Umsjónarkennarar á yngra stigi
- Námsráðgjafi 100%
- Kennari í nýbúadeild 100%
- Matráður 100%
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

**Hörðuvallaskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Skólaliði II – gangavörður/ræstir
- Starfsmenn í Dægradvöl 50%-70%

**Kársnesskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Sérkennari
- Þroskaþjálfi

**Lindaskóli:**
- Starfsfólk í Dægradvöl hlutastörf

*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Kennari í sérkennslu

**Salaskóli:**
- Skólaliðar II – gangav/ræstar hlutastarf eða fullt starf
- Starfsfólk í Dægradvöl hlutastarf

**Smáraskóli:**
- Umsjónarkennari á miðstig

**Snælandsskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Umsjónarkennari á unglingastig

**Vatnsendaskóli:**
*Fyrir skólaárið 2008-2009*
- Þroskaþjálfi
- Kennari á miðstig
- Stuðningsfulltrúi
- Dönskukennari

***Nánari upplýsingar á: www.kopavogur.is og www.job.is***

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar
www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SPÖNG BYGGINGAVERKTAKAR

## Mótagengi/ Smiðir
### vanir gifsklæðningum

Spöng ehf óskar eftir smiðum eða samstarfsaðilum, annars vegar í uppsteypuverkefni og hins vegar í gifsklæðningar og frágang innandyra.

Krafist er mikillar reynslu og fagmennsku.

Næg verkefni framundan.

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á jbj@spong.is
Upplýsingar gefur Jón Bjarni í síma 8983847

**Skagfirska söngsveitin**

## Söngstjóri

Skagfirska söngsveitin í Reykjavík auglýsir eftir öflugum söngstjóra. Kórinn sem hefur verið starfræktur í 38 ár er blandaður kór með 50 metnaðarfullum kórfélögum tilbúnum til krefjandi verkefna. Síðasta verkefnið var þátttaka í flutningi á Carmina Burana í Carnegie Hall í New York 14. júní s.l. undir stjórn Garðars Cortes.

Umsóknir ásamt upplýsingum um feril og menntun sendist fyrir 15. júlí 2008 á skagfirska@skagfirska.is

**Skagfirska söngsveitin**

HRINGRÁS ENDURVINNSLA

## Starfsmaður í spilliefnamóttöku

Vegna stöðugt aukinna umsvifa óskum við eftir starfsmanni í spilliefnamóttöku Hringrásar. Góð íslenskukunnátta nauðsynleg auk þekkingar á íslenskum staðháttum.
Nýr starfsmaður fær nauðsynlega þjálfun í starfið.

Upplýsingar um starfið gefur Jóhann Karl Sigurðsson á email johannkarl@hringras.is eða í síma 899-7979

Hringrás hf. hefur rekið spilliefnamóttöku sl. 3 ár þar sem tekið er á móti öllum þeim efnum sem flokkast sem spilliefni. Hringrás hefur þjónustusamning við fjölmörg fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög um spilliefni. Í spilliefnamóttöku Hringrásar eru efnin flokkuð og send til förgunar til viðurkenndra aðila hér heima og erlendis.

**Hringrás hf. • Klettagörðum 9 • 104 Reykjajvík**
**sími 5501900**

BAUHAUS®

Markmið og hlutverk Bauhaus eru skýr. Bauhaus er fyrst og fremst öflugt verslunar- og þjónustufyrirtæki. Hlutverk Bauhaus er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir góðum vörum á hagstæðu verði með hagkvæmni og ánægju þeirra að leiðarljósi. Leið viðskiptavinanna inn í hjarta Bauhaus er styttri en áður hefur þekkst á þessum markaði. Bauhaus hefur vaxið ört með því að bjóða gæðavörur á lægra verði með góðri og persónulegri þjónustu þar sem viðskiptavinurinn er alltaf í fyrirrúmi. Saga fyrirtækisins er því góður grunnur sem Bauhaus mun byggja á. Bauhaus er ein af stærstu verslanakeðjum á byggingasviði í Evrópu. Bauhaus rekur 190 verslanir í 12 Evrópulöndum. Verslanirnar vinna eftir „allt undir einu þaki" hugmyndafræðinni og bjóða því upp á gríðarlegt vöruúrval. Hjá Bauhaus finna fagmenn sem leikmenn bæði stórt og smátt. Bauhaus leggur mikla áherslu á þjálfun starfsmanna og stjórnendur á Íslandi byrja á því að fara í þjálfun hjá Bauhaus í Danmörku.

# Störf í boði hjá Bauhaus

### Aðstoðarframkvæmdastjóri

Aðstoðarframkvæmdastjóri heyrir undir framkvæmdastjóra. Hann situr í stjórn fyrirtækisins, er staðgengill framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á starfsemi allra söludeilda. Hann er yfirmaður deildarstjóranna.

**Megin verkefni:**
- Ber ábyrgð á vöruúrvali, framboði og verðlagningu
- Tryggir vöruframboð og gæði
- Ábyrgur fyrir að stefnu Bauhaus sé fylgt
- Ábyrgur fyrir gæðaeftirliti
- Sér um markaðssetningu og framkvæmd hennar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun t.d. á sviði viðskipta- eða rekstrarfræði er nauðsynleg
- 2-3ja ára reynsla af smásölumarkaði
- Reynsla af rekstri, viðskiptum, verkefnastjórnun og almennri stjórnun er nauðsynleg

### Sölustjóri málningardeildar

**Starfssvið:**
- Dagleg stjórnun deildar
- Stýring söluteymis
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun eða reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Reynsla af sölumennsku er nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun hópa nauðsynleg
- Góð samskiptafærni
- Geta og vilji til að ná árangri
- Þjónustulund

### Sölustjóri rafmagns- og ljósadeildar

**Starfssvið:**
- Dagleg stjórnun
- Stýring söluteymis
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun eða reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Reynsla af sölumennsku er nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun hópa nauðsynleg
- Góð samskiptafærni
- Geta og vilji til að ná árangri
- Þjónustulund

### Þjónustustjóri

Þjónustustjóri situr í stjórn fyrirtækisins. Hann heyrir undir rekstrarstjóra og ber ábyrgð á kassaafgreiðslu og viðskiptaþjónustu sem telur um það bil 30-40 manns. Rekstrardeildin er stoðdeild fyrir allar deildir vöruhússins.

**Megin verkefni:**
- Þátttaka í þjálfun starfsmanna
- Ber ábyrgð á að farið sé eftir kröfum um vinnubrögð og verkferla
- Ber ábyrgð á þjónustuborði og afgreiðslukössum og þjónustu við þá
- Sér um opnun og lokun kassaviðskipta
- Ber ábyrgð á vörum og umbúðum í sinni deild
- Ábyrgur fyrir þjónustu viðskiptavina á þjónustusvæði

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er nýtist í starfinu er æskileg
- 2-3ja ára reynsla af smásöluverslun er æskileg
- Reynsla af stjórnun er skilyrði

### Aðstoðarmaður rekstrarstjóra

**Starfssvið:**
- Innra eftirlit
- Skipulagning á vaktakerfi starfsmanna
- Þjálfun starfsmanna í notkun upplýsingatæknikerfa
- Framsetning á kynningarefni og skýrslugerð
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun kostur, ekki skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Haldgóð reynsla af notkun Excel
- Reynsla af upplýsingatæknikerfum
- Reynsla af birgðabókhaldi
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Geta til að vinna sjálfstætt

**Nánari upplýsingar:**
Björn H. Reynisson, bjorn@hagvangur.is og
Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 6. júlí nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

***Við þurfum á fjölbreyttum hópi að halda – fólki á öllum aldri og með margskonar bakgrunn.***
***Við óskum eftir dugmiklu starfsfólki sem vill ná árangri á fjörlegum vinnustað.***

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

» **Ráðningarþjónusta**

# Meiraprófsbílstjóri

Eitt stærsta sölu- og markaðsfyrirtæki landsins óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra í full starf.
Starfið felst í akstri á vörum til viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

**Vinnutími er frá kl. 07.30 - 17.00 mánudaga til föstudaga.**



## » Hæfniskröfur

- Góð þjónustulund
- Stundvisi og metnaður
- Viðkomandi þarf að hafa meirapróf eða gamla ökuprófið sem veitir réttindi á allt að 5 tonna farm

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

Reykjavíkurborg
Menntasvið

# Skólahljómsveit Grafarvogs

**Hljóðfærakennarar óskast**
Vegna stækkunnar skólahljómsveitarinnar með tilkomu þjónustu við nemendur í Grafarholti frá hausti 2008 vantar kennara til starfa næsta skólaár. Skólahljómsveitin sinnir nemendum í 10 grunnskólum í Grafarvogi og Grafarholti. Meginaðstaða hljómsveitarinnar er í Foldaskóla. Leitast er þó við að hafa hljóðfæratíma í heimaskóla og á skólatíma.

**Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar:**
- Málmblásarakennari, kennsla á öll hljóðfærin, 40% staða - staða til eins árs, með möguleika á framlengingu.
- Málmblásarakennari, með áherslu á trompet-/kornettkennslu, 25% staða.
- Tréblásarakennari, með áherslu á þverflautu, 30% staða.
- Tréblásarakennari, með áherslu á saxófón 40% staða.

**Hæfniskröfur**
- Æskilegt er að umsækjandi hafi háskólapróf á viðkomandi blásturshljóðfæri og/eða kennsluréttindi á viðkomandi hljóðfæri.
- Hæfni í samskiptum við börn og samstarfsfólk.
- Gott vald á íslensku æskilegt.

**Umsóknarfrestur er til 28. júlí nk.** Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf auk annarra gagna sem málið varðar.Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is eða senda umsókn til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Laun miðast við kjarasamninga Launanefndar sveitarfélaga annars vegar og Félags tónlistarskólakennara og Félags íslenskra hljómlistarmanna hinsvegar.

Allar frekari upplýsingar um hljómsveitina er að finna á heimasíðu sveitarinnar http://skolahljomsveitir.is/grafarvogs/ og hjá Einari Jónssyni, hljómsveitastjóra, í síma 664 8189.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

---

# Gæðastjóri Neyðarlínunnar

Neyðarlínan óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan einstakling í starf gæðastjóra.

**Helstu verkefni:**
- Umsjón með gæða- og öryggismálum fyrirtækisins
- Ýmis upplýsingavinnsla og tölfræði
- Viðhald handbóka og kynningarefnis
- Skilgreining og innleiðing verklagsreglna og boðunaráætlana
- Verkefnastjórn

**Hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Háskólamenntun
- Hagnýt starfsreynsla

Neyðarlínan rekur neyðarnúmerið 112 og er í nánu samstarfi við viðbragðsaðila og stjórnvöld. Auk þess rekur Neyðarlínan fjarskiptakerfið Tetra og er þátttakandi í rekstri Vaktstöðvar siglinga. Hjá fyrirtækinu starfa 30 manns.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dagný Halldórsdóttir í síma 570 2000. Einnig er fyrirspurnum svarað í tölvupósti starfsumsokn@112.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí n.k. Tekið er á móti umsóknum í móttöku Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð 14 í umslögum merktum Neyðarlínan – starfsumsókn eða í tölvupósti til starfsumsokn@112.is

112
EINN EINN TVEIR

Grafika 08

---

Einungis verður tekið við umsóknum á þar til gerðum eyðublöðum. Þau má finna á vefsíðu forsætisráðuneytis (www.forsaetisraduneyti.is, Jafnréttissjóður). Umsóknarfrestur er til 1. september 2008 og verður úthlutað úr sjóðnum á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2008.

Jafréttissjóður starfar samkvæmt reglum nr. 513/2006, um úthlutun styrkja Jafnréttissjóðs.

**Reykjavík 29. júní 2008**

Akraneskaupstaður

### Akraneskaupstaður óskar eftir tilboðum í verkið
## Akraneshöll
**- málun á þaki**

Verkið felst í að háþrýstiþvo þak hússins með hreinsiefni og mála tvær umferðir. Verkkaupi leggur til allt efni til verksins.

**Þakflötur 9.800 m2**

Verklok skulu vera 30. ágúst 2008.

Útboðsgögn eru til afhendingar frá og með 30. júní n.k. hjá tækni- og umhverfissviði Akraneskaupstaðar, Dalbraut 8 á Akranesi.

Gögnin verða afhent endurgjaldslaust á geisladiski.

Tilboð verða opnuð á sama stað, fimmtudaginn 10. júlí n.k., kl. 11:00.

**Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar**



Óðni finnst gaman í vinnunni enda segist hann vinna með frábæru fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fjölbreytt starf og frábært fólk

***Þegar sumarið gengur í garð flykkjast Íslendingar í sundlaugarnar. Þar er svamlað og leikið undir vökulu auga laugarvarða.***

„Það er nú ekkert mjög flókið að lýsa þessu starfi,“ segir Óðinn Þröstur Guðbrandsson sundlaugarvörður og vaktstjóri í Árbæjarlaug í Reykjavík. „Þetta er aðallega þjónusta og gæsla,“ heldur hann áfram spurður um það hvað felist í starfinu á meðan greinilega heyrast ærsl og busl sundlaugargesta í bakgrunni.

„Ég sé aðallega til þess að fólk hegði sér, taki tillit til annarra og passa upp á að fólk slasi sig ekki,“ segir Óðinn og bætir við að hann verði alltaf að vera tilbúinn ef eitthvað skyldi koma fyrir. Óðinn hefur starfað í Árbæjarlauginni í tæp átta ár. Þegar hann er inntur eftir því hvort hann hefði starfað í sundlaug áður segist hann aldrei nokkurn tíma hafa komið nálægt þeim fyrir þann tíma. „Ég hef unnið sem járniðnaðarmaður í mörg ár og prentari,“ upplýsir Óðinn.

Þar sem starf Óðins er í miklum tengslum við fólk upplifir hann mörg eftirminnileg atvik. „Skemmtileg atvik eru alveg endalaus. Það er voða gaman að vinna hérna,“ segir Óðinn og hlær við. „Ég hef nú mest gaman af allra yngstu börnunum. Þau eru svo opin og skemmtileg. Ég man eftir tveimur strákum í skólasundi í sex ára bekk sem voru að ræða hvort þeir væru með sameiginlegt fjárráð með foreldrunum,“ segir Óðinn og skemmtir sér mikið yfir þessari minningu. „Svo fóru þeir að spyrja mig hvað þetta þýddi í raun og veru og spyrja mig ráða. Það er náttúrulega ekkert auðvelt að útskýra fyrir sex ára krökkum hvað sameiginleg fjárráð eru.“

*martaf@frettabladid.is*

## HVERNIG VERÐUR MAÐUR LJÓSMÓÐIR?



Þríburafæðing - Margrét Guðmundsdóttir ljósmóðir

# Fræðsla og ráðgjöf

***Til að hefja nám í ljósmóðurfræðum þarf maður að hafa lokið BS prófi í hjúkrunarfræði eða sambærilegu námi.***

Hvað er ljósmóðir: Ljósmóðir er einstaklingur sem hefur lokið námi í ljósmóðurfræði, sem er viðurkennt í því landi sem það var stundað. Hún verður að hafa lokið náminu með viðunandi vitnisburði og hlotið leyfi viðkomandi yfirvalda til að stunda ljósmæðrastörf. Ljósmóðir er fagaðliði sem í samráði við konur veitir nauðsynlegan stuðning, ummönnun og ráðgjöf til kvenna á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu.

Hlutverk ljósmóður: Í hlutverki ljósmóður felst fræðsla á meðgöngu, undirbúningur fyrir foreldrahlutverkið, einnig fræðsla um heilbrigði og kynheilbrigði kvenna ásamt umönnun barna.

Námið: Nám í ljósmóðurfræðum er í dag tveggja ára nám að loknu BS prófi í hjúkrunarfræði eða sambærilegu námi. Helstu námsgreinar: Meðal helstu námsgreina má nefna inngang að ljósmóðurfræði og heilbrigði kvenna. Grunnnámskeið í ljósmóðurfræði er kennt á fyrra ári en á seinna ári er áherslan lögð á klínískt nám og starfsþjálfun á heilbrigðisstofnunum. Ljósmóðurnáminu lýkur með embættisprófi sem tryggir starfsréttindi.

# ÚTBOÐ

**F.h. Reykjavíkurborgar:**

***Rammasamningur "Kjötvörur o.fl." EES útboð.***
Útboðsgögn fást á geisladiski frá og með 2. júlí 2008, í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 29. júlí 2008, kl 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12159
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur og Mílu hf:**

***Esjumelar 3. áfangi og Viðidalur 1. áfangi. Gatnagerð, reiðstígagerð og lagnir 2008***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 frá og með 1. júlí 2008, í síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 15. júlí 2008 kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.
12163
Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Orkuveita Reykjavíkur
míla

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**SORPA bs., Gufunesi, 112 Reykjavík, óskar eftir tilboðum í verkið:**

„Urðunarsvæðið í Álfsnesi - móttaka, röðun og yfirmokstur sorps - útboð 2008."
Í verkinu felst móttaka, umsýsla og frágangur alls sorps sem berst á verktímanum til urðunar á athafnasvæði SORPU bs. í Álfsnesi.

Verktíminn er tæp 6 ár, frá 2. janúar 2009 til 31. ágúst 2014.

Áætlað magn sorps á verktímanum er 900.000 tonn, miðað við reynslu fyrri ára. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn er hægt að nálgast frá og með þriðjudeginum 1. júlí nk. í vigtarhúsinu við móttökustöð SORPU bs. í Gufunesi, á opnunartíma stöðvarinnar, sem er frá kl. 07.30 til 18.00 alla virka daga og frá kl. 10.00 til 18.00 á laugardögum, gegn fimm þúsund króna óafturkræfri greiðslu.

Tilboðum skal skila á skrifstofu SORPU bs. í Gufunesi eigi síðar en fimmtudaginn 21. ágúst kl. 11.30 og verða þau opnuð þar á þeim tíma, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Kynning á verkefninu (vettvangsskoðun) verður í Álfsnesi þriðjudaginn 15. júlí nk. og hefst hún kl. 13.15.

SORPA
sorpa.is

www.mos.is MOSFELLSBÆR
Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

# ÚTBOÐ

**KRIKASKÓLI – EFTIRLIT**

**Mosfellsbær auglýsir eftir aðilum til að sinna eftirliti með framkvæmdum við Krikaskóla.**

Um er að ræða byggingu nýs 2300 m² skóla í Krikahverfi og fellst verkið í að annast daglegt eftirlit á vinnustað ásamt því að vera fulltrúi verkkaupa gagnvart verktaka.
Val bjóðenda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.
Útboðsgögn verða afhent í Þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð frá og með mánudeginum 30. júní 2008.
Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 15. júlí 2008.
Miðað er við að framkvæmdir hefjist í ágúst 2008 og að framkvæmdum verði lokið í júlí 2009.

**Tækni- og umhverfissvið Mosfellsbæjar**

FLÓAHREPPUR

# ÚTBOÐ

**GATNAGERÐ HEIÐARGERÐI 2008.**

Flóahreppur óska eftir tilboðum í verkið GATNAGERÐ HEIÐARGERÐI 2008.
Verklok eru 1. október 2008

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| - Gröftur | 3000 m3 |
| - Fyllingar | 3000 m3 |
| - Vatnslagnir | 380 m |
| - Malbikun | 4245 m2 |

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi á heimasíðu Verkfræðistofu Suðurlands frá og með mánudeginum 30 júní. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Bárð í síma 482 3900, eða með tölvupósti til bardur@verksud.is og gefa upp nafn, heimilsfang, síma og netfang og fá í kjölfarið úthlutað aðgangi að FTP svæði Verkfræðistofunar þar sem gögnin eru vistuð.
Tilboðum skal skila á Verkfræðistofu suðurlands, Austurvegi 3-5 fyrir kl. 13:00 mánudaginn 7. júlí 2008, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Verkfræðistofa Suðurlands**

E F F
FASTEIGN HF

# ÚTBOÐ

**MÚRVERK**

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.
óskar hér með eftir tilboðum í verkið:

## Háskólinn í Reykjavík

**Frágangur innanhúss – Múrverk**

Verkið felst í múrverki innanhúss í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni. Helstu verkþættir eru gólfílögn undir gólfefni, vélslípuð gólfílögn steinbónuð, hlaðnir og múraðir veggir og flísalögn.

Aðalverktaki verksins er ÍSTAK hf. Væntanlegur undirverktaki vegna útboðs þessa verður undir stjórn aðalverktaka.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gólfílögn undir gólfefni | ~ 22.700 m2 |
| Vélslípuð gólfílögn steinbónuð | ~ 5.400 m2 |
| Flísalögn | ~ 1.500 m2 |
| Hlaðnir veggir | ~ 400 m2 |

Verkinu verður skilað í tveimur áföngum.
Fyrri áfangi skal vinnast á tímabilinu september 2008 – maí 2009.
Seinni áfangi skal vinnast á tímabilinu júlí 2009 – maí 2010.
Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu Línuhönnunar hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 2. júlí 2008.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf., Bíldshöfða 9, miðvikudaginn 23. júlí 2008, kl. 14:00.

Sveitarfélagið ÁRBORG

# ÚTBOÐ

Framkvæmda og veitusvið Árborgar, Austurvegi 67 Selfossi, óskar eftir tilboðum í byggingu dælustöðvar hitaveitu á Ósabotnasvæði í Hraungerðishreppi. Um er að ræða byggingu 80 fermetra steinsteypts húss með léttu þaki, einangrað og múrklætt að utanverðu. Einnig vinna við stofnlagnir, raflagnir, hreinlætiskerfi, loftræsikerfi og vinna við uppsetningu dælubúnaðar.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Steinsteypa | 49 m3 |
| Mótasmíð | 390 m2 |
| Léttar þakeiningar | 80 m2 |
| Einangrun og múrklæðning | 150 m2 |
| Einangruð hitaveiturör D250/DN200 | 72 m |
| Uppsetning og tenging á 1500 kg dælum | 2 stk. |

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. nóvember. 2008. Vinnu við stofnlagnir skal lokið 1. október 2008. Útboðsgögn verða seld á kr. 10.000,- hjá Framkvæmda- og veitusviði Árborgar, Austurvegi 67 Selfossi og hjá Verkfræðistofu Suðurlands, Austurvegi 3 Selfossi, frá og með fimmtudeginum 3. júlí 2008.

Tilboð verða opnuð hjá Framkvæmda- og veitusviði Árborgar, Austurvegi 67 Selfossi, þriðjudaginn 22. Júlí 2008, kl 11:00.

E F F
FASTEIGN HF

# ÚTBOÐ

**TRÉSMÍÐI**

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.
óskar hér með eftir tilboðum í verkið:

## Háskólinn í Reykjavík

**Frágangur innanhúss – Trésmíði**

Verkið felst í almennri trésmíðavinnu innanhúss í nýbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýrinni.
Hluti A. Gifsveggir, veggklæðningar og uppbyggð gólf.
Hluti B. Gifsloft og niðurtekin málmloft.

Verktakar geta boðið í allt verkið eða hvorn hluta A eða B. Aðalverktaki verksins er ÍSTAK hf. Væntanlegur undirverktaki eða undirverktakar vegna útboðs þessa verður undir stjórn aðalverktaka.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Gifsveggir | ~ 11.600 m2 |
| Veggklæðningar | ~ 2.000 m2 |
| Uppbyggð gólf | ~ 600 m2 |
| Gifsloft | ~ 1.500 m2 |
| Niðurtekin málmloft | ~ 22.800 m2 |

Verkinu verður skilað í tveimur áföngum.
Fyrri áfangi skal vinnast á tímabilinu október 2008 – maí 2009.
Seinni áfangi skal vinnast á tímabilinu júlí 2009 – maí 2010.
Útboðsgögn fást afhent á skrifstofu Línuhönnunar hf, Suðurlandsbraut 4A, 108 Reykjavík frá og með miðvikudeginum 2. júlí 2008.
Tilboð verða opnuð á skrifstofu Eignarhaldsfélagsins Fasteignar hf., Bíldshöfða 9, miðvikudaginn 30. júlí 2008, kl. 14:00.



leiguíbúðir
www.leiguibudir.is

Vilt þú búa í miðbænum?
Glæsilegar og vel útbúnar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis í Reykjavík.

*Nánari upplýsingar og íbúðaumsóknir má finna á heimasíðu okkar www.leiguibudir.is*

Stóreign
Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600
Þorlákur Ó. Einarsson lögg. fasteignasali
Þórhildur Sandholt lögfr. og lögg. fast.sali
Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmúli 7. 108 Rvk.
storeign.is
FAX 535 1009
Stóreign kynnir:

# Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma.

Frum

**Hafið samband og fáið nánari upplýsingar.**

# Stóreign

**fremstir í atvinnufasteignum**

Stóreign.is
s :: 590_7600

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

brimborg
Taktubil



**Volvo BL71+ Traktorsgrafa**
Eigum til afgreiðslu strax mjög vel útbúna Volvo BL71+ traktorsgröfu. Upplýsingar í síma 515 7000 eða 893 4435 Ólafur.



**Volvo EC240C Beltagrafa**
Eigum til afgreiðslu strax einstaklega vel útbúnar Volvo beltagröfur. Upplýsingar í síma 515 7000 eða 893 4435 Ólafur.

**Brimborg**
**Bildshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**

## Bílar til sölu




**Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala**
Netbilar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300







Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com



VW Golf Comf árg. '05. Ek. 44 þ. ssk. Vetrad. á felg. V. 1920 þ. Yfirtaka ca. 1730 þ. Ca. 45 per mán. S. 575 1460.



**Einstakt tækifæri**
Eitt glæsilegasta eintak sinnar tegundar. Pontiac Bonneville '68 blæjubíll, ekinn 37 þ.mílur. Bíll í frábæru standi, mikið endurnýjaður. Myndir og uppl. á www.blog.central.is/bonneville áhugasamir hringi í 692 3099.



**Frúarbíll**
VW Passat, árg. '05, ek. 62 þ.km. Fæst með yfirt. á láni. 2,2 mil. Uppl. í s. 821 3790.



**M5 Indivitual 2001**
M5 2001 individiual með öllu + lækkunar kitt,20" felgur ,18" felgur bad look húdd ,sport siur, splunku ný 20"dekk og margt annað einn sá fallegasti. verð 3.9 mill. lán 3,1 mill. Uppl. í s. 847 7663.



Til sölu Hyundai Getz. Árg. '05 ssk. 1600 ek. 35000 ásett v. 1370 þ. fæst á 990 þ.. Uppl. í s. 898 8835.



**Tilboðsbíll!!**
Chrysler PT Cruiser árg 2003. Ek. 57 þ. mílur. Tilboð 890.000.- Litur grár. Áhvílandi 320 þús. 5 manna. Sjálfskiptur. Sumar og vetrardekk. Bílamarkaðurinn Bílar og vagnar ehf. í síma 567 1800.



**BMW 520 TDI Sport STW Megatilboð**
Árg. '03 sk. '09 Ek. 189 þ. síma, DVD, 16" felg. Listav. 2,670 m. Tilboð 1.490 m. Skipti á ódýrari. S. 844 8606.



**Golfbíll**
Til sölu Bombardier rafmagnsgolfbíll. Í fínu standi. V. 395 þ. Uppl. í s. 897 1849



Nýjar vélar, 2ja ára ábyrgð. Til sýnis og sölu á Vélaverkstæði Grafvéla, Hellu. www.tafe.is S. 697 3217.



**TYM Fjölnota tæki**
Grefur, slær, mokar, plægir, tætir, borar og margt fl. 3ja ára ábyrgð. Hagstæð lán. Til sýnis og sölu á Vélaverkstæði Grafvéla, Hellu. tym.is s. 697 3217.



Magnum SXT '07, 22", cruize, Xenon, customkit, angel eyes, eyelids, omfl. 4.590 þús. 699-0735



Audi TT Quattro, 04/03, 225 hö. Ek. 65þkm. Svartur, leður, allur pakkinn. Ek. 65 þ.km. V 2.390 þús. S.8567452

Toyota Hilux '05, 38" breyttur, læsingar, hlutföll, loftpúðafjöðrun að aftan. Ek. 45 þ. Einnig til sölu Benz E320 '00. Ek. 180 þ. Sem nýr. Uppl. í s. 663 7365

Sparibaukur í frábæru ástandi. Fiat Panda 05 ek 21þ. Eyðir 5 innanbæjar, ssk./bsk. upp í 6948494/6998982

## 0-250 þús.

Ég óska eftir bíl á bilinu 0-150 þúsund sem þarf að vera beinskiptur, þarf að vera í góðu ásigkomulagi og vel útlítandi. Símanúmer er 846-2416

## 250-499 þús.



Grand Cherokee Ltd 19.12.1997 5,2L V8 Ekinn 190 þ. í góðu standi. Sk.'09. Verð skv.bgs 638.000. Tilboð 438 þús. Uppl. í s. 661 8075 Sveinn.



Til sölu Huyndai Sonata árg.2000. Ekinn 151.000km sjálfskiptur, álfelgur, kúla ofl. litur vel út. Verð 490.000 áhv.296.000 lán getur fylgt með. uppl. í síma 6939901

## 500-999 þús.



Audi A4 1.6 árg.2000 5 gíra ek.80þús. Mjög vel með farinn. Verð 830þús. Sími 8617109.

## 1-2 milljónir




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



Til sölu Honda CBR 600, árg. 2007, ek. 4.600 km. Ásett verð 1,2 millj. Gott áhvílandi lán Uppl. í síma: 8493808.



Toyota Rav 2002 ek. 99 þús. Listaverð 1550þús, fæst á 1250þús. Sími: 893-2318

## 2 milljónir +




Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



Honda CR-V árg. 2005 hvítur dekurjeppi ek. 43þ.km V. 2.390.000 - Jóna s. 8939559



TILBOÐ ALDARINNAR INFINITI G35 nýskráður 2004. 260 hestöfl. Bíll ársins 2003 hjá motortrend.com Ásett verð: 3850 þús. Verð nú 2700 þús. 1150 þús. kr. afsláttur Ný sumar- og nýleg nelgd vetard. Uppl. sími 8420769



**2900 þ.**
Dodge Charger '07. Ek. 6 þ. Filmur og 20 tommu dekk. Tilb. V. 2,9. S. 8445222



**Yfirtaka + 300 þ.**
Lexus is 250 árg 08/2007 ek. 10þ. Einn með öllu, glæsilegur bíll. Lán 4,7. Uppl. í s. 698 4945.



Terracan 38" Toppstand, 117 þ.km, leður, bsk, filmur, 38" Ground.H á álf., 38" nelgd AT á stálf.+37"á álf..V:2.99m-stgr: 2.59m.Ath skipti. S:8999887

Subaru Legacy station til sölu, árg 2007 sjálfsk 17"álfelgur sumar-vetrardekk. upplýsingar í síma 660-6232

2006 Grand Cherokee Limited 5,7 HEMI, silfurl. ekinn 39þ.m. 100% lán. S: 6626300

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á 0-150 þús ekki eldri en '97 má þarfnast lagfæringa uppl s.841 8955.

Ódýrum bíl frá 15-50 þús. Má vera Númerlaus Allt kemur til greina. 6901433

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com



**TILBOÐ 170 ÞÚS.**
MMC Pajero V6 3000, árg. '93, ek. 230 þús. sk. '09. Í fínu standi. Ódýr 7 manna fjölskyldubíll. Uppl. í s. 821 4111.



Pajero DID árg. '04 ekinn 82.000 35" breyttur, sjálfskiptur, dísel, leður, topplúga, dráttarkrókur, litaðar rúður, 6 diska cd, álfelgur ofl. Verð 4.590.000. Uppl. í síma 820-4884.

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450þús, Ford F350 DIESEL frá 3390þús, Dodge RAM 1500 frá 2300þús, Dodge RAM DIESEL frá 3290þús, Toyota Tacoma frá 2990þús, Toyota Tundra frá 3090þús. Sími 5522000. www.islandus.com



**Travel Lite Pallhýsi**
Pallhýsi, vel útbúin í fríið, 3 stærðir, besta verðið, 14 - 1800 þús. eftir stærð, til sýnis á Oddagötu 8. Rek. Travellitecampers.com Ferðapallhýsi ehf. S. 663 4646.

## Sendibílar



**Stór vinnubíll!!!!**
M.Benz Sprinter 312, 2.9 diesel (hár) árg. '96 ek. um 350 þ.km. Sjálfkiptur, 3 manna, vínrauður. Verð 550.000- stgr. Uppl. í síma 842 6605.

Ford Transit Árg. '04 sendibíll. Ásett 1700 þ. Upplýs. Gunnar. S. 695 2589.

## Vörubílar



MAN H29 TGA 26,530 6X4 . Árgerð 10/2004 sjálfskiptur. Eurotrailer árgerð 6/2005. Verð 12.5 millj. m.vsk. Lán hjá Glitnir ca. 8.5 millj. Uppl. í síma 892 1435 eða 698 0070.



Til sölu Scania 124G 420 árg. '00 með Hiab 220C5 '04. Stóll undir palli og gámalásar í palli. V. 10,9 millj. + vsk. Uppl. í s. 894 1705.

**101 heild ehf sem rekur veitingastaðina Silfur og Brons leitar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:**

- Framreiðslumanni eða metnaðarfullum einstaklingi til að sjá um veislusali Silfurs
- Vaktstjóra í sal á Brons
- Aðstoðafólki í hlutastörf um helgar í veitingasal á Silfri
- Aðstoðafólki í hlutastörf um helgar og virka daga í veitingasal á Brons

Við leitum eftir kurteisu og metnaðarfullu fólki. Reynsla er kostur en ekki skilyrði. Nánari upplýsingar eru veittar á Silfri milli kl. 14.00 og 18.00 eða info@silfur.is

SUBWAY

**Aðstoðarverslunarstjóri á Subway**

Óskum eftir jákvæðum og duglegum starfsmanni í stöðu aðstoðarverslunarstjóra. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, röskur og góður í mannlegum samskiptum. Aðstoðarverslunarstjóri er hægri hönd verslunarstjóra ásamt því að sinna almennri afgreiðslu og þrifum. Viðkomandi þarf að vera eldri en 20 ára og vera íslenskumælandi. Nánari upplýsingar veitir Anna í síma 530-7004. Umsóknir fyllist út á subway.is eða sendið ferilskrá á annagyda@subway.is

**Sjávarkjallarinn**

Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík? Uppl. veitir Valtýr (661 9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is

DOMO

**Veitingastaðurinn Domo**

Óskar eftir duglegu og áhugasömu starfsfólki til þjónustu í sal í kvöld- og helgarvinnu. Óskum einnig eftir vönum barþjónum. Íslenskukunnátta æskileg. Reynsla og aldur yfir 20 ára kemur einungis til greina. Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846, 552 5588, eða á maggi@domo.is

N1

**Starfsmenn óskast**

N1 óskar eftir að ráða áreiðanlega og duglega starfsmenn til framtíðarstarfa í ýmis störf hjá félaginu. Við leitum meðal annars að starfsmönnum í nýja þjónustustöð á Bíldshöfða 2, starfsmönnum við bensínafgreiðslu, starfsmönnum í verslun og fleiri störf. Áhugasamir vinsamlegast sæki um á www.n1.is.

**Garðaþjónusta Íslands**

Óska eftir tveimur hörkuduglegum mönnum í jarðvegsframkvæmdir. Bílpróf skilyrði. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 866 9767 & 844 6547.

**JC Mokstur**

Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi eða meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna. Upplýsingar í síma 824 2340.

**Gröfumenn**

Óska eftir að ráða vana gröfumenn, mikil vinna framundan. Upplýsingar í síma 894 0210

Óskum eftir snyrtifræðimeistara til starfa. Nánari upplýsingar í síma 892 5368.

Vantar mann í vinnu við heyskap ofl. Uppl. í síma 434 7729.

Starfsfólk óskast í mötuneyti. Líflegur vinnustaður. Helst 30 ára og eldri. Umsóknir sendist á magnus@veislulausnir.is

Aðstoðarmaður/nemi óskast til starfa sem fyrst hjá Café Konditori Copenhagen. Áhugasamir hafið samband við Arnar í S. 664 7411.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

Kona á besta aldri óskar eftir vinnu við þrif og/eða ummönnun. Hef miklu reynslu. Hafið samband í síma 699 0739 & 567 4494.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbílstjórar, suðumenn, fiskvinnslufolk o.fl. S.8457158

TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Hárgreiðslustofan Kompaníið**

Freyja Sigurjónsdóttir er komin til okkar á Kompaníinu Smáratorgi 3 (Turninn) Tímapantanir í síma 588 9911.



Tilkynning frá Skaftár Labradorum Til sölu nokkrir hreinræktaðir Labrador retriever hvolpar undan Volcano's Royal Affaire Extraordinaire (IS09325/06) og Bella's Joy AusLühlsbusch (IS07480/03). Ættbók frá HRFÍ. Nánari upplýsingar í síma 896 0028, 555 4351 eða netfanginu dagur@lognet.is og á heimasíðu www.lognet.is/skaftar

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.

Samkynhn. KK ath: Nú eru mjög margar nýjar auglýsingar samkynhn. KK á Rauða Torginu Stefnumót. Símar 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

Konur ath: Nú leitar fjöldinn allur af körlum nýrra kynna. Sumir leita að varanlegu sambandi, aðrir að skyndikynnum. Heyrið auglýsingar þeirra og svarið þeim hjá gjaldfrjálsri þjónustu Rauða Torgsins, s. 555-4321.

Ný upptaka, heit og góð: kona sem tvöfaldar ánægju sína... Þú heyrir upptökuna hjá Sögum Rauða Torgsins í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8606. www.raudatorgid.is

**Stefnumót.is**

Nýr samskiptavefur: „Þar sem íslendingar kynnast". Líttu við og tryggðu þér gott notandanafn sem hentar þér til frambúðar.


Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki


TILKYNNINGAR

LÖGMANNSSTOFA LOGA EGILSSONAR HDL. EHF.

**Lögmannsstofan flytur:**

**Lögmannsstofa Loga Egilssonar hdl.** flytur frá Hlíðasmára 8, Kópavogi að **Reykjavíkurvegi 60**, Hafnarfirði.

Af þeim sökum verður stofan **lokuð mánudaginn 30. júní.**

**Skrifstofan opnar í nýjum heimkynnum, þriðjudaginn 1. júlí.**

Lögmannsstofa Loga Egilssonar hdl.ehf. | Reykjavíkurvegi 60, 2hæð Sími: 575 7230


FASTEIGNABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS – mest lesna fasteignablað landsins

Fasteignablað Fréttablaðsins er með 70% meiri lestur en Fasteignablað Morgunblaðsins.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Fasteignablað Morgunblaðsins 26,3%
Fasteignablað Fréttablaðsins 44,7%

Meðallestur á tölublað m.v. allt landið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar–apríl 2008.



# ERTU Á LEIÐ TIL BÚLGARÍU? FRÍ SKOÐUNARFERÐ!

## FRÁBÆR FJÁRFESTING VIÐ SVARTAHAFIÐ – NÝBYGGÐAR FALLEGAR ÍBÚÐIR VIÐ STRÖNDINA.





Frum

**BÓKAÐU FRÍA SKOÐUNARFERÐ!**

**Sækjum áhugasama í rútu á Golden Sands og sýnum ykkur fallegar eignir á frábærum stað ásamt að sjá nýja og spennandi hluti í leiðinni.**

***Eiríkur Hilmarsson, gsm 00354 – 822 7300 / 00359 - 8886 34003***
***John Snorri Sigurjónsson, gsm 00354 - 862 5499 / 00359 - 8847 35283***

**– www.bulgaria.is –**

- PROXIMA er rekið af íslenskum aðilum sem eru að byggja vandaðar eignir á einum eftirsóttasta stað í Búlgaríu.
- Fallegar íbúðir og raðhús við Svartahafið.
- 15 mín til borgarinnar Bourgas sem liggur við Svartahafið, þægileg og skemmtileg borg.
- 1 klukkutími til Tyrklands.
- Budjaka „svæðið" sem er byggt á er alveg við einn af frægari bæjum í Búlgaríu (Sozopol) yndislegur bær með fjölbreyttu og skemmtilegu mannlífi.
- 30 Mín á Alþjóðaflugvöll
- Þetta er eitt af eftirsóttari svæðum Búlgaríu og má aðeins byggja á 20% af landinu og aðeins upp á þrjár hæðir. Öruggt og rólegt svæði sem býður upp á góða fjárfestingu.

Proxima í samstarfi við fasteignasöluna Akkurat

Proxima FINANCE LIMITED

Akkurat FASTEIGNASALA
**STÓRHÖFÐA 27**
**Sími 594 5000**
*Halla Unnur Helgadóttir, lögg. fast.*

# GARÐURINN ER BYGGÐA BESTUR

## - þar sem ferskir vindar blása og sólsetrið er fegurst.




### Íbúð í glæsilegu parhúsi skilast fullbúin að utan sem innan.

Höfum til sölu *135 m²* 3. herbergja íbúð í parhúsi í Garði þar af 32,5 m² bílskúr. Húsin skilast fullbúin að utan sem innan. Svona hús gæti kostað 44.000.000 kr. á höfuðborgarsvæðinu en þetta hús kostar *25.900.000 kr.* í Garðinum.

***Hefurðu efni á að sleppa þessu? Komdu út í Garð!***

**25.900.000 kr.**



*HEIÐARBRAUT 1 Í GARÐI*

Nánari upplýsingar á www.volundarhus.is

*Skilalýsing*
- Húsið skilast með láréttri lerki klæðningu og stölluðu stáli á þaki.
- Gólf eru með hita og gólfefnum.
- Parket er á herbergjum, stofu og gangi.
- Allir milliveggir eru tvöfaldir.
- Flísar á forstofu, baðherbergi og þvottahúsi.
- Innréttingar eru í öllum herbergjum, eldhúsi, baði og þvottahúsi.
- Heimilistæki blástursofn, helluborð, háfur og uppþvottavél.
- Bílskúrshurð með rafmagnsopnara.
- Lóð tyrfð og steypt bílastæði með snjóbræðslu.

*Aksturstími frá Garði*
- Höfuðborgarsvæðið 35 mín.
- Bláa lónið 20 mín.
- Flugstöð, háskólasvæði, netþjónabú og Tæknigarðar 10 mín.
- Álver, iðnaðar- og atvinnusvæði í Helguvík 5 mín.

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*

VH ehf · Heiðarbraut 3 · 250 Garður · **Sími 864-2400**

# MÚTUR

Þetta segir sig kannski sjálft, eða hvað? Samt er nú svo að í mörgum löndum hefur fjármagnið alveg komið í stað siðferðis. Þar er sjálfsagt og eðlilegt að múta fólki til að fá þjónustu frá ríkinu og erfitt að komast hjá því. En best er auðvitað að sýna gott fordæmi, ef þið hafið tíma til að bíða í nokkra daga. Það er nú heldur betur gott að ylja sér við að rifja upp að ferðalagið felst ekki í sjálfum áfangastaðnum, heldur leiðinni að honum. Og það er til margt verra en að bíða fyrir utan landamærastöð í Suður-Ameríku eftir spilltum hertoga. Það er að minnsta kosti minning.

# PÓLITÍK

Kynnið ykkur aðeins sögu og stjórnmál landsins. Forðist að eyða gjaldeyri í löndum eins og Ísrael og í ríkjum sem eru alræmd fyrir mannréttindabrot og illvirki. Nema auðvitað meiningin sé að gera þar allt vitlaust í mótmælum.

Þó eru á þessu undantekningar, eins og öðru. Sem dæmi má nefna að ferðamennska í Búrma, þótt að herforingjastjórnin hagnist óhjákvæmilega eitthvað á henni, er kærkomið lifibrauð margra fátækra heimamanna. En þá skal þess gætt að kaupa beint af einstaklingum, en ekki fyrirtækjum sem eru rekin með blessun og undir skattheimtu hinna illu valdhafa.



**Ferðamennska í Kambódíu** Margir byggja afkomu sína á ferðamennsku. Miðað við margfeldisáhrif í hagkerfi gestaþjóðarinnar er mun siðlegra að búa á litlu hóteli eða í heimagistingu en hjá alþjóðlegri hótelkeðju. Það er að auki áhugaverðara og oft ódýrara að versla við litla manninn.

# VERSLUN

Verslið við litlar og sjálfstæðar ferðaþjónustur. Með því að kaupa af smáfyrirtækjum og einstaklingum setjið þið peningana beint í samfélagið. Stórfyrirtæki eru líklegri til að taka aurana og nota þá til að fjárfesta í eldflaugaverksmiðju eða kaupa samkeppnina og leggja hana niður. Því fleiri litlir veitingastaðir, því fleiri fjölskyldur lifa á þeim. Og því meiri fjölbreytni og réttir eru í boði, auðvitað. McDonalds er dauðasynd hins réttsýna ferðamannsins.

Kaupið innlendar vörur sem þið hafið ekki prófað áður, en ekki það nákvæmlega sama og þið mynduð kaupa í næsta landi eða heima. Þetta atriði liggur reyndar í augum uppi. Hverjum dettur í hug að fara alla leið til Balí til að drekka kókakóla og Túborg? Þá er eins gott að fara bara til Mæjorka. Eða í ljós.

Það er litlu meiri hætta á því að vörurnar sem þið kaupið í Asíu séu framleiddar í barnaþrælkunarbúðum en vörurnar sem fást í Kringlunni.


**Útrýmingarbúðir ferfætlinga** Meat is Murder, sagði sá réttsýni. Lífrænt ræktaðar kjötvörur eru oft betri kostur en hinar. Því nær framleiðslustaðnum sem vörur eru keyptar því betra.




*Flug aðra leiðina með sköttum.

# Allir finna eitthvað FYRIR SIG OG SÍNA

Úrval Útsýn býður upp á fjallgönguferðir á Spáni og auðveldari gönguferðir til Grikklands og Mallorca þar sem gengið er um fornfrægar söguslóðir. Bændaferðir bjóða upp á ferð þar sem hæsta fjall V-Evrópu, Mont Blanc er klifið.



**Gönguferðir** Þær verða æ vinsælli sem ferðalög hjá ferðaskrifstofunum og nú er boðið upp á gönguferðir í Evrópu frá Íslandi. NORDICPHOTOS/GETTY

**BÓKAÐU NÚNA**

Gönguferðir um Evrópu verða vinsælli með árunum. Hægt er að taka allan skalann; léttar göngur um sléttur Ítalíu eða níðþungt fjallklifur á tind Mont Blanc. Tekinn var púlsinn á tveimur ferðaskrifstofum, Bændaferðum og Úrvali Útsýn.

Bændaferðir bjóða aðallega upp á gönguferðir í Mið- og Suður - vrópu:

**Monte Rosa-hringurinn**

Hringurinn er sjö daga langt gönguævintýri þar sem gengið er umhverfis hæstu fjöll Alpanna. Gengnir eru 140 kílómetrar á fjölbreyttum fjallastígum og á slóðum Walsara-þjóðflokksins í Sviss. Leiðin er aðallega í 1.320 – 3.317 m hæð.

**VERÐ:** 155.450 kr á mann.
**TÍMABIL:** 22.-28. júní 2008.
**ERFIÐLEIKASTIG:** í meðallagi.

**Mont Blanc-tindurinn**

Í þessari vikuferð gefst tækifæri til að klífa hæsta tind V-Evrópu, Mont Blanc sem er 4.807 metra hár. Fjallið er í frönsku Ölpunum rétt við landamæri Ítalíu og Sviss. Fyrstu dagarnir verða notaðir til undirbúnings en síðan er haldið á Mont Blanc og tindurinn klifinn á tveimur dögum. Gengið er með þaulreyndum fjallamönnum og hópinn leiðir Einar K. Stefánsson Everestfari.

**VERÐ:** 300.680 kr á mann.
**TÍMABIL:** 13.–19. júlí 2008.
**ERFIÐLEIKASTIG:** Mjög krefjandi.

**Comovatn á Ítalíu**

Gengið er í 800-1.500 metra hæð um frægar gönguleiðir Rómverja, skóga, gömul göng og fjallendi. Náttúrufegurðin er mikil og margt að sjá á gönguleiðunum. Göngutími á hverjum degi er um 4-6 klukkustundir.

**VERÐ:**160.790 krónur.
**TÍMABIL:** 18.-25. ágúst 2008.
**ERFIÐLEIKASTIG:** Frekar létt gönguferð.

Úrval Útsýn hefur einnig boðið upp á gönguferðir í Evrópu en þó aðallega í Suður- og Vestur-Evrópu:

**Pýrenafjöllin á Spáni**

Gengið er um tvo þjóðgarða; Aigüestores y Sant Maurici í Katalóníu og Ordesa y Monte Perdído í Aragoníu. Gamlar þjóðleiðir eru raktar milli lítilla þorpa í fjallshlíðunum.

**VERÐ:** 146.483 krónur.
**TÍMABIL:** 28. júní-5. júlí.
**ERFIÐLEIKASTIG:** Fyrir nokkuð vana göngumenn.

**Grikkland**

Í ferðinni er gengið að Olymposfjalli sem er hæsta fjall Grikklands. Gengið er um söguslóðir Grikklands og þorpið Tsagarada, heimsótt en það er þekkt fyrir náttúrufegurð. Auk þess gefst tækifæri til að skoða fornminjar á Akrópólis í Aþenu.

**VERÐ:** 163.175 krónur.
**TÍMABIL:** 3.-10. september.
**ERFIÐLEIKASTIG:** Frekar auðveld ganga.

**Mallorca**

Mallorca er vinsælasti áfangastaður Úrvals Útsýnar í gönguferðum. Gengið er á pílagrímastígum, í fótspor smyglara og eftir stíg sem erkihertoginn af Austurríki lét leggja á fjallsbrún svo hann gæti riðið þar á hesti sínum og notið útsýnisins.

**VERÐ:** 126.152 krónur.
**TÍMABIL:** 10.-17. september.
**ERFIÐLEIKASTIG:** Fyrir nokkuð reynda göngumenn.

*vidirp@frettabladid.is*



**Á vegum Bændaferða er** hægt að ganga á hæsta tind V-Evrópu, Mont Blanc, sem er í Ölpunum.






# ENGLAND AÐ EILÍFU

**The Orchard í Cambridge er staður þar sem tíminn stendur kyrr**

Háskólabærinn Cambridge er án efa einn rómantískasti staður veraldar, staður þar sem mikil skáld og gáfumenni eyddu löngum stundum í árabátum á ánni eða að drekka Pimm's og límónaði yfir heimspekilegum samræðum. The Orchard er garður sem breyttist í tehús árið 1897 þegar nokkrir nemar háskólans báðu um að fá að drekka teið utandyra en ekki í tehúsinu Orchard House. Þessi dásamlegi garður varð athvarf Virginiu Woolf og Ruperts Brook í byrjun tuttugustu aldar og varð svo enn vinsælli á Charleston-tímabilinu svokallaða milli 1920 og 1930.



Enn hægt að njóta þar hæglátrar tedrykkju í skjóli fagurra aldintrjáa og upplagt að panta gúrkusamlokur eða breskar „scones“ með rjóma og sultu. *- amb*





# Sumarfríið hefst í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Í verslunum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar færðu allt sem þú þarft fyrir ferðalagið: Sólarvörn, myndavél, strandtösku, sólgleraugu, stuttbuxur, i-Pod, tímarit og ekki má gleyma gjaldeyrinum. Njóttu þess að gera góð kaup í upphafi ferðarinnar og vertu klár á ströndina um leið og þú lendir á áfangastað.

ferð til fjár
FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

www.airport.is



* Flug aðra leiðina með sköttum.






# FULLKOMIN HELGI

## HELGI HRAFN GUÐMUNDSSON BLAÐAMAÐUR LÝSIR HELGINNI SINNI Í BUENOS AIRES



### FÖSTUDAGUR

**MORGUNMATURINN** Skandinavíski veitingastaðurinn Ølsen á Gorriti-götu í Palermó-hverfi býður upp á ljúffengan morgunverð í hlýjum garði. Hönnun staðarins er framúrskarandi. Argentínskt hráefnið og eldamennskan gerir kunnuglegan matinn framandi.

**GÖNGUTÚRINN** Frábært er að rölta um seiðandi og fallegt Palermó-hverfið sem hefur yfirbragð listamannahverfis þar sem gömul gildi mæta ferskum andblæ hönnunar og lista.

**HÁDEGISVERÐURINN** Gott er að snæða chorizo-kryddpylsu á litlum stað inni á milli strætanna.

**VERSLUNARLEIÐANGURINN** Í verslunargötum Palermó má finna frábærar fataverslanir og hönnunarbúðir.

**SAFNIÐ** Nýlistasafnið MALBA hefur eitt besta yfirlit yfir listir Suður-Ameríku frá fyrri hluta 20. aldarinnar fram til nútímans. Þar er hægt að sjá listaverk eftir snillinga á borð við Antonio Berni og Fridu Kahlo.

**KVÖLDVERÐURINN** Sushi á einum af þeim frábæru sushi-stöðum sem má finna í Palermó-hverfinu.

**DRYKKURINN** Um kvöldið er farið á Plaza Serrano og sötrað á einu af hundruðum útiborða sem tilheyra tugum bara sem umkringja torgið.

**NÆTURLÍFIÐ** Þegar nóttin skellur á er næturklúbburinn Niceto á Niceto Vega-stræti frábær kostur þar sem hægt er að dansa alla nóttina.

### LAUGARDAGUR

**SKOÐUNARFERÐIN** Vagga tangósins, Boca. Þar er brýnt fyrir ferðamönnum að halda sig innan ákveðinna gatna, því öngstrætin eru sögð stórhættuleg. Í hverfinu eimir enn af háskalegri hafnarstemningu ítölsku innflytjendanna sem þangað komu á fyrri hluta síðustu aldar.

**FÓTBOLTALEIKURINN** Leikur með stórliðinu Boca Juniors er pílagrímsferð fyrir knattspyrnuáhugamanninn. Þeir sem hafa engan áhuga á fótbolta fá þó mikið fyrir sinn snúð því söngur, dans og skreytingar á áhorfendapöllum eru engu líkt. Skiljið myndavélina eftir heima. Sniðugt er þó að kaupa einnota myndavél og freista þess að ná mynd af Diego Maradona sem mætir á hvern heimaleik liðsins.

**KVÖLDVERÐURINN** Pitsustaðir Buenos Aires eru nær óteljandi. El Cuartito (Kytran) á Talcahuano-stræti í miðbænum er líklega þeirra fremstur. Sjálfur Diego Maradona pantar sínar pitsur þaðan en ferðamenn ættu þó að gæta þess að borða ekki yfir sig því þegar knattspyrnuhetjan var síðast lögð inn á sjúkrahús var ofsafengið pitsuát sagt ástæðan fyrir veikindunum.

### SUNNUDAGUR

**RÖLTIÐ** Sunnudagar eru fyrirtaksdagar til að heimsækja heimsfræga kirkjugarðinn í Recoleta, þar sem Evita Perón var meðal annars grafin.

**HÁDEGISVERÐUR** Snæddur á hinu glæsilega Dorrego-torgi í San Telmo. Það er eitt elsta hverfi borgarinnar þar sem hin argentínska hefð er í algleymi.

**MARKAÐURINN** Í götunum við torgið eru frábærir markaðir haldnir á sunnudögum. Þar má finna forláta antíkmuni, listmuni, bækur og margt fleira. Þar má auðveldlega rekast á tangó-hljómsveitir og dansara.

**KVÖLDVERÐURINN** Siga la Vaca í Puerto Madero er einn vinsælasti veitingastaður borgarinnar. Þar er boðið upp á grillaðar steikur á alvöru argentínskan máta sem skolað er niður með ljúffengu Malbec-rauðvíni frá Mendoza-héraði.

**KVÖLDGANGAN** Puerto Madero er tilvalið hverfi til gönguferða en því var breytt úr hafnar- og vöruhúsahverfi fyrir nokkrum árum í nýtískulegt glæsihverfi – þar sem er ein af mörgum djásnum borgarinnar, hin glæsilega Kvennabrú.

# LAND HINNA MIKLU ANDSTÆÐNA

*Kolbrún Ólafsdóttir* heimsækir landið, sem eitt sinn var kennt við Rauðu Kmerana, en er nú að rétta úr kútnum.

Kambódía er land sem einu sinni var mikið stórveldi í Suðaustur-Asíu en varð á áttunda áratugnum lokaðasta land í heimi undir stjórn Pols Pot og félaga. Í dag er Kambódía að rétta úr kútnum og orðið vinsælt ferðamannaland. Það er heldur alls ekki skrýtið því landið er gullfallegt og hefur margt upp á að bjóða. Kambódía á landamæri að Taílandi, Laos og Víetnam. Landslagið er fjölbreytt og heillandi, frumskógur að miklum hluta, fjallendi, graslsléttur, hrísgrjónaakrar, strendur og lífæð Indókínasvæðisins, Mekongáin rennur í gegnum landið mitt. Það er því hægt að finna eitthvað fyrir alla í landinu sem skartar svo fagurri náttúru og á ekki síður mikla sögu.

Það er ódýrt fyrir okkur Íslendinga að dvelja í Kambódíu. Hvort sem það eru ferðalög innanlands, gisting eða matur og drykkur. Maturinn er mikið undir frönskum áhrifum síðan Frakkar gerðu Kambódíu að nýlendu sinni árið 1858 til ársins 1953. Þá er allt hráefnið mjög ferskt, byggt að stórum hluta á fersku grænmeti, ávöxtum og hrísgrjónum ásamt fiski og kjöti. Kryddin veita svo matnum ljúfa angan og gómsætt bragð. Þegar Rauðu Kmerarnir tóku við völdum 1975 byrjuðu þeir meðal annars stjórnartíð sína á því að reka alla íbúa höfuðborgarinnar Phnom Penh út úr borginni til landsbyggðarinnar því allir áttu að yrkja jörðina í hinum útópíska heimi Pols Pot og því var höfuðborgin næsta tóm í nokkur ár á meðan hann var við völd. Þessi þjóð sem er um 14 miljónir manna, að stærstum hluta Kmerar hefur gengið í gegnum meiri hörmungar heldur en flestar þjóðir. Höfuðborgin Phnom Penh er enn að jafna sig eftir hörmungarnar síðan Rauðu Kmerarnir réðu þar ríkjum. Maður verður áþreifanlega var við fátæktina og til að mynda er mikið um börn sem ganga á milli veitingastaða og eru að selja ljósritaðar bækur um sögu Rauðu Kmerana eða Angkorhofin. Það voru hins allir sem ég talaði við sammála um að ástandið fari batnandi, hvort sem það voru búddamunkar, leigubílstjórar eða markaðssölumenn.

Lífið í borginni er að mörgu leyti afslappað og auðvelt er að njóta lífsins. Það eru veitingastaðir frá öllum heimshornum, kaffihús og flottir barir á hverju stræi og kosta matur og drykkur brot af því sem við erum vön á Íslandi. Gaman er að kíkja á markaði og skoða listmuni heimamanna búna til úr tré, ýmsum málmum, silki eða annari vefnaðarvöru. Hagkvæmt getur einnig verið að kaupa sér skartgripi en í Kambódíu eru til dæmis safír- og rúbínsteinanámur. Borgin er virkilega sjarmerandi og inn á milli eru aldeilis ævintýralegir staðir. Til að mynda konungshöllin, en að rölta um hallargarðinn og skoða höllina, hofin og garðana er upplifun, eiginlega eins og að vera dottinn inn í ævintýri. Ekki var það síðri upplifun að heimsækja Þjóðminjasafnið þeirra en þar voru óteljandi Búddastyttur og hreint undursamlega fallegur garður þar sem hægt er að setjast niður og njóta fegurðarinnar innan um allar minjarnar um Búdda. Þá er nauðsynlegt er að slaka vel á eftir skoðunarferðir dagsins með því að skella sér í nudd á einhverjum af mörgum nuddstöðum borgarinnar og láta dekra við sig.

Það er ekki hægt að heimsækja Phnom Pehn án þess að skoða minjarnar eftir stjórnartíð Rauðu Kmerana og horfast í augu við grimmdarverkin sem voru framin í þeirra tíð. Að heimsækja „The Killing Fields of Choeung Ek“ er eitt af þeim augnablikum þar sem grimmd mannanna verður með öllu óskiljanleg. Á þessum fallega og friðsæla stað er erfitt að ímynda sér þann hrylling sem átti sér þarna stað. Í dag er búið að reisa mjög áhrifamikið minnismerki um þá atburði sem áttu sér stað þarna og jafnframt til minningar um allt það fólk sem var drepið og grafið í fjöldagröfum. Minnismerkið er glersúla en inn í hana er búið að raða höfuðkúpum þeirra 8.000 karla, kvenna og barna sem fundust í fjöldagröfunum þarna í kring.

### Góðir veitingastaðir og falleg hof

Öryggisfangelsið Tuol Sleng er einnig orðið að safni í dag og er annað átakanlegt minnismerki um voðaverk Pol Pot og stjórnar hans. Í þessu leynilega fangelsi fóru fram pyntingar í nafni þess að koma upp um alla svikarana gegn lýðveldinu Kampútséu. Þeir sem fóru inn í þetta fangelsi komu ekki lifandi út en talið er að samtals sjö manns hafi lifað fangelsisdvölina af. Þessari fyrrum skólabyggingu var breytt í fangelsi og skólastofurnar fengu nýtt hlutverk, urðu að pyntingaklefum. Rauðu Kmerarnir héldu öllum gögnum skilmerkilega til haga og í dag er hægt að horfast í augu við það fólk sem endaði örlög sín þarna því allir voru ljósmyndaðir sem fangelsaðir voru á þessum viðsjárverðu tímum.

Tiltölulega auðvelt er að ferðast um í Kambódíu hvort sem það er með flugi, rútum eða bátum. Í hjarta landsins er Tonlé Sap stærsta stöðuvatnið í Suðaustur-Asíu. Hægt er að sigla á milli Phnom Penh og Siam Riep-bæjarins á Tonlé Sap-vatninu með hraðbáti og tekur það nokkrar klukkustundir. Þannig gefst tækifæri á að sjá nokkuð af náttúru Kambódíu og mannlífi, en mikið líf er á bökkum vatnsins og á vatninu sjálfu má sjá marga fiskimenn við veiðar. Í Siem Reap er þægilegt að dvelja þegar Angkorhofin eru heimsótt. Bærinn er í þægilegri fjarlægð og auðvelt að nálgast alla þjónustu svo sem að leigja sér bíl eða annað farartæki til að komast til Angkor. Í Siam Reap eru mjög margir gististaðir og hægt er að velja allan skalann hvað þægindi og huggulegheit varðar. Jafnframt eru góðir veitingastaðir á hverju strái og ekki amalegt að geta fengið sér pönnukökur með banönum og sírópi á hverjum degi eða ferska ávaxtadrykki sem eru seldir á hverju götuhorni.



**Angkor Wat** Hér er að finna hof sem hafa lotið í lægra haldi fyrir trjám sem hafa yfirtekið þau með mögnuðum hætti.

Angkorhofin eru ótrúlega mögnuð og ekki skrýtið að þau séu kjarni þjóðarstolts Kambódíubúa en það er einmitt mynd af hinum fimm risa turnum Angkor Wat á þjóðfána þeirra. Þessi arfleifð þeirra er eitt af mögnuðustu verkum á sviði byggingarlistar í heiminum. Hofin voru byggð á tímum konunga Angkorveldisins fyrirrennara Kambódíu á 9. til 13. öld. Á þeim tíma var Angkorveldið stórveldi á svæði Indókína sem náði allt frá Taílandi til Vítetnam. Það er auðvelt að eyða mörgum dögum við að skoða byggingarnar sem eru um sjötíu þyrpingar af hofum á víð og dreif á 200 ferkílómetra stóru svæði. Mikilvægustu og jafnframt vinsælustu svæðin eru Angkor Wat og Angkor Thom en ef áhugi er fyrir hendi er hægt að skoða fleiri svæði og sjá hof sem hafa lotið í lægra haldi fyrir trjám sem hafa yfirtekið þau með afar mögnuðum hætti. Sá konungur sem hafði hvað mest áhrif á þessu valdatímabili var Jayavarman VII en hann ríkti á árunum 1181-1220. Hann lét byggja meðal annars Angkor Thom hofin. Jayavarman VII var mjög trúaður búddisti og hugsaði vel um þegna sína. Til að mynda byggði hann 102 spítala vítt og breitt um landið, einnig lét hann byggja hvíldarskýli meðfram vegum landsins fyrir ferðalanga. Á tímum Jayavarman voru einnig byggðir steinlagðir vegir svo að hægt væri að aka vögnum sem fílar drógu áfram. Angkorveldið leið svo endanlega undir lok 1431 þegar Síam réðist inn í það og hermenn Síam rifu Angkorborgina niður, drápu stóran hluta af þjóðinni og hnepptu aðra í ánauð.



Þessi þjóð hefur gengið í gegnum miklar hörmungar. Flestir eru þó sammála um að ástandið fari batnandi.



Búddamunkar taka sér nestispásu í Phnom Penh.

Kambódía stendur undir nafni sem land hinna miklu andstæðna enda hefur það að geyma sögu og minjar um stórvirki mannkynsins sem og mestu niðurlægingu þess. Það er virkilega áhugavert að heimsækja þessa duglegu þjóð sem hefur gengið í gegnum svo ótrúlega margt en lætur það ekki brjóta niður lífsgleðina og heldur ótrauð áfram.



## FIMM HLUTIR SEM ÞÚ VERÐUR AÐ MUNA EFTIR Í FERÐALAGIÐ

**1. GÓÐ BÓK.** Það er ömurlegt að hanga á flugvelli með lélegt lesefni. Reyndu að muna hvaða bók þig langaði að lesa í allt vor og taktu hana með, því nú hefurðu tíma til að lesa hana.

**2. HLEÐSLUTÆKI FYRIR SÍMANN/MYNDAVÉLINA/ I-PODINN.** Maður verður að geta hringt heim ef maður er í vanda, sannað fyrir fólki hvar maður hefur verið og hlustað á tónlist á leiðinlegum ferðalögum eða þegar partístemningin grípur mann.

**3. REGNHLÍF.** Það er alltaf gott að vera með pínulitla regnhlíf í farteskinu því það er aldrei að vita hvenær himnarnir opnast og hellirigning steypist yfir mann.

**4. SMOKKAR.** Þú getur aldrei verið viss um hvað gerist á ferðalagi né hvar þú finnur verjur á nýjum áfangastað. Best að hafa allan vara á.

**5. NÚMERIÐ HJÁ VISA-FYRIRTÆKINU.** Svona ef taskan þín er rifin á brott á ítölskum veitingastað eða þú endar með 800 þúsund króna barreikning sem þú kannast ekki við.

## FIMM HLUTIR SEM ÞÚ ÁTT ALDREI AÐ GERA Á FERÐALÖGUM

**1. TAKA OF MIKIÐ MEÐ ÞÉR.** Góð regla er að taka saman það sem þér finnst þú þurfa að taka með þér og fjarlægja svo helminginn. Við vitum öll að við þurfum ekki öll þessi föt eða skó til skiptanna.

**2. DREKKA ÁFENGI Í FLUGVÉL.** Þegar fólk er stressað eða spennt yfir að komast loksins í frí er freistandi að fá sér nokkra bjóra eða jafnvel eitthvað sterkara. Þetta er alltaf slæm hugmynd og getur kostað þig tvo daga af fríinu.

**3. PAKKA OF MIKLU FYRIR BÖRNIN.** Þú getur keypt bleyjur og barnamat í útlöndum. Munið að börn hafa mikla aðlögunarhæfni.

**4. HENGJA TÖSKUR Á STÓLBAK EÐA LEGGJA ÞÆR Á JÖRÐINA.** Ávísun á þjófnað. Hafðu ávallt varann á.

**5. EKKI GLEYMA ÞÉR Á FLUGVELLINUM.** Allt of margir missa af flugvél vegna þess að þeir eru of uppteknir við innkaup í fríhöfninni.






Magnús Jónsson, eini núlifandi hellisbúinn:

# Fer í hellinn annað slagið

„Ég hef svo sem ekkert verið að predika þetta,“ segir Magnús Jónsson sem ólst tvö sín fyrstu ár upp í Laugarvatnshelli og er eini íslenski núlifandi hellisbúinn svo vitað sé.

„Þetta þótti svo sem ekkert sérstakt í þá daga. Það var erfitt með jarðnæði á þessum árum, allar sveitir fullar af fólki. Svo var þetta í alfaraleið á þessum tíma svo það var ekki mikil einangrun þótt það líti þannig út í dag.“

En hvernig verður honum innanbrjósts þegar hann sér hellinn núna? „Ég kem þarna við svona eins og einu sinni á ári. Og það verður svo sem engin breyting á mér þannig séð.

Hellirinn er náttúrulega mjög breyttur, það hefur hrunið úr honum og svo hafa lambaspörð hækkað upp jarðveginn í honum svo þetta er ekki eins rúmt og var.“

Að sjálfsögðu man hann ekkert eftir hellisdvölinni en segir þó líklegt að einhverjar vættir hafi búið í hellinum og haldið verndarhendi yfir þeim eins og foreldrar hans héldu fram.

Magnús fæddist ekki í hellinum en erfitt gat reynst að komast að honum þegar veður voru válynd og voru því móðir hans og elsta systir hætt komnar þegar stúlkan fæddist.


**UPPLÝSINGASKILTI** Í tilefni 100 ára afmælis Ungmennafélagslaugdællinga var skilti, þar sem minning hellisbúanna er heiðruð sett upp í gærdag.

kæmi með ljósmóður eftir að fylgjan kom ekki út, sagði hún: „Mér leið bara vel þá og ævinlega í hellinum. Ég trúði því og treysti að ég væri ekki ein. Einhver hulin hönd héldi verndarhendi yfir mér og litlu stúlkunni.“

Einar Tryggvi segir að afi hans hafi sagt sér að árin fjögur sem þau bjuggu í Laugarvatnshelli hafi verið bestu ár þeirra hjóna. „Ég trúi því alveg, ástin þarf engar hallir til að þrífast,“ segir hann.

sagt helli á fólkinu,“ segir hann og brosir við. „Sem hann og gerði. Afi og amma voru þannig, þrátt fyrir sínar aðstæður, að það örlaði ekki á neinni minnimáttarkennd hjá þeim. Þeim fannst enginn sér æðri né lægir. Svo sú gamla tók konunglega á móti Kristjáni sem fékk skyr og rjóma og var góður rómur gerður að. Þess vegna þótti okkur við hæfi að bjóða gestum upp á skyr í hellinum þegar minning hellisbúanna var heiðruð í gær.“

### Úr helli í bæ

Eftir fjögurra ára búsetu á Reyðarmúla fluttu hjónin að Ragnheiðarstöðum, þá að Meðalholtum og síðan Vaðlakoti. Eftir það fluttu þau til höfuðborgarinnar þar sem Vigdís vann við umönnun eldra fólks. Sumir skjólstæðinganna voru reyndar yngri en Vigdís en hún sinnti þessu starfi til dauðadags 18. ágúst 1975, þá 77 ára.

Jón var hins vegar skógræktarmaður og vann til dæmis við sumarhús Hermanns Jónassonar, fyrrum forsætisráðherra, að Kletti í Borgarfirði. Jón lést 28. febrúar 1982, 91 árs að aldri.

### Hellisbúarnir hylltir

Einar Tryggvi segir að þegar hann hafi verið ungur hafi honum ekki þótt mikið til um þessa fortíð síns fólks. „Nú er ég stoltur af þessu,“ segir hann. „Ég bý í Noregi og menn setur hljóða þegar ég segi frá afa og ömmu.“

Jón Sverrir segist hins vegar alltaf hafa verið stoltur af þessu. „Það hefur líka blundað í mér í mörg ár að fara að gera þessu tilheyrileg skil. Svo var það að haft var samband við mig vegna aldarafmælis Ungmannafélags Laugdælinga og þá var ákveðið að slá þessari athöfn við hellinn saman við afmælishátíðina.“

Það fer vel á því að heiðra minningu hellisbúanna á aldarafmæli Ungmannafélagsins en Indriði, fyrsti íbúi Laugarvatnshellis, var einn af þeim sem kom því á kopp og Jón starfaði einnig lengi og mikið fyrir félagið.

### Aðrir hellisbúar

Sögur herma að ekki hafi allir íbúar í Laugarvatnshelli verið af holdi og blóði. Þar átti huldukona ein að hafa haldið til sem og aðrar vættir. Til eru sögur af smölum sem reyndu að koma kindum fyrir í hellinum en þær létu ekki reka sig þar inn. Hjá einum tókst það þó er hann hafði látið illa í íverustað huldukonunnar. En þegar hann ætlaði að sofna í hellinum var tekið í fætur hans og hann dreginn að hellismunnanum. Útistöður smalanna í sögum þessum enda alltaf á þann hátt að þeir gefast upp á að halda fénu í hellinum og fara með það heim. En þeir eru ekki fyrr komnir úr túttunum en ofsaveður skellur á og verður ekkert lát á því svo dögum skiptir. Hefðu þeir ekki látið undan hellisbúanum ósýnilega hefðu þeir því lent í ógöngum með féð. Taldi fólk því að innræti huldukonu þessarar væri hið besta.

Jón og Vigdís töluðu sjálf um að þau skynjuðu nærveru einhvers þó augun gerðu það ekki. Árið 1943 voru þau spurð út í raunir sínar í hellinum í útvarpsviðtali hjá Guðlaugu Narfadóttur. Þegar Vigdís var spurð hvernig henni var innanbrjósts þegar hún beið eftir að Jón




Hefur gæðin

HYUNDAI i10

Lítill og sætur

Sparneytinn og rúmgóður



- *i10* er 5 dyra smábíll fyrir fjölskyldur
- *i10* er eyðslugrannur
- *i10* er á hagstæðu verði
- *i10* getur lagt frítt í stæði í miðborginni
- *i10* er einn rúmbesti bíllinn í sínum flokki

**Hyundai i10**
5 dyra, bensín og beinskiptur.
**1.740.000**

**LOKSINS ER KOMINN SMÁBÍLL FYRIR ÞÁ SEM HUGSA AF SKYNSEMI**

Hann er smábíll, en samt furðu rúmgóður. Hann er sparneytinn, en samt snar í snúningum. Hann mengar lítið og fær því frítt í bílastæði í miðborg Reykjavíkur. En umfram allt er þetta flottur bíll á flottu verði. Skynsamlegur kostur í þessu árferði. Hann hentar líka öllum. Hann er nógu stór fyrir fjölskyldur með börn eða bara eldri hjón með golfsettin í skottinu. Og hann er nógu sætur fyrir unga fólkið, sem er að festa kaup á sínum fyrsta bíl. **Líttu við hjá okkur í kaffi og keyrðu hring á spánnýjum Hyundai i10 – hann bíður eftir þér.**

Með bílinn handa þér

B&L áskilur sér rétt til verð- og búnaðarbreytinga án fyrirvara

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is
Keflavík 421 4444 - Selfoss 575 1460 - Akranes 431 2622 - Akureyri 461 2533 - Egilsstaðir 471 2524

# Svölustu barir borgarinnar

Þegar sólin brosir við Reykvíkingum er ekki bara heitt á Austurvelli. Almenn djammgleði færist yfir lýðinn og dansað er á hverju götuhorni miðbæjarins (eða að minnsta kosti reykt). En hvar er best að fá sér einn kaldan og sletta úr klaufunum? Hér er leiðarvísir Fréttablaðsins að svölustu stöðum bæjarins.




## Kaffibarinn 1

**Hvar?** Bergstaðastræti 1

**Hverjir?** Allir sem eru duglegir á djamminu og vilja dúndrandi tónlist og nána stemningu. Merkilegt nokk er enn hægt að rekast á sama lið og stundaði staðinn fyrir rúmum áratug.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Klassískur fyrir:** Að halda partýinu gangandi, þrátt fyrir lítið pláss og fólk úr öllum áttum.

**Ekki fyrir þig ef:** Þú færð auðveldlega innilokunarkennd eða átt ekki nokkur korter aflögu til að standa í röð.

## Café Cultura 3

**Hvar?** Hverfisgötu 18.

**Hverjir?** Blóðheitir innflytjendur og áhugafólk um salsa í bland við fólk að skríða á skemmtistaðaaldurinn.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Klassískur fyrir:** Sjóðheitan dans og suðræna sveiflu.

**Ekki fyrir þig ef:** Gypsy Kings rústa góða skapið.



## b5 2

**Hvar?** Bankastræti 5

**Hverjir?** Snyrtilegt ungt fólk á uppleið. Og svo eldra liðið sem heldur að það sé enn snyrtilegt, ungt og á uppleið. Og konur í tígrisdressum.

**Stór á krana:** 750 krónur.

**Heitt:** Sjúkir kokkteilar, fönk og diskósmellir í stíl.

**Ekki fyrir þig ef:** Þín hugmynd að diskókvöldi er svitinn á Prikinu.







## English Pub 13

**Hvar?** Austurstræti 12

**Hverjir?** Háskólakrakkar, spiladjarfir og fótboltaáhugamenn.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Heitt:** Lukkuhjól þar sem hægt er að vinna bjór, bjór eða bjór. Pöbb sem leggur metnað í innréttingarnar.

**Ekki fyrir þig ef:** Þú ert að leita að rífandi dansstemningu eða langar ekkert í bjór.

## Organ 14

**Hvar?** Hafnarstræti 1-3

**Hverjir?** Tónlistarnördar og tónleikagestir á öllum aldri.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Heitt:** Pop-quiz sem lyktar betur en pub-quiz á Grand Rokki og heitustu tónleikar bæjarins.

**Ekki fyrir þig ef:** Þig langar að dansa við sumarsmelli FM957.

## Apótekið 15

**Hvar?** Austurstræti 16.

**Hverjir?** Jakkafatatýpur og fólk yfir þrítugu sem dreymir um að vera á útlenskum næturklúbbi.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Heitt:** Kemst mjög nærri því að uppfylla þann draum, enda risastór og nóg af fólki.

**Ekki fyrir þig ef:** Þín hugmynd að góðu djammi inniheldur ekki teknó-popp.

## Nasa 16

**Hvar?** Við Austurvöll.

**Hverjir?** Fer eftir hvað er að gerast, en almennt vel efnað fólk á besta aldri.

**Stór á krana:** 600 krónur.

**Klassískur fyrir:** Alls konar stórviðburði og góða blöndu af dansgólfi og spjallsvæði. Fatahengið er líka plús.

**Ekki fyrir þig ef:** Þú ert hrædd/ur um að týna vinum þínum.



## Ellefan

**Hvar?** Laugavegi 11.

**Hverjir?** Ungir rokkarar og rokkpíur.

**Stór á krana:** 550-650 krónur

**Klassískur fyrir:** Bjórsull og tryllt rokkdjamm fyrir þá sem vilja djamma lengur og dansa meira við indí og klassískt rokk.

**Ekki fyrir þig ef:** Leðurjakkar og almenn strákastemning fellur ekki í kramið hjá þér.




## Óliver 12

**Hvar?** Laugavegi 20.

**Hverjir?** Fólk um þrítugt í bland við hnakka á öllum aldri.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Klassískur fyrir:** Dansgólf fyrir meðaljóninn og létta stemningu.



**Ekki fyrir þig ef:** Þú vilt forðast menn í hvítum fráhnepptum skyrtum og ungmeyjar í leit að mönnum til að bjóða sér upp á drykk.

## Kofi Tómasar frænda

4




**Hvar?** Laugavegi 2.

**Hverjir?** Ungt fólk sem fellur ekki auðveldlega í nokkurn flokk og hefur því ekki fundið sér fastan samastað.

**Stór á krana:** 600 krónur.

**Klassískur fyrir:** Að koma manni á óvart með skemmtilegum plötusnúðum og heimateitis stemningu. Og auðvitað að vera minnsti skemmtistaður borgarinnar.

**Ekki fyrir þig ef:** Þú átt erfitt með svita og óreiðu.

## 22

5

**Hvar?** Laugavegi 22.

**Hverjir?** Teknóhausar og stuðboltar. Fólk með peningavit.

**Stór á krana:** 500 krónur.

**Heitt:** Nostalgía og ódýr bjór.

**Ekki fyrir þig ef:** Þú ert að leita að gamla rokktryllta 22, eða ætlar að sitja og spjalla við vini þína.

## Boston

6

**Hvar?** Fyrir ofan Spúútnik, Laugavegi 28.

**Hverjir?** Leikarar, málarar, gömlu Sirkus-fastagestirnir.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Heitt:** Hingað kemur þú til að sýna þig og sjá aðra.

**Ekki fyrir þig ef:** Þú saknar danshrúgunnar og klósettsins á Sirkus.




## Vegamót

7

**Hvar?** Vegamótastíg 4.

**Hverjir?** Hnakkar allra kynslóða sameinast, þó gestir vilji ekki allir kannast við að vera hnakkar. Eiður Smári og fleiri fótboltastrákar eru fastagestir.

**Stór á krana:** 650 krónur.

**Klassíkur fyrir:** Teknódjamm sem er allt öðruvísi en t.d. á Kaffibarnum. Hingað er komið til að svitna.

**Ekki fyrir þig ef:** Myndband Mercedes Club, Meira frelsi, heillar þig ekki neitt.



## Prikið

9

**Hvar?** Bankastræti 12.

**Hverjir?** Hiphop-arar og viðhengi í yngsta aldursflokki.

**Stór á krana:** 600 krónur.

**Klassískur fyrir:** Svaðalegt rappdjamm þar sem setið er í hverjum glugga og ljósakrónurnar fljúga um loftin.

**Ekki fyrir þig ef:** Þér leiðist troðningur og ert mjög háður súrefni.




8




## Ölstofan

**Hvar?** Vegamótastíg 4.

**Hverjir?** Spekúlantar, blaðamenn og listkúnstnerar sem eru of grónir til að stunda Boston.

**Stór á krana:** 600 krónur.

**Klassískur fyrir:** Augnagotur yfir barinn og afbragðs spjallstemningu.

**Ekki fyrir þig ef:** Þér finnst tónlistin mikilvægari en talið.

## Q Bar

10

**Hvar?** Þar sem Ari í Ögri var, Ingólfsstræti 3.

**Hverjir?** Hver sem er, svo lengi sem strákarnir sem eru í sleik í horninu taka viðkomandi ekki á taugum.

**Stór á krana:** 700 krónur.

**Heitt:** Gay-Pride gleði alla daga og möguleiki á að hitta hvern sem er á dansgólfinu.

**Ekki fyrir þig ef:** Þú ert að leita að sömu stemningu og um síðustu helgi.




## STUÐ MILLI STRÍÐA „Góður vinur er gull í gildi“

**ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR** ÞOLIR EKKI VITLAUST MÁL



Ég gerist reglulega sjálfskipaður íslensku- og málfræðingur, þrátt fyrir að hafa svo sem enga sérfræðiþekkingu á því sviði. Það fer bara svo hrikalega í taugarnar á mér þegar fólk talar móðurmálið sitt ekki rétt. Það er ljótt að segja en ég tek ósjálfrátt minna mark á fólki sem talar vitlaust en öðrum og enn minna mark á vitlaust skrifuðum texta. Ég ætla ekki að reyna að halda því fram að ég tali eða skrifi aldrei vitlaust. Enginn talar víst fullkomna íslensku. Blogg er sérstaklega slæmt og er eiginlega bara gróðrarstía málníðinga. Þar er auðvitað enginn sem ritskoðar, hvað þá prófarkales, það sem er skrifað.

En stundum er bara fyndið þegar fólk talar vitlaust. Hjá mér er allavega í sérstöku uppáhaldi þegar fólk blandar saman eða fer rangt með málshætti og orðatiltæki, svo lengi sem það er fólk sem tekur því ekki illa þegar það er leiðrétt. Stundum á það sér líka eðlilegar skýringar og er einfaldlega misskilningur. Vinkona mín hélt til dæmis alltaf að málshátturinn „góður vinur er gulls ígildi“ væri „góður vinur er gull í gildi“. Það var ekki fyrr en hún hafði skrifað þessi spakmæli inn í afmæliskort sem við uppgötvuðum þetta og gátum leiðrétt. Þó þetta hafi verið eðlilegur misskilningur þá hefði vinkona mín líklega fattað þetta sjálf ef hún hefði bara hugsað aðeins út í þetta – því gull fellur jú víst sjaldan úr gildi.

Í önnur skipti er ekki fyndið hversu vitlaust talað er. Hvenær og hvers vegna fór fólk til dæmis að nota orðið víst í stað orðsins fyrst? Það að segja „víst að þetta er svona“, í staðinn fyrir „fyrst að þetta er svona“, finnst mér alveg fáránlegt. Ég er nokkuð viss um að þetta er hræðilega vitlaust íslenskt mál. Eina mögulega ástæðan fyrir þessu er að orðin eru ágætlega lík í framburði en samt ekki þannig að það eigi að vera hægt að ruglast á þeim. Það þarf ekki annað en að beita smá rökhugsun til að sjá að orðið víst á ekki heima í þessu samhengi, ekki frekar en gull fellur úr gildi.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**Kl. 14**
*Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafns Íslands, gengur með gestum um sýninguna List mót byggingarlist í dag kl. 14. Á sýningunni má sjá verk eftir Monicu Bonvicini, Elínu Hansdóttur, Finnboga Pétursson, Steinu og Franz West sem draga fram aldagamla togstreitu á milli myndlistar og húsnæðisins sem hún er sýnd í.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Reykvísk matarmenning

Á haustdögum mun félagið Matur-saga-menning efna til sýningar um mat og mataræði Reykvíkinga á 20. öld. Sýningin verður til húsa í hjarta miðbæjarins, Aðalstræti 10, elsta húsi Reykjavíkur og er markmiðið með henni að bjóða Reykvíkingum og öðrum gestum að fræðast, njóta og bragða á lítt þekktri matarsögu höfuðborgarinnar.



**BORÐAÐ Í FORTÍÐINNI** Forvitnilegt getur verið að kynna sér matarvenjur liðinna tíma.

Vegna undirbúnings sýningarinnar leita aðstandendur hennar eftir upplýsingum hjá fólki sem á í fórum sínum gögn um mataræði Reykvíkinga fyrrum, einkum persónulegum heimildum, myndum og mataruppskriftum frá Reykvíkingum. Sérlega eftirsóknarverðir munir væru til að mynda ljósmyndir úr fjölskylduveislum, skírnarveislum, fermingarveislum og brúðkaupsveislum í heimahúsum þar sem maturinn er í forgrunni, enda fátt skemmtilegra en að rifja upp tískurétti liðinna ára og áratuga. Einnig er fengur í búreikningum, matseðlum frá veitingahúsum og síðast en ekki síst handskrifuðum uppskriftabókum allra myndarlegu húsmæðranna í Reykjavík. Hvers lags upplýsingar um merka frumkvöðla í matargerð og þá einstaklinga sem sett hafa á eftirminnilegan hátt mark sitt á matarsögu Reykjavíkur eru einnig vel þegnar. Nánari upplýsingar um þessa spennandi og vonandi bragðgóðu sýningu er að finna á slóðinni www.matarsetur.is

-vþ

### >Ekki missa af…

Innsetningu Mörthu Schwarz, „I hate nature/Aluminati“, í garði Kjarvalsstaða. Martha þessi er einn þekktasti landslagsarkitekt heimsins í dag, en innsetningin skírskotar til upplifunar listamannsins á náttúrunni og umræðu um nýtingu og verndun náttúruauðlinda, málefna sem óneitanlega eru móðins um þessar mundir.

# Fjögurra fossa smíð í New York

**Á fimmtudag var skrúfað frá straumi á fjóra stillansa í New York sem mynduðu þá þegar fjögur stór vatnsföll í borginni sem hefur til þessa verið snauð af fossum þótt um hana fari stórfljót. Höfundur verksins, Ólafur Elíasson myndlistarmaður, hefur unnið að framkvæmd hugmyndar sinnar um fossa í Austuránni um nær tveggja ára bil og nú hefur hann reist fjóra fossastalla sem verða uppi fram í október borgarbúum til yndisauka.**

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að upphafleg hugmynd Ólafs hafi verið sú að endurgera nokkra íslenska fossa í fljótunum umhverfis Manhattan. Þegar Fréttablaðið hafði samband við hann snemma á þessu ári vegna málsins óskaði hann eftir að ekki yrði fjallað um málið, fjármögnun stæði yfir, en það kostaði 15,5 milljónir dala að reisa burðarvirki undir fossana og fjármagna vatnsstreymið um þá til vetrar. Ólafur hefur margsinnis áður leikið sér með vatnsflaum í verkum sínum og eru dæmi um slíka efnisnotkun á stóru sýningunni hans sem lýkur núna um helgina á Nútímalistasafninu í New York, MOMA. Hún var beint framhald af minni sýningu um feril hans í San Francisco fyrir ári og heldur sýningin áfram um Bandaríkin. Þá hefur Taschen-útgáfan boðað komu stórbókar um verkstæði Ólafs í Berlín og verk hans. Ólafur er því í miklum ham þessi misserin enda styrkist verðmæti verka hans nú á uppboðum um allan heim.

Það var sjóður opinberra listaverka í New York sem kostaði uppsetningu verksins og var fjármagnið að stórum hluta sótt til sjóða einkaaðila. Þetta er stærsta verkefni sem sjóðurinn hefur staðið fyrir.

Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, sagði á fimmtudag að verkið væri tekjulind fyrir borgina og áætlaði að 55 milljónir Bandaríkjadala myndu skapast við áhuga listunnenda og almennings en búið er að skipuleggja fastar ferðir á ánum til að skoða fossana sem munu renna frá kl. 7 á morgnana til 22 á kvöldin og verða þeir upplýstir í kvöldmyrkrinu. Gönguleiðir og hjólastígar að þeim eru merktir. Veitingastaðir á þeim leiðum hafa verið merktir til að bjóða mönnum kost á leiðinni.

Ólafur leggur áherslu á að fossarnir séu verk fyrir almenning – public art – það sé allra að njóta þeirra. Verkið er það stærsta síðan Christo og kona hans Jeanne Claude pökkuðu inn hluta af Central Park en það verkefni kallaði á fjölda gesta í garðinn. Allir eru sammála um að fossaverkið muni kalla á meiri athygli og fleiri njótendur. Í viðtali við New York Times á föstudag sagði hann að vatnsflöturinn væri raunar eins og myndflötur, á honum speglaðist allt til hliðar og að ofan og um leið væri yfirborð ánna háð stöðugum breytingum. Ræður hans um vatn, fossaföll og fyrirbærið í náttúrulegu umhverfi sem hann kynnir New York-búum sem nýnæmi benda til að hann skilur mætavel hversu fjarri borgarbúar eru upplifun af náttúrulegum fyrirbærum yfirleitt. Hann hefur skipað fossunum þannig niður að fossarnir fjórir eru á völdum stöðum sem rekja í raun sögu borgarinnar. Hann er því einu sinni enn að gefa áhorfendum tilfinningu fyrir rými borgarinnar.



**MYNDLIST** Einn fossa Ólafs Elíassonar í East-river í New York FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólafur segir fossa vera stórkostleg fyrirbæri í náttúrunni. Þeir hafi ekki aðeins sjónræn áhrif heldur líkamleg. Heitið foss sé gildishlaðið og hann hafi viljað skapa verk sem allir gátu notið. Reynslan af slíkum verkum á almannavettvangi heimti einstaklingsbundna upplifun en veiti um leið hópi njótenda samkennd og skilgreini þannig á nýjan máta upplifun okkar af að vera heild, hluti af hóp og um leið hluti af stærra samfélagi borgarinnar.

Það þurfti 270 tonn af járni til að byggja undir vatnsflauminn og stendur til að endurnýta það efni. Mikil áhersla er lögð á vistvæna hugmyndafræði við verkið. Vatnið er tekið úr ánni og síað af lífverum, en mengað vatn í ánum í New York er mikið deilumál þar í borg. Stærstu fossarnir eru á hæð við Frelsisstyttuna, nær tveir þriðju af hæð Niagara-fossanna. Vatnsmagnið sem fer um þá er gríðarlegt. Raunar tala aðstandendur verksins af hálfu borgarinnar um mannvirkið sem verkfræðilegt undur sem hafi heimtað margvísleg leyfi en um leið margar lausnir. Þannig varð hylurinn undir fallinu að vera afmarkaður frá straumi og geta þolað sjávarföll sem gætir langt upp ána.

Roberta Smith birtir gagnrýni um verkið í New York Times á föstudag og á vart orð til að lýsa hrifningu sinni: fossarnir eru „leifar af Eden fyrri tíma, fögur og ósvikin merki um þá náttúrulegu fortíð sem borgin ekki á“. Hún vitnar til orða Walts Whitman um flauminn gegnum borgina, slagæðina sem heldur henni lifandi. Nú hafi New York-búar loksins eignast fossa og geti notið þeirra til 13. október.

Á spjallvef blaðsins er mikill fjöldi ummæla íbúa í borginni og víðar og sýnist sitt hverjum: er verkið kallað spræna í samanburði við Niagara, nær hafi verið að eyða fjármunum til að hreinsa ána og það vatn sem fari í fossana sé ekki einu sinni sigtað. Verkið sé sóun á almannafé. Andmælendur þeirra sem leggjast gegn verkinu eru ekki síður margir, enda er fossadýrkun kunn frá flestum löndum heims og fáir þeirra enn eftir óspjallaðir sem er vissulega sú upplifun sem Ólafur er að endurvekja með sínum fossum í Austurá við Manhattan. Vefslóð verkefnisins er http://www.nycwaterfalls.org/.

pbb@frettabladid.is

# Samheitaorðabók ófáanleg

Bókin Íslensk samheitaorðabók hefur verið ófáanleg síðustu misseri þrátt fyrir mikla eftirspurn, en bókin kom síðast út árið 2006. Forlagið, sem sér um útgáfu bókarinnar, segir að endurprentun á Samheitaorðabókinni hafi ekki verið ákveðin enn sem komið er.




**ÍSLENSK ORÐABÓK** Deilir blessunarlega ekki grimmum örlögum samheitafrænku sinnar.

Starfsmaður hjá bókabúðinni Máli og menningu segir að fólk komi reglulega og biðji um Samheitaorðabókina en gat engu svarað um hvenær von væri á henni aftur í verslanir. Sumir hafa leitað á náðir fornbókasala borgarinnar og beðið þá um að hafa augun opin fyrir bókinni. Forlagið segir að endurprentun á bókinni hafi verið boðin út og bíður Forlagið nú eftir svörum um verð, það er því líklegt að bókin verði endurprentuð en óvíst er hvort það verði á þessu ári. Þeir sem ætluðu sér að nýta sumarfríið til að bæta við orðaforða sinn verða því að bíða enn um sinn.

- sm

# Óhefðbundið Tungl

Ný íslensk bók er í bígerð hjá nokkrum listhneigðum ungum mönnum. Það væri ekki í frásögu færandi nema af því að bókin brýtur blað í íslenskri bókaútgáfu.

„Fyrsta hugmyndin var að gera teiknimyndasögu um að tunglið snerist við án nokkurar ástæðu og hvernig fjölþjóðasamfélagið og mismunandi trúarhópar myndu bregðast við því. Fólk leggur svo mikla merkingu í allt, þó það þýði kannski ekkert. En svo ákváðum við að sleppa söguþræðinum og hafa bara myndir, klausur og ljóðrænan texta. Það er því engin saga sögð heldur er bókin að miðla þeirri tilfinningu sem sagan hefði annars kallað fram. Tilgangsleysi, ótta, ringulreið. Við erum í raun að gera bók án þess að nota mikið af orðum,“ segir Björn Leó Brynjarsson. Björn er höfundur bókarinnar ásamt Hilmi Jenssyni, Jóni Eðvald Vignissyni, Ævari Erni Benediktsyni og Leifi Þór Þorvaldssyni. Bókin er gefin út af þeim sjálfum, með hjálp Evrópusambandsins, sem styrkti þá til verkefnisins. „Ef David Lynch myndi gefa út teiknimyndasögu væri hún kannski lík þessari. Þetta er tilraun til þess að gera bók að einhverju öðru. Það eru fáir listamenn í dag sem stíla inn á undirmeðvitundina. Okkur langar að gera það. Þessi bók á að vera upplifun.“ Björn segir hana höfða til allra sem hafa áhuga á teiknimyndasöguforminu, en þeir félagar leggja nú lokahönd á bókina, sem nefnist Tungl.

-kbs



**FAR ÓHEFÐBUNDNAR LEIÐIR** Björn Leó Brynjarsson Jón Eðvald Vignisson gefa út nýja bók ásamt fleirum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Svanasöngur Isidor í dag

Hljómsveitin Isidor hefur lítið látið fyrir sér fara seinustu ár, en 2004 kom út plata þeirra, Betty Takes a Ride. Hljómsveitarmeðlimir hafa verið uppteknir við annað, háskólagöngu utan landsteinanna sem og önnur hljómsveitastörf, en einn þeirra, Jón Þór Ólafsson, gerðist söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Lödu Sport, sem gaf út skífu í fyrra.

Í dag á að kyssa hljómsveitina bless, hinum hinsta kossi, með tónleikum á nýju Kaffi Hljómalind. Auk Jóns Þórs eru Orri Tómasson, Arnar Ingi Viðarsson og Steingrímur Þórarinsson í Isidor. Arnar spilar með Retron, auk þess að spila með Jóni, sem er nýhættur í Lödu Sport.



**HÆTTIR MEÐ ÖLLU** Hljómsveitin Isidor kveður með tónleikum í dag.

„Við náum að spila, bara af því að Steingrímur er á landinu. Þetta var eitthvað sem okkur langaði ógeðslega mikið að gera og vildum gera vel.“ Arnar bætir við: „Við munum áreiðanlega aldrei hafa tækifæri til þess aftur, brátt verðum við allir fluttir af landi brott. Ég er að flytja til Barcelona að læra, Steingrímur til Kanada, Jón til Bandaríkjanna og Orri til Svíþjóðar. Þetta verður því líklega í síðasta sinn sem við munum munda hljóðfærin allir saman.“

Spiluð verða þau lög sem þeir náðu aldrei að taka upp, en planið var að gefa út aðra skífu eftir útgáfu Bettyar. „Við vitum eiginlega ekkert af hverju við hættum. Það bara gerðist. Við viljum ekki skilja það eftir þannig.“

Tónleikarnir byrja klukkan 17.00. ISK og Diversion Session hita upp. Þá verður plata sveitarinnar, Betty Takes a Ride til sölu á 243 krónur, en frítt er inn. -kbs

# Heilsu Amy fer hrakandi

**Söngkonan Amy Winehouse hefur verið áberandi í fjölmiðlum um heim allan síðastliðið ár fyrir villt líferni sitt. Stúlkan hefur þó ekki alltaf verið svona villt.**

Amy Winehouse vakti fyrst athygli í föðurlandinu, Bretlandi, árið 2003 með plötunni Frank, platan náði miklum vinsældum í Bretlandi og var meðal annars tilnefnd til Mercury-verðlauna. Seinni platan, Back to black, kom út árið 2006 og var tilnefnd til sex Grammy-verðlauna, af þeim tilnefningum vann Amy fimm.

Það var þó ekki fyrr en á síðasta ári sem Amy varð tíður gestur á síðum slúðurblaða vegna eiturlyfjanotkunar og slæmrar og á tíðum undarlegrar hegðunar. Amy hefur viðurkennt að þjást af lystarstoli og þunglyndi ásamt því að vera haldin sjálfseyðingarhvöt. Undir áhrifum áfengis og fíkniefna segist hún einnig verða mjög ofbeldisfull og hefur hún margoft lagt hendur á eiginmann sinn, Blake Fielder-Civil.

Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum hefur heilsu Amy farið hrakandi með árunum og nýlega greindist söngkonan með lungnaþembu sem læknar segja að rekja megi til fíkniefnamisnotkunar hennar.



AMY Á Q-AWARDS ÁRIÐ 2006. AMY KOMIN MEÐ NOKKUR TATTÚ.

MYND TEKIN Á BRIT AWARDS ÁRIÐ 2004. HÉR ER AMY HEILBRIGÐ OG FALLEG Á AÐ LÍTA.



AMY AÐ FARA FYRIR RÉTT. AMY ORÐIN HORUÐ OG VEIKLULEG.





| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 5:30 - 8D - 10:20D | 16 |
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| NARNIA 2 | kl. 2D - 5D - 8 - 10:40 | 7 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 2 - 5 | L |
| NIM´S ISLAND | kl. 2 | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| WANTED DIGITAL | kl. 6D - 9D - 11:15P-D | 16 |
| NARNIA 2 DIGITAL | kl. 3D - 6D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 9 - 11:15 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER DIGITAL | kl. 3D | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| ZOHAN í síðasta sinn | kl. 5:30 | 10 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:30 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| NIM´S ISLAND | kl. 4:20 | 12 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5 - 8 - 10:20 | 12 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 1D - 4D - 7D - 10D | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| ZOHAN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |
| HORTON ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| KJÖTBORG | kl. 3 - 4 ENSKUR TEXTI | |
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| INDIANA JONES | kl. 3 - 5.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| HAPPENING | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| MEET BILL | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 4 - 7 - 10 | 14 |
| ZOHAN | kl. 3.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 3.30 - 8 - 10 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3.30 | 14 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 6 - 10.10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR






LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WANTED- POWER / DIGITAL | kl. 5.50, 8 og10.10(P) | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 og 5 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 2, 6, 9 og 10.30 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 | 12 |










Á FERÐALAGI
FÖSTUDAGUR:
Í bítið
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis
LAUGARDAGUR:
Hemmi Gunn og Svansí
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
Bylgjan á ferðalagi um landið í sumar
Bylgjan og Olís eru komin í sumarskap og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!
Það verður öllu tjaldað til og við hefjum leik á föstudagsmorgnum með Kollu og Heimi í bítinu, Ívar tekur við og Rúnar fylgir fast á eftir. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis.
Eftir hádegi á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.
Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!
Ævintýra-eyjan
olís

## > Atvik umferðarinnar

Dramatískur 0-1 sigur FH á Íslandsmeisturum Vals á Vodafonevellinum. Markið skoraði Arnar Gunnlaugsson úr vítaspyrnu í uppbótartíma eftir að Barry Smith hafði handleikið knöttinn á klaufalegan hátt inni í vítateignum.

## > Ummæli umferðarinnar

Willum Þór Þórsson er ekki hrifinn af frammistöðu dómara í sumar ef marka má ummæli hans við Fréttablaðið eftir tap Vals gegn FH. „Ég kalla eftir því að þið fjölmiðlar sinnið ykkar hlutverki og farið faglega yfir það hvernig dómarar eru að standa sig.“



**sport**

sport@frettabla-

**8. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA:** KEFLVÍKINGAR MISSTIGU SIG:

# *FH-ingar endurheimtu toppsætið*

FH vann Íslandsmeistara Vals 0-1 í dramatískum risaslag umferðarinnar þar sem sigurmarkið kom úr vítaspyrnu í uppbótartíma.FH endurheimti þar með toppsætið en ekkert virðist ætla ganga upp hjá Hlíðarendaliðinu sem var betri aðilinn lengst af í leiknum.

Keflvíkingar féllu niður í annað sætið með 1-2 tapi gegn nýliðum Fjölnis sem unnu þar með sinn fimmta leik og eru farnir að setja smá pressu á toppliðin.

Það gerði Fram einnig með 2-1 sigri sínum á Breiðabliki en Safamýrarliðið hefur enn fremur fengið fæst mörk á sig í deildinni.

KR-ingar fóru á kostum og hreinlega slátruðu lánlausum HK-ingum sem eru eftir sem áður á botni deildarinnar í virkilega vondum málum.

Grindvíkingar náðu í þrjú mikilvæg stig þegar þeir unnu Fylki 0-1 og hífðu sig upp um tvö sæti í botnbaráttunni og skildu Skagamenn, sem urðu að sætta sig við 1-1 jafntefli gegn Þrótti, eftir í fallsæti.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 27, KR
**Flest skot á mark:** 17, KR
**Fæst skot:** 3, HK
**Hæsta meðaleink.:** 6,9 Fjölnir
**Lægsta meðaleink.:** 4,3 HK
**Grófasta liðið:** 18 brot, HK
**Prúðasta liðið:** 9 brot, Grindav.
**Flestir áhorf.:** Valur-FH, 1.774
**Fæstir áhorf.:** Fylkir-Grindv., 742
**Áhorfendur alls:** 6.436

**> Besti dómarinn:** Kristinn Jakobsson hlaut hæstu einkunn fyrir áttundu umferð hjá Fréttablaðinu. Hann fékk 9 í einkunn fyrir að dæma viðureign Vals og FH á Vodafonevellinum.



**GETSPAKUR** Ólafur Helgi Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spá fyrir Fréttablaðið um EM:

## Ólafur með rétt lið í úrslitum

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið fékk þjálfarana tólf til þess að spá fyrir um hvernig Evrópukeppni landsliða myndi spilast.

Aðeins einn þeirra spáði rétt um hvaða lið spila til úrslita en það var Ólafur H. Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. Ólafur spáði síðan Spánverjum sigri í úrslitaleiknum.

Sex þjálfarar eiga enn möguleika á að spá rétt fyrir um Evrópumeistarana því Guðjón Þórðarson (ÍA), Kristján Guðmundsson (Keflavík), Gunnar Guðmundsson (HK) og Gunnar Oddsson (Þróttur) spáðu allir Þjóðverjum sigri en Ólafur og Heimir Guðjónsson (FH) spáðu aftur á móti Spáni titlinum. **- óój**



**FIMM TÖP Í RÖÐ** Þróttur hefur ekki unnið heimaleik gegn Val í 25 ár FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Þróttarar í efstu deild:

## Gengur illa með Val heima

**FÓTBOLTI** Þróttarar taka í dag klukkan tvö á móti Valsmönnum á Valbjarnarvelli í Landsbankadeild karla en Íslandsmeistarar Valsmanna sækjast eftir sínum fyrsta útisigri á tímabilinu.

Þrótturum hefur gengið afar illa með Valsmenn á heimavelli í efstu deild en Valur hefur unnið fimm útileiki í röð gegn Þrótti og Þróttarar hafa ekki skorað hjá þeim í 394 mínútur í Dalnum.

Valsmenn hafa unnið fjóra síðustu leiki liðanna í Laugardalnum með markatölunni 9-0 en þeir hafa allir farið fram á aðalleikvanginum.

Þróttarar skoruðu síðast hjá Val á heimavelli í 1-2 tapi 20. ágúst 1984 en sá leikur fór einmitt fram á Valbjarnarvellinum en Þróttur vann síðast heimaleik gegn Val 1983 á gömlu Hallarflötinni 10. júní 1983.

Þróttur hefur hins vegar unnið tvo síðustu leiki liðanna á Hlíðarenda og hefur ekki tapað þar síðan 1985. **- óój**

# Fjölnir bætir sig með hverjum leik

**Fjölnismaðurinn Gunnar Már Guðmundsson er leikmaður 8. umferðar Landsbankadeildar karla í fótbolta hjá Fréttablaðinu en hann átti góðan leik fyrir nýliðana þegar þeir skelltu þáverandi toppliði Keflavíkur.**



**ÖFLUGUR** Gunnar Már Guðmundsson hefur stimplað sig hressilega inn í Landsbankadeildinni í sumar og hefur skorað fjögur mörk í níu leikjum með Grafarvogsliðinu. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS



**FÓTBOLTI** Nýliðar Fjölnis hafa komið skemmtilega á óvart í Landsbankadeild karla í sumar og eru sem stendur í fjórða sæti deildarinnar. Gunnar Már Guðmundsson eða „herra Fjölnir“ er vitanlega sáttur með stöðu mála en hann er uppalinn Fjölnismaður og hefur fylgt liðinu upp úr neðstu deild og alla leið í úrvalsdeildina.

„Það er náttúrulega ólýsanlegt að vera að spila með Fjölni í efstu deild, þar sem ég er búinn að vera hjá félaginu frá því ég byrjaði að skríða. Það er líka gaman að sjá hvernig öll umgjörð í kringum félagið hefur breyst með góðu gengi. Meiri áhugi hjá yngri flokkunum og stuðningsmannafélagið stórkostlegt,“ sagði Gunnar Már sem kvað markmið sumarsins vera skýr í Grafarvoginum.

„Við ætlum að sjá til þess að Fjölnir festi sig í sessi í efstu deild. Við vissum alveg hvað við myndum geta gert í sumar og þetta gengur ljómandi vel enn sem komið er. Deildin er reyndar mun jafnari en ég bjóst við og allir virðast geta unnið alla og menn verða því að mæta klárir í hvern einasta leik ef ekki á illa að fara,“ sagði Gunnar Már sem telur að lykillinn að góðu gengi liðsins sé öflugur liðsstyrkur sem Fjölnir fékk fyrir tímabilið sem bættist í raun og veru ofan á sterkan grunn.

„Við fengum náttúrulega nýtt miðvarðarpar fyrir sumarið, Kristján Hauksson og Óla Stefán Flóventsson, auk þess sem Ágúst Gylfason kom inn á miðjuna hjá okkur og það munar um minna. Það var sterkur kjarni fyrir í liðinu en það voru ekki margir leikmenn með reynslu af því að leika í efstu deild og Óli Stefán og Gústi eru hvor um sig með nægа reynslu fyrir heilt lið, þannig að það hefur reynst okkur vel. Annars finnst mér liðið vera að bæta sig með hverjum leik sem við spilum og menn eru alltaf minna stressaðir í hvert sinn sem þeir fara út á völlinn,“ sagði Gunnar Már sem telur enn fremur að góður liðsandi hafi skilað liðinu þangað sem það er nú í dag.

„Við þekkjumst allir mjög vel og þjálfarinn sér til þess að það sé mjög gaman á æfingum hjá okkur. Eru menn ekki annars í þessu til að hafa gaman? Ég held að það sé fyrst og fremst ástæðan fyrir því að menn eru með hérna í Grafarvoginum að minnsta kosti. Það eru alla vega ekki miklir peningar í spilinu,“ sagði Gunnar Már í léttum dúr. **omar@frettabladid.is**

Dómaranefnd KSÍ hefur tekið Ólaf Ragnarsson dómara úr leikjum á næstunni:

# Kvartaði undan verk í brjósti

**FÓTBOLTI** Einn allra reynslumesti dómari landsins, Hvergerðinginn Ólafur Ragnarsson, mun ekki dæma leiki á næstunni eftir að hafa kvartað undan verkjum í brjósti eftir að hann dæmdi leik Fylkis og Grindavíkur í Landsbankadeild karla á miðvikudaginn.

Ólafur hefur gengið í gegnum ýmislegt á þessu tímabili og nú er mikil óvissa um hvort hann geti dæmt meira í sumar. Fréttablaðið bar málið undir Birki Sveinsson starfsmann dómaranefndar.

„Ég veit að hann kvartaði undan miklum brjóstsviða í lok leiksins og svo fór hann á sjúkrahús á eftir. Við vitum meira um málið eftir helgi en ég held að þetta sé nú eitthvað meira en brjóstsviði,“ sagði Birkir raunsær.

„Við erum búnir að taka hann úr nokkrum leikjum. Hann átti að dæma í deildinni um þessa helgi og í bikarnum í næstu viku. Við bjyrjuðum á því og svo ætlum við Óli að tala saman eftir helgi um framhaldið,“ sagði Birkir.

Ólafur sjálfur vildi ekkert ræða við Fréttablaðið þegar blaðamaður leitaði eftir viðtali við hann í gær.



**125 LEIKIR** Ólafur Ragnarsson er annar leikjahæsti dómarinn sem er enn að dæma í efstu deild. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þetta er enn eitt áfallið fyrir dómarastéttina sem hefur þurft að horfa á eftir mörgum af sínum allra bestu dómurum á síðustu árum. Ólafur Ragnarsson er á sínu nítjándi ári sem dómari í efstu deild og dæmdi sinn 125. leik á Fylkisvellinum á miðvikudagskvöldið. Það er enginn dómari í deildinni búinn að dæma lengur í efstu deild og aðeins Kristinn Jakobsson hefur dæmt fleiri leiki. **- óój**

FH fær Fram í heimsókn:

## Alltaf miklir markaleikir

**FÓTBOLTI** Það má búast við mörkum á Kaplakrikavelli í dag þegar toppllið FH fær Fram í heimsókn en leikurinn er í 9. umferð Landsbankadeildar karla og sýndur beint á Stöð 2 Sport.

Leikir þessara liða hafa verið miklir markaleikir í gegnum tíðina en alls hafa verið skoruð 45 mörk í síðustu 10 leikjum þeirra í Landsbankadeildinni eða 4,5 mörk í leik. 24 af þessum mörkum hafa komið í síðustu fimm leikjum liðanna á heimavelli FH í Kaplakrikanum.

Af þessum 24 mörkum, sem gera rétt tæplega fimm mörk í leik, hafa FH-ingar skorað 15 en Framarar 9. Í fyrra skildu liðin jöfn, 3-3, þar sem Jónas Grani Garðarsson tryggði Fram stig með tveimur síðustu mörkum liðsins en hann er nú hjá FH. **-óój**



**TAKTÍK?** Franz Beckenbauer setur pressuna á Spánverja. NORDICPHOTOS/GETTY

Keisarinn Franz Beckenbauer:

## Spáir Spáni sigri í leiknum

**FÓTBOLTI Franz Beckenbauer spáir Spánverjum sigri í úrslitaleiknum í dag spili þeir eins og þeir gerðu í undanúrslitaleiknum á móti Rússum. Hann býst við skemmtilegum og spennandi úrslitaleik og er mjög ánægður með Evrópukeppnina.**

**„Seinni hálfleikurinn hjá Spáni gegn Rússlandi var besta frammistaðan sem ég hef séð hjá liði síðasta áratuginn. Með samskonar spilamennsku þá myndi spænska liðið vinna öll liði í heimi,“ sagði Beckenbauer á blaðamannafundi.**

**„Þýska liðið hefur ekki sýnt stöðugleika á mótinu en ef þeir spila eins og þeir gerðu á móti Portúgal þá geta þeir orðið Evrópumeistarar. Þetta er tvær miklar fótboltaþjóðir og þetta gæti orðið flottur leikur með fullt af mörkum. Kannski verður jafntefli, framlenging og svo vítakeppni þar sem þýska liðið væri með sterkari taugar,“ sagði Beckenbauer.** - óój



**SVEKKELSI** Michael Ballack gæti misst af öðrum úrslitaleiknum á ferlinum. NORDICPHOTOS/AFP

Lykilmenn liðanna meiddir:

## Villa ekki með - Ballack tæpur

**FÓTBOLTI** Spánverjar verða án David Villa í úrslitaleiknum í kvöld og það gæti einnig farið svo að Michael Ballack, fyrirliði þýska liðsins, verði ekki með vegna kálfameiðsla.

Villa, sem er markahæsti leikmaður keppninnar með fjögur mörk, meiddist eftir aðeins hálftíma leik í undanúrslitunum gegn Rússum og er úr leik.

Ballack hefur ekkert æft með liðinu síðustu daga. Hann hefur leikið vel á mótinu og skorað tvö mörk. Það væri mikið áfall fyrir Ballack að missa af úrslitaleiknum sem yrði hans fyrsti á ferlinum. Fyrir sex árum missti hann af úrslitaleiknum á HM 2002 vegna leikbanns. - óój

Evrópukeppnin 2008:

## Hver verður valinn bestur?

**FÓTBOLTI Góð frammistaða í úrslitaleiknum í kvöld gæti ekki aðeins skilað leikmanni Evrópumeistaratitlinum því enn eiga margir möguleika á því að vera kosnir besti leikmaður mótsins.**

**Fyrirliðarnir, Michael Ballack hjá Þýskalandi og Iker Casillas hjá Spáni hafa spilað stórt hlutverk og eru líklegir. Þjóðverjarnir Bastian Schweinsteiger og Lukas Podolski og Spánverjarnir Fernando Torres, Cesc Fabregas og David Villa koma líka allir til greina en meiðsli þess síðastnefnda hafa nánast tekið hann úr slagnum þótt að hann sé enn markahæstur.** - óój

# Spænska spilið eða þýska þrautseigjan?

### Úrslitaleikur Evrópukeppni landsliða fer fram í Vínarborg í kvöld. Frábærri keppni lýkur þar með uppgjöri tveggja af virtustu knattspyrnuþjóðum heims sem hafa þó átt ólíku gengi að fagna um árin.

**FÓTBOLTI** Spánn og Þýskaland eru einu liðin sem standa eftir í Evrópukeppni landsliða í Sviss og Austurríki og í kvöld leika þau til þrautar um Henri Delaunay bikarinn og sjálfan Evrópumeistaratitilinn.

Þessar tvær miklu knattspyrnuþjóðir eru í ólíkri stöðu þegar kemur að væntingum og að uppfylla þær. Oftar en ekki hafa Spánverjar brugðist öllum væntingum á stórmótum á sama tíma og Þjóðverjar hafa oftast náð miklu lengra en búist var við. Fyrir vikið eru Þjóðverjar að spila sinn þrettánda úrslitaleik á HM eða EM á sama tíma og Spánverjar eru aðeins komnir í úrslitaleik í þriðja sinn. Þetta verður fyrsti úrslitaleikur Spánverja frá 1984 og þeir hafa ennfremur þurft að bíða í 44 ár eftir stórum titli, eða síðan Spánn varð Evrópumeistari 1964. Þjóðverjar hafa unnið þrjá heimsmeistaratitla og þrjá Evrópumeistaratitla og eru að spila sinn sjötta úrslitaleik á HM eða EM síðan 1986.







**HVERJIR HAFA BETUR** Spánverjarnir Cesc Fabregas og Iker Casillas eða Þjóðverjarnir Michael Ballack og Lucas Podolski. NORDICPHOTOS/AFP

### Þetta eru jöfn lið

„Þetta voru frábær úrslit,“ sagði Spánverjinn Xabi Alonso um 3-0 sigurinn á Rússum.

„Vonandi getum við endurtekið þessa frammistöðu og unnið titilinn sem yrði sögulegur sigur fyrir Spán. Hvorugt liðið er samt sigurstranglegra. Þetta eru jöfn lið og það getur allt gerst í úrslitaleik,“ sagði Alonso sem ber mikla virðingu fyrir Þjóðverjum.

„Þeir eru með frábært lið og hafa mikla reynslu. Þeir áttu líka frábært HM fyrir tveimur árum og þó svo að þeir hafi skipt um þjálfara þá hafa þeir haldið sömu línu,“ bætti Xabi Alonso við. Félagi hans hjá Liverpool, framherjinn Fernando Torres er varkár fyrir leikinn. „Þeir kunna að vinna stórmót og þeir kunna að spila svona leiki. Við verðum að fara varlega því þeir eru sigurstranglegri,“ sagði Torres

Þjálfarinn er þó sannfærður um sigur. „Spánn mun vinna þennan leik af því að við erum með betra lið. Við komum inn í þetta mót með það hugarfar að verða Evrópumeistarar. Auðvitað getur samt allt gerst,“ sagði spænski þjálfarinn Luis Aragones sem verður sjötugur á árinu.

### Við kunnum að vinna

Þjóðverjar hafa einnig mikla trú á sínu liði sem hefur unnið tvo 3-2 sigra í röð í útsláttarkeppninni. „Spánn er eina liðið í mótinu sem hefur sýnt stöðugleika. Þeir halda boltanum vel og eru með nákvæmar sendingar. Ég veit samt að við munum spila vel og að þeir bera mikla virðingu fyrir okkar liði. Þeir virða það hvernig við spilum og hvernig við vinnum. Það þarf ákveðna hluti til þess að vinna úrslitaleik og við höfum þá,“ sagði þýski varnarmaðurinn Christoph Metzelder.

„Það vantaði eitthvað hjá okkur 2006,“ sagði þýski miðjumaðurinn Torsten Frings og bætti vð. „Núna ætlum við að koma með eitthvað annað til baka en boli merkta „Danke“,“ sagði Frings en danke þýðir eins og flest allir vita; Takk fyrir.

Leikur Spánverja og Þýskalands hefst klukkan 18.45 í dag og verður hann í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Með honum lýkur frábærri Evrópukeppni sem hefur boðið upp á frábær tilþrif, óvænt úrslit og flottan fótbolta. Nú bíða menn spenntir eftir að sjá hvort hafi betur, spænska spilið eða þýska þrautseigjan einu sinni enn.

ooj@frettabladid.is




| 9. umferð | Landsbankadeild karla | | |
|---|---|---|---|
| sun. 29. júní | Þróttur R. | 14:00 | Valur |
| sun. 29. júní | Grindavík | 16:00 | HK |
| sun. 29. júní | FH | 16:00 | Fram |
| mán. 30. júní | Breiðablik | 19:15 | Keflavík |
| mán. 30. júní | KR | 20:00 | ÍA |
| **8. umferð** | **Landsbankadeild kvenna** | | |
| þri. 1. júlí | Valur | 19:15 | Fylkir |
| þri. 1. júlí | HK/Víkingur | 19:15 | Breiðablik |
| þri. 1. júlí | Fjölnir | 19:15 | KR |
| þri. 1. júlí | Afturelding | 19:15 | Keflavík |



**EFTIRSÓTTUR** Alfreð Gíslason er með samning við Gummersbach til ársins 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Framkvæmdastjórinn hjá Kiel:

## Alfreð er fyrsti kostur hjá Kiel

**HANDBOLTI** Uwe Schwenker, framkvæmdastjóri Kiel, segir Alfreð Gíslason fyrsta kost sem næsti þjálfari þýska stórliðsins.

„Við viljum helst fá Alfreð. Ef við náum saman þá gæti þetta klárast í næstu viku,“ sagði Schwenker í viðtali við þýska blaðið Kieler Nachrichten en hann fullvissar alla um það að það verði allir hjá Kiel ánægðir með næsta þjálfara liðsins, hvort sem það eru leikmenn, stjórnarmenn eða stuðningsmenn.

Meðal annara þjálfara sem hafa verið nefndir til sögu, gangi ekki upp að ráða Alfreð, eru Svíarnir Staffan Olsson (þjálfari Hammarby IF) og Ola Lindgren (þjálfari HSG Nordhorn). Þá er talið líklegt að Stefan Lövgren leikmaður liðsins verði spilandi aðstoðarþjálfari. - óój




**HÖFUNDURINN** Sigurgeir Jónsson með bókina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

70 ára afmæli hjá GV:

## Fyrsta golfsögubókin komin út

**GOLF** Golfklúbbur Vestmannaeyja verður 70 ára á þessu ári en GV er þriðji elsti golfklúbbur landsins á eftir GR og GA.

Íslandsmótið í höggleik mun af þessu tilefni fara fram í Eyjum og nú er komin út glæsileg bók, Saga Golfklúbbs Vestmannaeyja í 70 ár, en þetta er í fyrsta sinn sem golfklúbbur á Íslandi ræðst í slíka útgáfu.

Þetta er fyrsta golfsögubókin á Íslandi og er hún 250 blaðsíður og prýdd fjölmörgum myndum. Höfundurinn Sigurgeir Jónsson, blaðamaður og kennari, vann að bókinni í tvö ár en hún er til sölu hjá GV. Hægt er að nálgast upplýsingar með því að senda tölvupóst á golf@eyjar.is. - óój

Líkur Íslands aukast:

## Fjölgað upp í 24 lið á EM 2016

**FÓTBOLTI** Allar líkur eru nú á því að það verði fjölgað um átta lið í lokakeppni EM og hún verði því með 24 liðum í framtíðinni.

Formenn allra 53 aðildarlanda UEFA styðja þessa breytingu en þeir funduðu með Michel Platini, forseta UEFA, í Vín fyrir úrslitaleikinn sem fram fer í kvöld. Fyrsta úrslitakeppnin með 24 liðum ætti að fara fram árið 2016 en lokaákvörðunin verður tekin hjá framkvæmdanefnd UEFA á fundi þeirra í Bordeaux í Frakklandi í lok september.

Líkur Íslands á að komast í lokakeppnina ættu að aukast verulega með þessu en Ísland er nú 42. besta lið Evrópu samkvæmt styrkleikalista FIFA. - óój

# Eru allar fótboltastelpur út í gegn

Íslenska 16 ára landslið kvenna spilar á heimavelli á Norðurlandamótinu sem hefst á mánudaginn. Íslenska liðið er í riðli með þremur af bestu knattspyrnuþjóðum heims, Þýskalandi, Noregi og Danmörku.

**FÓTBOLTI** Það verður mikil fótboltaveisla á Suðurlandi og Suðurnesjum í næstu viku þegar Ísland heldur Norðurlandamót 16 ára landsliða kvenna.

Á mótinu taka þátt auk Íslands sjö sterkar þjóðir sem eru allar á topp tuttugu á Styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins, þar af fimm þeirra meðal tíu bestu. Hér er því kjörið tækifæri til þess að sjá bestu knattspyrnukonur framtíðarinnar. Riðill Íslands sem inniheldur Þýskaland, Noreg og Danmörku fer fram á Suðurlandi en hinn riðillinn með Svíþjóð, Hollandi, Frakklandi og Finnlandi fer fram á Suðurnesjum.



**FYRIRLIÐARNIR** Heiða Dröfn Antonsdóttir og Berglind Björg Þorvaldsdóttir bregða á leik í myndatökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

### Verður mjög erfitt

„Þetta verður mjög erfitt. Það verður gaman að sjá hvar við stöndum og það er frábært að fá tækifæri til þess að spila á móti þeim. Þessi Norðurlandamót eru gríðarlega sterk þar sem þessar þjóðir sem eru að spila þarna eru eigileg bestu liðin í heiminum. Þetta er því mjög góður undirbúningur hjá okkur fyrir Evrópukeppninna sem fram fer á Ítalíu í október,“ segir Kristrún Lilja Daðadóttir, þjálfari liðsins.

„Við lentum í því í milliriðli Evrópukeppninnar í Danmörku að við vorum að skora flest mörk en fengum að sama skapi á okkur flest mörk líka. Við þurfum því að vinna í varnarleiknum hjá okkur og það verður lögð áhersla á það á þessu móti að allir í liðinu þurfa að spila vörn,“ segir Kristún.



**TÍU MÖRK Í SEX LEIKJUM** Berglind Björg Þorvaldsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Berglind Björg Þorvaldsdóttir, framherji liðsins, var valin í A-landsliðshóp á dögunum og hefur skorað fimm mörk í sjö leikjum í Landsbankadeild kvenna í sumar. Berglind hefur skorað 10 mörk í 6 leikjum fyrir 17 ára landsliðið og er markaskorari af guðs náð.

„Hún er með mjög þroskaðan leikskilning, er greinilega búin að fylgjast mikið með fótbolta og læra af því. Hún er ótrúlega markheppin og nýtir færin sín venjulega mjög vel,“ segir Kristrún um Berglindi.

Miðjumennirnir Arna Sif Ásgrímsdóttir úr Þór Akureyri og Heiða Dröfn Antonsdóttir úr Val hafa einnig náð sér í reynslu með því að spila stórt hlutverk með 17 ára landsliðinu, bæði síðasta haust og í milliriðlinum í vor.

Berglind og Arna Sif eru fastamenn í sínum liðum í Landsbankadeildinni og það eru líka varnarmaðurinn Silvía Rán Sigurðardóttir frá Þór og framherjinn Guðrún Ólöf Olsen úr Keflavík.

### Erfitt að velja liðið

„Það er mikil breidd í þessum árgöngum og ég held að það hafi aldrei verið jafn erfitt að velja í hópinn sem er frábært,“ segir Kristrún sem segir ennfremur að leikmennirnir séu mjög jafnir.

„Það getur verið kostur að vera með mjög jafnt lið því það er oft erfitt að vera með tvær hetjur í liðinu og þurfa síðan að treysta á að þær geri allt,“ segir Kristrún og bætir við. „Það er mikill metnaður hjá þessum stelpum og ég er mjög ánægð með að sjá hvað þær eru óhræddar við að vera fótboltastelpur út í gegn. Þær eru ekkert feimnar við það.“

Kristrún segir oft vera mikinn mun á stelpunum milli fyrstu landsliðsverkefna þeirra og þegar þær snúa síðan aftur reynslunni ríkari.

### Allar saman á hóteli

Landsliðið dvelur allt saman á Hótel Örk á meðan á mótinu stendur og dagskráin er svipuð og ef að liðið væri statt á móti erlendis.

„Það er mjög gott að hafa aðgang að þeim allan sólarhringinn því það eru ekki of margar æfingar sem maður fær með þær. Við náum vonandi með þessu að mynda sterka liðsheild og ná upp stemningu,“ segir Kristrún. Kristrún vonast líka til þess að það verði góð mæting á leiki liðsins.

„Það er frábært að við séum komnar með svona flottar fyrirmyndir í A-landsliðinu. Þar sjá þær að það er allt hægt. Ég vona líka að þetta lið fái góðan stuðning og að fólk komi og styðji við okkur,“ segir Kristrún að lokum.

ooj@frettabladid.is

### ÍSLENSKA LIÐIÐ

| | |
|---|---|
| **Markverðir** | |
| Birna Berg Haraldsdóttir | FH |
| Þórunn Sigurjónsdóttir | Fylkir |
| **Varnarmenn** | |
| Fjolla Shala | Leiknir R. |
| Hanna María Jóhannsdóttir | Fylkir |
| Hulda Sigurðardóttir | Leiknir R. |
| Rebekka Sverrisdóttir | KR |
| Silvía Rán Sigurðardóttir | Þór Ak. |
| **Miðjumenn** | |
| Arna Sif Ásgrímsdóttir | Þór Ak. |
| Ásta Eir Árnadóttir | Breiðabliki |
| Freyja Viðarsdóttir | KR |
| Heiða Dröfn Antonsdóttir | Valur |
| Katrín Ásbjörnsdóttir | KR |
| Katrín Gylfadóttir | Valur |
| Kristín Sverrisdóttir | Þrótti |
| Sigmundína Sara Þorgrímsdóttir | FH |
| Stefanía Valdimarsdóttir | Breiðabliki |
| **Sóknarmenn** | |
| Berglind Björg Þorvaldsd. | Breiðabliki |
| Guðrún Ólöf Olsen | Keflavík |

### LEIKIRNIR Í RIÐLINUM

Ísland-Danmörk á Selfossi
mán 30. júní Kl. 16:00
Ísland-Noregur í Þorlákshöfn
þri 1. júlí Kl. 16:00
Ísland-Þýskaland á Hvolsvelli
fim 3. júlí Kl. 16:00



**16 ÁRA LANDSLIÐ KVENNA** Stelpurnar eru góðir félagar og ætla að gera þetta saman á NM. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hólmar Örn Eyjólfsson samdi við West Ham til þriggja ára og verður ekki með í Grindavík í dag:

# Erfitt að fara frá HK í svona erfiðri stöðu

**FÓTBOLTI** Hólmar Örn Eyjólfsson hefur samið við enska úrvalsdeildarliðið West Ham og hefur leikið sinn síðasta leik með HK í Landsbankadeildinni í sumar. Hólmar skrifar undir samninginn í næstu viku en hann er til þriggja ára.

„Þarna er draumurinn að rætast og það verður skemmtilegt að fá að takast á við þetta verkefni,“ segir Hólmar en þessi félagaskipti eru búin að vera í vinnslu síðan í febrúar. HK og West Ham náðu saman í maí en West Ham hefur síðan verið í viðræðum við Hólmar Örn sem naut góðs af því að faðir hans Eyjólfur Sverrisson hefur þrettán ára reynslu sem atvinnumaður í knattspyrnu.

„Í þessum samningi West Ham við HK þá var klausa um það að ég myndi hætta að spila þannig að ég fengi frí eins og hinir áður en undirbúningstímabilið hæfist. Það er mjög erfitt að fara frá HK sem er mitt uppeldisfélag og sérstaklega að fara frá þeim þegar þeir eru í svona erfiðri stöðu. Ég hefði alveg viljað hjálpa þeim áfram,“ segir Hólmar Örn sem hefur samt trú á Kópavogsliðinu sem er sem stendur í neðsta sæti Landsbankadeildar karla með aðeins 4 stig út úr 8 leikjum. „Þeir redda sér pottþétt,“ segir Hólmar sem ætlar að styðja sína menn í Grindavík í dag.

Hólmar skilur HK þó ekki alveg eftir tómhent því hann er dýrasti leikmaðurinn sem farið hefur frá íslensku liði og HK hefur því fengið góða upphæð fyrir strákinn. Hólmar er hugsaður sem miðvörður eða afturliggjandi miðjumaður en hann hefur verið að spila þær stöður í Landsbankadeildinni bæði í ár og í fyrra.



**EFNILEGUR** Hólmar Örn Eyjólfsson hefur byrjað alla 19 leiki sína í Landsbankadeildinni á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/XXX

„Ég er ekki alveg búinn að mynda mér skoðun á því hvar möguleikar mínir liggja á að komast í aðalliðið. Ég ætla bara að fara út, byrja að æfa og sjá hvar ég stend. Ég ætla að gera mitt besta til þess að komast í hópinn,“ sagði Hólmar að lokum.

Hólmar Örn hefur alls leikið 19 leiki í Landsbankadeildinni og hefur verið í byrjunarliði liðsins í þeim öllum. Hann á að baki 25 leiki fyrir yngri landslið Íslands og náði því að spila fyrir 17, 19 og 21 árs landsliðið í fyrra. - óój

mongoose®




WWW.GAP.IS

GAP

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200• MÁN - FÖS. KL. 9-18.• LAU. KL. 10-16



Götuhjólin frá Mongoose.

> **Ray Winstone**

„Fólk heldur ekki að ég sé geðsjúklingur þó ég hafi leikið þá nokkra. Nú ef svo er þá hlýt ég að vera að standa mig vel í þeim hlutverkum.“ Winstone leikur Hinrik áttunda Englandskonung í samnefndum þætti í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

**ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON Á BÁGT MEÐ SJÓNVARPSÁHORF Í GÓÐU VEÐRI**

## *Nú skil ég þetta með boltann!*



Um daginn var kollegi minn að skrifa þennan sama dálk og setningin „En maður horfir ekki á sjónvarp á sumrin í góðu veðri“ datt út úr mér. Það var fussað og sveiað og útskýrt fyrir mér að sjónvarpsstöðvarnar væru nú einmitt að gera út á þetta sama sumar fyrir konur með alls kyns bleikum átökum og auglýsingabrellum. En ég verð að vera hreinskilin, sjarminn við það að kúra sig í sófanum við skjáinn hefur alveg horfið þegar maður horfir út um gluggann og sólin skín á heiðbláum himni klukkan tíu um kvöld. Þá líður manni eins og börnunum sem er sagt að fara út að leika og maður fer út að leika. Miklu skemmtilegra að hitta fólk á fögrum sumarkvöldum heldur en að hanga inni yfir einhverri bandarískri vitleysu. Ég hef sennilega verið síðasta manneskjan á landinu sem einhverjum gæti dottið í hug að bendla við fótbolta, en þegar kemur að heimsmeistarakeppnum og Evrópumeistarakeppnum þá set ég samasemmerki milli þeirra og sumarleyfisins. Auðvitað hlýtur hver heilvita manneskja að sjá að eina sjónvarpsefnið með viti þegar vel viðrar er auðvitað slíkir spennuþrungnir fótboltaleikir! Þá er hægt að sitja í góðra vina hópi með nokkra bjóra í hönd, jafnvel á skemmtilegum pöbb og jafnvel utandyra! Og þrátt fyrir að ég kunni örugglega lítið að meta listrænt gildi fótboltaíþróttarinnar heilögu þá hef ég gaman af að æpa fyndin útlensk eftirnöfn og halda með löndum sem ég fíla þann daginn. Schweinsteiger fékk stig frá mér bara af því að hann er með svo svalt og sérlega þjált nafn. Hver elskar ekki þýsku. Sumsé, ótrúlegustu hlutir geta greinilega gerst, meðal annars að ég hafi breyst í fótboltabullu í tvær vikur.

### EKKI MISSA AF



▶ **15.45** Landsbankadeildin 2008 FH-FRAM Beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** Pussycat Dolls Present. Girlicious STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30** The Good Girl SKJÁREINN



▶ **21.30** Hinrik áttundi (Henry VIII) SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Women's Murder Club STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Nýi skólinn keisarans og Sígildar teiknimyndir.

**09.37 Fínni kostur** (1:12)

**09.59 Fræknir ferðalangar**

**10.23 Hjálp, ræningjar!** (3:3) (e)

**10.55 Dagpabbarnir** (Daddy Day Care)

**12.30 Útlegð** (Exile) Bandarísk fjölskyldumynd um 15 unglinga í námsferð í útlöndum sem þurfa að læra að bjarga sér þegar þeir verða strandaglópar á eyðieyju við Malasíu.

**14.00 Morricone stjórnar Morricone**(e)

**15.45 Danmerkurleiðangurinn** (e)

**16.45 Táknmálsfréttir**

**17.00 EM 2008 - Upphitun**

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun**

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá úrslitaleik í EM í fótbolta.

**20.45 Fréttayfirlit**

**20.55 EM 2008 - Samantekt**

▶**21.30 Hinrik áttundi** (Henry VIII)(2:2) Bresk sjónvarpsmynd um 38 ára stormasama valdatíð Hinriks áttunda. Aðalhlutverk: Ray Winstone, Joss Ackland, Charles Dance, Helena Bonham Carter og Assumpta Serna.

**23.05 Makleg málagjöld** (Raid) Finnsk spennumynd um tilraun svissneskra fjárglæframanna til að sölsa undir sig finnsku orkuveituna með dyggri aðstoð iðnaðarráðherrans.

**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Field of Dreams**

**10.00 Doctor Dolittle 3**

**12.00 The Ringer**

**14.00 Field of Dreams**

**16.00 Doctor Dolittle 3**

**18.00 The Ringer**

**20.00 Be Cool** Sjálfstætt framhald kvikmyndarinnar Get Shorty með John Travolta, Danni DeVito, Vince Vaughn, Uma Thurman og Cedric The Entertainer í aðalhlutverkum.

**22.00 Sleeping with The Enemy**

**00.00 Missing**

**02.00 Ararat**

**04.00 Sleeping with The Enemy**

**06.00 Wall Street**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Ofurhundurinn Krypto og Fífí.

**08.00 Algjör Sveppi Sveppi** vaknar allar helgar klukkan átta og sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

**09.35 Tommi og Jenni**

**10.00 Kalli litli kanína og vinir**

**10.20 Draugasögur Scooby-Doo** (11.13)

**10.45 Justice League Unlimited**

**11.10 Ginger segir frá**

**11.35 Bratz**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Neighbours**

**12.50 Neighbours**

**13.10 Neighbours**

**13.30 Neighbours**

**13.50 Neighbours**

**14.15 America's Got Talent** (9:12)

**15.20 Primeval** (4:6)

**16.20 The New Adventures of Old Christine** (11:22)

**16.55 60 minutes**

**17.45 Oprah**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.10 Derren Brown. Hugarbrellur** Sjónhverfingameistarinn Derren Brown heldur áfram að beita fórnarlömb sín ótrúlegum hugarbrellum og sýna fram á að vegir hugarins eru órannsakanlegir.

**19.35 Life Begins** (1:6)

**20.25 Monk** (11:16) Monk aðstoðar lögregluna við lausn sérkennilegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.

▶**21.10 Women's Murder Club** (3:13) Fjórar vinkonur sem hafa mestan áhuga á slúðri og sakamálum. Þær gegna ólíkum störfum og þá nýtist vináttan vel því allar vinna þær við morðrannsóknir.

**21.55 The Riches** (4:7) Svikahrappar af hjólhýsakyni sem hafa lifað sem sígaunar allt sitt líf, söðla rækilega um og setjast að í venjulegu úthverfi.

**22.45 Wire** (2:13)

**23.40 Cashmere Mafia** (2:7)

**00.25 Bones** (13.15)

**01.10 Iron Jawed Angels**

**03.10 Monk** (10:16)

**03.55 Women's Murder Club** (3:13)

**04.40 Life Begins** (1:6)

**05.30 Derren Brown. Hugarbrellur**

**05.55 Fréttir**

### 2 SPORT *besta sætið*

**09.30 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**10.00 PGA Tour 2008** Útsending frá Buick Open í golfi.

**13.00 Kaupþings mótaröðin 2008** Fjallað um Kaupþingsmótið sem haldið var á Akranesi fyrr í sumar en þar sýndu listir sínar knattspyrnukappar af yngstu kynslóðinni.

**14.45 Landsbankamörkin 2008** Sýnt frá þriðja móti sumarsins á Kaupþingsmótaröðinni í golfi.

**14.00 Sumarmótin 2008** Fjallað um Kaupþingsmótið sem haldið var á Akranesi fyrr í sumar en þar sýndu listir sínar knattspyrnukappar af yngstu kynslóðinni.

**14.45 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

▶**15.45 Landsbankadeildin 2008** FH - Fram Bein útsending frá leik í Landsbankadeild karla.

**18.00 Kraftasport 2008** Sýnt frá keppninni um Sterkasta mann Íslands.

**18.35 Inside the PGA** Skyggnst bak við tjöldin og tímabilið framundan skoðað.

**19.00 PGA Tour 2008** Bein útsending frá lokadegi Buick Open í golfi.

**22.00 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

**22.40 Landsbankadeildin 2008** FH - Fram

### 2 SPORT 2

**17.45 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**18.15 PL Classic Matches**

Liverpool - Manchester Utd, 00/01. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**18.45 PL Classic Matches**

Southampton - Liverpool, 00/01.

**19.15 Bestu leikirnir**

Man. Utd. - Chelsea

**21.00 EM 4 4 2**

**21.30 10 Bestu - Sigurður Jónsson**

Fimmti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**22.20 Bestu leikirnir**

Newcastle - Tottenham

**00.05 EM 4 4 2**

### SKJÁREINN

**10.45 Vörutorg**

**11.45 Dr. Phil** (e)

**15.30 The Biggest Loser** (e)

**17.00 The Real Housewives of Orange County** (e)

**17.50 Age of Love** (e)

**18.40 How to Look Good Naked** Bandarísk þáttaröð þar sem Carson Kressley hjálpar konum með lítið sjálfsálit að hætta að fyrirlíta líkama sinn og dást að lögulegum línunum. (e)

**19.10 The IT Crowd** Tölvunördarnir Moss og Roy eru ekki mjög vinsælir hjá vinnufélögunum og þykja best geymdir í kjallaranum. En lífið í tölvudeildinni breytist þegar kona sem kann ekkert á tölvur er ráðin sem yfirmaður deildarinnar. (e)

**19.40 Top Gear - Best of** Vinsælasti bílaþáttur Bretlands, enda með vandaða og óháða gagnrýni um allt tengt bílum og öðrum ökutækjum.

**20.40 Are You Smarter than a 5th Grader?** Spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunnskólabarna en þær geta vafist fyrir þeim fullorðnu.

▶**21.30 The Good Girl** Dramatísk mynd með Jennifer Aniston og Jake Gyllenhaal í aðalhlutverkum. Aniston leikur þrítuga kassastúlku í stórmarkaði sem er orðin dauðleið á innihaldslausu lífi, steingeldu starfi og hundleiðinlegu hjónabandi. Hún telur sig sjá ljós í myrkrinu er hún stofnar til ástarsambands með ungum vinnufélaga.

**23.05 Damaged Care** Dramatísk mynd frá árinu 2002. Dr. Linda Peeno lagði læknastarfið til hliðar á meðan hún var að koma upp fjölskyldu. Nú snýr hún aftur út á vinnumarkaðinn en kemst fljótt að því að ekki er allt með felldu hjá nýja vinnuveitandanum og siðlausar vinnuaðferðir gætu kostað fólk lífið. Aðalhlutverkin leika Laura Dern, James LeGros og Suki Kaiser.

**00.35 Secret Diary of a Call Girl** (e)

**01.05 Vörutorg**

**02.05 Óstöðvandi tónlist**

### N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku.** Endurtekið á klst. fresti.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Blaðberinn bíður þín

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.35**

### Life Begins



Þriðja þáttaröð þessa rómaða, breska þáttar úr smiðju höfunda Cold Feet. Þættirnir fjalla á ljúfsáran og gamansaman hátt um líf Maggie Mee og fjölskyldu hennar. Maðurinn hennar, Phil, fór frá henni og það tók hana langan tíma að jafna sig. Hún kynntist þó Paul, góðum manni, og það leit allt út fyrir að þau myndu ná saman. Þá fékk Phil, fyrrverandi eiginmaður hennar, bakþanka og vildi koma aftur heim. Þriðja þáttaröðin hefst þegar Meehjónin hafa tekið saman aftur og virðist sem allt sé fallið í ljúfa löð. Maggie er þó ekki sama kona og hún var og margt hefur breyst.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Úrslitaleik EM Beint**

**Sjónvarpið kl. 18.45**

Það eru Þýskaland og Spánn sem leika til úrslita í EM í fótbolta. Þorsteinn J. stjórnar upphitun sem hefst kl. 17.00 og samantekt úr leik dagsins kl. 20.55.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Tónlistargrúsk
**09.03** Framtíð lýðræðis
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Útvarpsleikhúsið: Hræðilega fjölskyldan
**11.00** Guðsþjónusta í Grensáskirkju
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Listin og landafræðin
**14.00** Loftbelgur
**14.30** Lostafulli listræninginn
**15.00** Flækingur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Saga til næsta bæjar
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Af minnisstæðu fólki
**20.00** Leynifélagið
**20.25** Tónleikur
**21.10** Á hestaslóð
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Umhverfis jörðina
**23.10** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.00 Hollyoaks**
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**18.00 Seinfeld** (15:22)
**18.30 Seinfeld** (16:22)
**19.00 Seinfeld** (15:22)
**19.30 Seinfeld** (16:22)
**20.00 Pussycat Dolls Present. Girlicious** (4:10) Hljómsveitin Pussycat Dolls er vinsæl úti um allan heim. Nú á að stofna systrahljómsveit Pussycat Dolls sem mun heitir Girlicious og í henni eru þrjár hæfileikaríkar og gullfallegar stúlkur. Fimmtán stúlkur af þeim þúsundum sem sóttu um munu keppa um þessi þrjú eftirsóttu pláss og án efa verður keppnin hörð, slúður, prímadonnustælar og önnur slík skemmtilegheit.
**20.45 Twenty Four 3** (5:24) Jack freistar þess að frelsa Salazar. CTU er komið fast á hæla Kyle og það verður æ erfiðara fyrir Jack að leyna fíkn sinni.
**21.30 American Dad** (15:19)
**22.00 Entourage** (12:20)
**22.30 Seinfeld** (15:22)
**22.55 Seinfeld** (16:22)
**23.20 Seinfeld** (15:22)
**23.45 Seinfeld** (16:22)
**00.10 Comedy Inc.** (21:22)
**00.35 Sjáðu**
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Doctor Who **11.45** Doctor Who Confidential **12.00** Doctor Who **12.45** Doctor Who Confidential **13.00** Ballykissangel **14.00** The Vicar of Dibley **14.30** The Vicar of Dibley **15.00** The Vicar of Dibley **15.30** The Vicar of Dibley **16.00** The Vicar of Dibley **16.30** The Vicar of Dibley **17.00** The Vicar of Dibley **17.30** The Vicar of Dibley **18.00** The Vicar of Dibley **18.30** The Vicar of Dibley **19.10** The Vicar of Dibley **19.50** The Vicar of Dibley **20.30** The Vicar of Dibley **21.10** Top Gear Xtra **22.00** Top Gear Xtra **23.00** Top Gear Xtra **0.00** The Vicar of Dibley

## DR 1

**9.00** Globalisering **9.30** Når bundlinjen bløder **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boxen 10.25 OBS **10.30** Speedway: Storbritanniens Grand Prix **12.00** Det lille hus på prærien **13.00** Dansk Galop Derby **14.35** OBS **14.40** Landsbyhospitalet **15.30** Bamses Billedbog **16.00** Et dejligt hundeliv **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Kløvedal i Kina **18.00** Rejseholdet **19.00** 21 Søndag **19.40** SportNyt **19.50** Beck - Annoncemanden **21.20** Mørkets gerninger

## NRK 1

**8.00** H2O 8.30 Dyreklinikken **9.00** Singelfestival **10.00** Prinsesse på vei: Et portrett av Marie Cavallier **11.00** NRKs sportssøndag **12.55** Motorsport: STCC **13.45** Verdensserien i sandvolleyball, Stavanger **15.15** EM rallycross **16.00** Barne-tv **16.25** Herr Hikke **16.30** Tett på dyrene **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.50** Med lisens til å sende: Avgjørende øyeblikk **18.20** Millionær i forkledning **19.10** Kavanagh **20.25** Stavanger kulturby 2008 **21.00** Kveldsnytt **21.20** NM sykkel i Bergen: fellesstart **21.50** Autofil **22.20** Gazproms verden **23.15** Uka med Jon Stewart **23.40** Norsk på norsk jukeboks

## SVT 1

**9.15** Mitt i naturen **9.45** Sommartorpet **10.15** I trädgården med Camilla Plum **10.50** Motorsport: VM i speedway **11.35** Talarna i 24 Direkt **12.35** Hollywoodredaktionen **13.00** Esa-Pekkas önskekonsert **14.00** Wallenbergs **15.00** Teknikens fantaster **15.50** Ur Jorden **16.00** Anki och Pytte **16.30** Sagoberättaren **17.00** Hundkoll **17.30** Rapport **18.00** Sportspegeln **18.45** Innan solen går upp **19.00** Baronessan **19.25** Cowgirl **19.30** Mia och Klara **20.00** Muslim i Europa **20.30** En svensk berättelse **21.00** Rapport **21.10** I sinnets våld **22.10** På luffen i Norden **22.35** Sändningar från SVT24




## HVAÐ SEGIR MAMMA



*„Ég er mjög stolt af henni. Hún er baráttukona. Hún er mjög tapsár og það er ekki hægt að ræða leikinn við hana, hún vill helst bara loka sig af. En hún fer af fullum krafti í hvern leik. Númer eitt, tvö og þrjú er að vinna leikinn.“*

Guðrún Valdís Arnardóttir, móðir Söru Bjarkar Gunnarsdóttur, landsliðskonu, en Sara skoraði fyrsta mark Íslendinga gegn Grikkjum á fimmtudag.

## HIN HLIÐIN RAGNHEIÐUR KÁRADÓTTIR MYNDLISTARKONA OG GALLERÍREKANDI

# Sumarið er tími fyrir lautarferðir

**Hvað er að frétta?**
Allt gott að frétta, mikið að gera, mikil sól og lautarferð í aðsigi.
**Augnlitur:** blár.
**Starf:** Myndlistarmaður og rek einnig Gallerí Íbíza Bunker með Sigríði T. Tulinius.
**Fjölskylduhagir:** Er í sambandi.
**Hvaðan ertu?**
Ég er fædd og uppalin í Reykjavík og hef búið í sama húsi í miðbænum alla ævi fyrir utan þann tíma sem ég hef búið erlendis.
**Ertu hjátrúarfull?**
Nei, alls ekki, að einu undanskildu: ég naglalakka mig aldrei áður en ég fer út að skemmta mér því ég er sannfærð um að þá verði kvöldið leiðinlegt.
**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Í augnablikinu er það Desperate Housewifes og Secret Rulers, sem fjallar um samsæriskenningar.
**Uppáhaldsmatur:** Mexíkóskur og taílenskur matur. Ég varð háð grænmetis burrito eftir að hafa búið í San Fransisco og núna fæ ég ekki nóg af chili í taílenskum mat.
**Fallegasti staðurinn:** Hrísey.
**iPod eða geislaspilari:** iPod.
**Hvað er skemmtilegast?**
Í sumar er skemmtilegast að fara í lautarferð með gott nesti og góðan félagsskap.
**Hvað er leiðinlegast?**
Að vaska upp.
**Helsti veikleiki:** Þrjóska.
**Helsti kostur:** Ég er mjög ákveðin.
**Helsta afrek:** Að opna Gallerí Íbíza Bunker.
**Mestu vonbrigðin:** Að eiga ekki hund.
**Hver er draumurinn?**
Að geta lifað á listinni.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?**
Jóhanna vinkona mín. Hún er stórskemmtileg og kann að hafa það gaman.
**Hvað fer mest í taugarnar á þér?**
Hvað allt er ótrúlega dýrt á Íslandi og þá sérstaklega matur.
**Hvað er mikilvægast?**
Að standa með sjálfri sér og njóta dagsins í dag.






**SPILAR FYRIR VINNANDI STÉTTIR** Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari sækir vinnustaði heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Flautuleikur í vinnunni

**Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari býður vinnustöðum upp á ókeypis tónleika í júní og júlí í samstarfi við Hitt húsið. Hafdís vann líka við skapandi sumarstörf í fyrrasumar með píanóleikaranum Kristjáni Karli Bragasyni. „Í fyrra buðumst við til að spila í heimahúsum en núna langaði mig að prófa vinnustaði í Reykjavík. Ég er reyndar bara búin að fara á einn vinnustað en fer á tvo í dag. Ég hef fengið mjög góð viðbrögð.“**

**Hún segir tónleikana tilbreytingu. „Það var almenn ánægja meðal fólksins að fá smá uppbrot í vinnudaginn. Seinast spilaði ég í matartímanum, en í dag held ég bara litla tónleika. Ég vil frekar gera það. Þá getur fólk hvílt sig og hlustað betur.“ Hún spilar alls konar sólótónlist; barokk, klassík, tuttugustu aldar tónlist, argentísk og japönsk verk.**

**Hafdís segir klassíska tónlist í sókn, sem sést á fjölda tónleikaraða og ungs hæfileikaríks fólks sem menntar sig í klassík, heima og heiman. Sjálf lærir hún í Frakklandi. Hún telur áhuga á klassískri tónlist þar útbreiddari en hér. „En Íslendingar eru að sækja í sig veðrið.“**

**Meðfram vinnustaðatónleikunum er Hafdís að spila í kirkjum og listasöfnum, en stefnir út á landsbyggðina þegar skapandi sumarstarfinu lýkur í ágúst. Hægt er að bóka tónleika með tölvupósti á hafdisvaff@hotmail.com.** -kbs

## VILLI NAGLBÍTUR: FRAMÚRSTEFNULEG HUGMYND VAR SAMÞYKKT

# Tattúfólk úr bingóþætti Villa naglbíts ber húðflúr sitt enn með stolti

Veturinn 2004 sá Villi Naglbítur um bingóþátt á Skjá einum. Auk þess að spila bingó í beinni bauð Villi upp á þann möguleika að fólk gæti valið sér dót og fengið það ef það húðflúraði mynd af því á sig. Mörg hundruð manns sóttu um en aðeins fáir komust að í þáttunum sem voru gerðir.

„Þetta var fyrsta tattúið mitt og kom eiginlega af stað hálfgerði fíkn hjá mér,“ segir Ingi Einar Jóhannesson. „Ég hef fengið mér tattú árlega í afmælisgjöf síðan.“

Ingi lét flúra forláta Guild Bluesbird gítar á úlnliðinn á sér. „Síðan hef ég fengið mér tvo gítara í viðbót og látið flúra myndir af þeim báðum megin við fyrsta gítarinn. Ég vildi ekki skilja hina gítarana útundan, enda eru þeir miklar tilfinningaverur þessir gítarar. Á hinum úlnliðum eru svo komnir upphafsstafir fjölskyldumeðlima svo ég gleymi ekki hvað þeir heita.“

Sambýlingarnir Þórður Sigmundsson og Birna Baldursdóttir sem búa á Akureyri mættu hvort í sinn þáttinn og fengu tattú á ökklann. Þórður fékk sófa en Birna sjónvarp. „Þetta er ótrúlega fínn sófi og það er alls engin eftirsjá. Þetta er besta tímakaup sem ég hef haft,“ segir Þórður. „Sjónvarpið er reyndar farið að láta á sjá og við erum alltaf á leiðinni með að láta fjarlægja tattúið af Birnu. Ég er alltaf í sokkum svo þetta böggar okkur ekkert en svona lagað gengur ekki á kvenfólki. Við vorum búin að panta tíma í Domus Medica til að láta fjarlægja sjónvarpið með leysimeðferð en komumst svo ekki suður.“

Umsjónarmaðurinn Villi segir að eitt fallegasta augnablikið í sögu þáttanna hafi verið þegar Guðni Hjörvar Jónsson, þá leikmaður hjá Snerti á Kópaskeri, lét húðflúra á sig fótboltamark til að fá mörk á völlinn norður á Kópaskeri.

„Ég fékk eitt mark á hægri kálfann en fékk sem betur fer tvö alvöru mörk norður enda hefðum við lítið haft að gera með bara eitt mark,“ segir Guðni. „Mörkin eru ennþá á vellinum eftir því sem ég best veit en sjálfur er ég fluttur suður. Snörtur er ekki að spila í neinni deild, en menn eru eitthvað að leika sér samt. Markið minnir mig á góða tíma á Kópaskeri og það er gott til þess að vita að mörkin séu til staðar fyrir krakkana.“

„Hugmyndin kom nú upp úr algjörum misskilningi af því að ég er svo lélegur í dönsku,“ segir Villi. Hann fékk þessa framúrstefnulegu hugmynd eftir að hafa horft á danskan bingóþátt. „Þar var einhver sem vann sófa og var að fá sér tattú á sama tíma, en ég tengdi þetta svona saman. Það hristu allir hausinn yfir hugmyndinni fyrst en svo var hún bara samþykkt. Mér skilst að það þyki töff í dag að vera með svona skrítin tattú í staðinn fyrir eitthvað træbal-rugl. Sjálfur er ég ekki með neitt tattú.“

gunnarh@frettabladid.is



**OG ÞAÐ VAR MARK!** Guðni Hjörvar Jónsson reddaði Kópaskeri mörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**MISSKILDI DANSKAN BINGÓÞÁTT** Villi Naglbítur fékk tattú-hugmyndina samþykkta.



**ÞRÍR GÍTARAR** Inga Einari Jóhannessyni þykir vænt um fjalirnar sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


OPNUNARTILBOÐ



Skeljar 199,000,-
Eigum gríðalegt úrval af rafmagnspottum!
Opið í dag frá 12 - 18
Arctic Spas
Arctic Spas • Kleppsvegi 152 • 104 Reykjavík
Heitirpottar.is • sími 554 7755


# Stuttmynd Hermanns fer víða

Stuttmyndin Dog, eftir Íslendinginn Hermann Karlsson, er nú sýnd á kvikmyndahátíðinni í Los Angeles. Önnur stuttmynd, sem hann gerði ásamt meðeiganda sínum í fyrirtækinu Igloo Animations, var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Edinborg í gær. Hermann hefur verið búsettur ytra undanfarin ár, en hann lauk mastersnámi í animation frá Edinburgh College of Art í desember 2006. „Ég stofnaði svo Igloo í febrúar með skólabróður mínum, Trevor Courtney,“ útskýrir Hermann.

Stuttmyndin Dog, sem fjallar um dauða hunds, var hluti af mastersnámi Hermanns, en hún hefur farið ansi víða að undanförnu. Dog var sýnd á kvikmyndahátíðinni í Reykjavík í fyrra, fór á Sundance hátíðina, á Annecy, helstu animation-hátíð í heimi, og er nú í Los Angeles, svo eitthvað sé nefnt. Í gær sýndu Hermann og Trevor svo stuttmynd sína The Right to Privacy á kvikmyndahátíðinni í Edinborg, og er hún hluti af heimildarmyndaseríunni The New Ten Commandments, sem Alice Nelson leikstýrir. „Það er tíu mynda sería, þar sem við teiknum einn hluta. Það tók alveg um tvo og hálfan mánuð að vinna hana. Ég hef ekki enn séð endanlega útgáfu af myndinni, svo það verður spennandi,“ segir Hermann.

Igloo Animations tekur að sér ýmiss konar verkefni, bæði við „animation“, gerð svokallaðra „story-board“ og fleira, auk þess sem Hermann og Trevor gera sínar eigin myndir. „Það er margt í bígerð, sem ég get varla sagt frá núna. Við erum til dæmis í hugmyndavinnu fyrir teiknaða senu í amerískri bíómynd,“ segir Hermann leyndardómsfullur. - sun



**ANIMATION-MEISTARI** Hermann Karlsson fór í mastersnám í animation til Edinborgar, þar sem hann rekur nú fyrirtækið Igloo Animations. MYND/HERMANN KARLSSON






*Passion Slide Back*



*Passion Continental*



*Passion Box*

Hægt er að velja úr fjölmörgum útgáfum af fótum og áklæði fyrir rúmin frá Passion



PASSION

DÖNSK HÖNNUN · DÖNSK GÆÐI

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag.

Dýnan býður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt.

Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.

Úrval af glæsilegum hæginda-stólum og hægindasófum með rafdrifnum stillingum. Náttborð og rúmgaflar í miklu úrvali.



hönnun: www.origami-art.net

**LÚR - BETRI HVÍLD**
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán–fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




## BAKÞANKAR


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar


# *Unglingarnir og háþrýstidælan*

Einhverra hluta vegna átti ég vanda til að hugsa fyrst um unglinga þegar spekingslegar umræður um siðferði manna voru að nálgast þá niðurstöðu að heimur versnandi færi. Ofurölvun, eiturlyfjaneysla, slagsmál og önnur svört iðja sem fá menn til að missa trúna á mannkynið voru samofnar tiltrú minni á unglingum. En nú verður mér ávallt hugsað til háþrýstidælunnar hans pabba þegar unglingar eru vændir um að leiða okkur í siðferðilegar ógöngur.

**ÞANNIG** er mál með vexti að karl faðir minn keypti sér fyrir nokkru nýja háþrýstidælu. Hann var afar stoltur þegar hann bar þetta vopn í fyrsta sinn í baráttunni við mosann á stéttinni. En þegar hann hefst handa skekur jarðskjálfti Suðurlandið og hristir hressilega híbýli á höfuðborgarsvæðinu. „Hvað ertu að gera, Eyjólfur?“ spyr þá nágrannakona hans ásakandi meðan hús hennar hristist til.

**ÉG VAR** reyndar nokkuð stoltur af þeim gamla því ég hafði lesið það í Íslendingasögum að mikið þótti til manna koma sem stukku hæð sína aftur á bak og áfram í fullum herklæðum, höndluðu sverð með svo skjótum hætti að svo virtist sem tvö væru á lofti. En enginn þessara manna gat þó staðið með vopn sitt í túninu heima og hrist híbýli nágrannans. Reyndar var þá lengra á milli húsa.

**ÞÓRODDUR** Bjarnason, prófessor við Háskólann á Akureyri, kynnti nýlega rannsókn um hegðun og viðhorf unglinga sem er til vitnis um það að þeir virðast jafnvel skynsamari en þeir sem eldri eru. En þeir eru oft hávaðasamir enda kraftmiklir og vissulega geta þeir farið illa út úr því ef þeir beita þessum kröftum sínum í eitthvert klámhögg. En það eru ekki þeir sem standa að innflutningi eiturlyfja sem véla menn til flestra þeirra ódæðisverka sem viðgangast hér á landi. Sá svarti heimur er ekki mótaður af unglingum þó hann standi þeim opinn. Þar að auki eru unglingar að feta sín fyrstu spor í menningarheimi sem mótaður hefur verið í kringum áfengisneyslu. Hefur hann tekið miklum stakkaskiptum frá dögum Egils Skallagrímssonar sem fór illa með áfengi sjö ára gamall.

**UNGLINGARNIR** og háþrýstidælan hans pabba eiga það því sameiginlegt í mínum huga að vera kraftmikil og hávaðasöm þegar svo ber undir. Og kannski þess vegna hefur þeim verið kennt um verk sem mun stærri og meiri öfl eru höfundar að.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er sunnudagurinn 29. júní, 182. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.03 | 13.31 | 23.58 |
| Akureyri | 1.44 | 13.15 | 0.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





Fíton/SÍA

Eitthvað fyrir alla!

London
Chessington
Royal Air Force Museum
British Museum
The London Eye

Kaupmannahöfn
Tívolí
Dyrehavsbakken

Billund
Lególand
Løveparken

Gautaborg
Liseberg

Stokkhólmur
Skansen

París
Disneyland Park

Basel
Dýragarðurinn

Friedrichshafen
Ravensburger Spieleland

Berlín
Dýragarðurinn

Alicante
Terra Mitica

Barcelona
Sólarstrendur
PortAventura

Frankfurt Hahn
Wild- und Freizeitpark Klotten
Phantasialand

Varsjá
Ostrogski-höllin
Fantasy-garðurinn

Farðu út að leika með krökkunum!

Evrópa fyrir alla fjölskylduna
Iceland Express býður flug til 14 áfangastaða í Evrópu. Skemmtigarðar, fróðleg söfn, dýragarðar, fjölskylduvæn veitingahús – og eins og alltaf fá börn **helmingsafslátt!*** Barnabox með léttri máltíð, litabók og litum stytta svo ungum ferðalöngum stundir á leiðinni.
Bókaðu ævintýralega fjölskylduferð á betra verði á **www.icelandexpress.is**

* Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is